allt
GEORG ÖGMUNDSSON
*Keppir í aflraunum erlendis*
• heilsa • brúðkaup
Í MIÐJU BLAÐSINS



PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON
*Spennir beltin*
ÆTLAR EKKI AÐ KASTA PÍLUM Í FÓLK
FÓLK 34



Hagstæðasta bílalánið
FRJÁLSI


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16 ágúst 2005 - 219. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


# Átakafundur Vinstri grænna sleit samstarfi um R-listann

**Vinstri grænir samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta að bjóða fram undir eigin merkjum í næstu borgarstjórnarkosningum. Borgarfulltrúar flokksins voru hvor á sinni skoðun. Árni Þór Sigurðsson vildi framboð í nafni Vinstri grænna en Björk Vilhelmsdóttir vildi halda R-listasamstarfinu áfram.**

**STJÓRNMÁL** Vinstri grænir slitu R-listasamstarfinu á átakafundi í gærkvöld og ákváðu að bjóða fram undir eigin merkjum í borgarstjórnarkosningunum næsta vor. Tillaga þessa efnis var samþykkt með 68 atkvæðum gegn 28, tvö atkvæði voru auð eða ógild.

Heitar umræður urðu á fundinum og sá fundarstjóri ástæðu til að biðja menn að sýna kurteisi og gæta virðingar vegna óheppilegs orðavals eins fundarmanna í ræðupúlti. Tvær tillögur um dagskrárbreytingu voru bornar upp. Þegar þrettán félagsmenn voru enn á mælendaskrá var stungið upp á því að þegar yrði gengið til atkvæða milli tveggja tillagna um hvernig skyldi staðið að framboðsmálum. Það var samþykkt og þegar gengið til atkvæða.

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavík lagði fram tillögu um að hafinn yrði undirbúningur að framboði í eigin nafni fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Annar borgarfulltrúa flokksins, Árni Þór Sigurðsson, lagði áherslu á að þessi leið yrði farin. „Ég lít svo á að Reykjavíkurlistinn hafi ekki verið stofnaður til að vera eilíft fyrirbæri,“ sagði Árni Þór.

Hinn borgarfulltrúinn, Björk Vilhelmsdóttir, lagði í máli sínu áherslu á að með því að slíta R-listasamstarfinu væru Vinstri grænir að bjóða frjálshyggjunni heim sem raunverulegum valkosti á móti félagshyggjunni, hættan væri meiri en nokkru sinni áður að Sjálfstæðisflokkurinn tæki völdin í borginni. Hún lagði fram tillögu um að Vinstri grænir tækju þátt í prófkjöri með Samfylkingu og Framsóknarflokki fyrir áframhaldandi framboð Reykjavíkurlistans. Þetta er sama tillaga og ákveðið hafði verið að leggja fram á fundum Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins. - hb



**RÆTT SAMAN Í UPPHAFI FUNDAR** Björk Vilhelmsdóttir og Árni Þór Sigurðsson ræða hér saman í upphafi fundar.



**HLAUPIÐ FRAMHJÁ BRENNANDI GIRÐINGU** Ungur ísraelskur landtökumaður hleypur hér framhjá girðingu meðfram landnemabyggðinni Neve Dekalim. Kveikt hafði verið í henni til að halda aftur af Ísraelsher. Margir íbúar landnemabyggðanna neita að hverfa á brott þrátt fyrir skipun ísraelskra stjórnvalda um að yfirgefa Gaza. Sjá síðu 4

Íraksþing veitir stjórnmálaleiðtogum sínum lengri frest:

## Írökum tókst ekki að semja um stjórnarskrá

**BAGDAD, AP** Írökum mistókst að semja texta stjórnarskrár sinnar fyrir 15. ágúst eins og þeir höfðu einsett sér. Þeir ætla að reyna til þrautar að ná samkomulagi fyrir 22. ágúst.

Á miðnætti rann út fresturinn til að semja stjórnarskrá án þess að sátt næðist um inntak hennar. Íraksþing kom saman seint í gærkvöld, eftir að fundi þess hafði verið frestað fyrr um daginn, og ákvað að veita leiðtogum sjía, súnnía og Kúrda vikufrest til viðbótar.

Leiðtogarnir höfðu raunar náð bráðabirgðasamkomulagi um nokkur mikilvæg atriði í gær, til dæmis hvernig tekjum af olíusölu yrði ráðstafað og hvert nafn landsins yrði. Eins og margir höfðu spáð fyrir um tókst hins vegar ekki að leysa ágreining um hvort skipta ætti Írak upp í sambandsríki, stöðu kvenna, hlutverk íslams og hvort Kúrdar ættu að fá enn meira sjálfstæði. Þeir höfðu lagt til að Kúrdistan yrði hluti af Írak næstu átta árin en þá yrði staða héraðsins endurskoðuð. Þessu lögðust hins vegar sjíar og sérstaklega súnníar gegn.

Atburðarás síðustu daga þykir sýna að öll þjóðarbrotin í Írak vilja raunverulega ná sem víðtækastri sátt um stjórnskipun landsins. Hins vegar sýnir hún jafnframt að enn ríkir sundrung á meðal þjóðarinnar um hvernig haga beri stjórn Íraks í framtíðinni. - shg

Lögreglukona á frívakt:

## Sneri þjóf niður

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Lögreglukona á frívakt sneri niður þjóf á veitingastaðnum American Style í gærkvöld. Þjófurinn reyndi að stela veski af ófrískri konu en var fljótt snúinn niður af lögreglukonunni. Hún hélt honum niðri með annarri hendi meðan hún kallaði til lögreglu á vakt sem kom og færði manninn í fangageymslur.

Talsvert var að gera hjá lögreglunni í Reykjavík í gærkvöld. Átta ára drengur ristarbrotnaði í Reyrengi í Grafarvogi þegar hann hljóp inn í hliðina á bifreið. Tvær níu og tíu ára stúlkur tilkynntu að maður hefði girt niður um sig fyrir framan þær í suðvesturhluta borgarinnar og hlaupið á brott, lögregla hefur greinargóða lýsingu á honum. Þá voru þrjú innbrot kærð: í bíl, herbergi og loks íbúð þar sem fartölvu, stafrænni myndavél og 20 þúsund krónum í peningum var stolið. - bþg

Danskar líftryggingar:

## Feitir borga tvöfalt iðgjald

**LÍFTRYGGINGAR** Dönsk tryggingarfélög rukka viðskiptavini sína sem þjást af offitu um allt að tvöfalt hærri iðgjöld vegna líftryggingar en þá sem eiga ekki í vandræðum með holdafarið að sögn Politiken.

Sykursýki, of hár blóðþrýstingur og hjartasjúkdómar eru meðal sjúkdóma sem hrjá offitusjúklinga í meiri mæli en þá sem eru í kjörþyngd. Því hafa tryggingarfélög valið að krefja feita einstaklinga um allt að tvöfalt hærra iðgjald og hafa jafnvel gengið svo langt að meina þeim um líftryggingar. - sda

## ÞRIÐJUDAGUR

### Íþróttamenn og fatlaðir eignast hauk í horni

Valdimar Leó Friðriksson tekur sæti Guðmundar Árna Stefánssonar á Alþingi í haust. Valdimar er félagsmálatröll og annar varamaður Samfylkingarinnar. Hann bjóst ekki við að komast á þing á þessu kjörtímabili en ætlar að beita sér fyrir málefnum íþróttafólks og fatlaðra.



TÍMAMÓT 22

### Ekkert stöðvar FH-inga

Íslandsmeistarar FH héldu samfelldri sigurgöngu sinni í Landsbankadeildinni áfram í gærkvöld en þá burstaði liðið Þrótt 1-5. Á sama tíma náði Valur aðeins jafntefli á heimavelli gegn Keflavík og munar nú 11 stigum á liðunum þegar aðeins fjórar umferðir eru eftir.



ÍÞRÓTTIR 24

### Dönsk stemning á Menningarnótt

Lars Engberg, yfirborgarstjóri Kaupmannahafnar, er á leið til Íslands en hann opnar sýninguna Menningarnótt í Kaupmannahöfn sem hefst í Ráðhúsinu næsta laugardag.



MENNING 28

### VEÐRIÐ Í DAG




**SNÝST Í SUÐAUSTAN STREKKING**
Jafnvel gæti orðið allhvasst um landið vestanvert. Talsverð rigning um allt land, mest suðaustanlands.

VEÐUR 4

SUÐVESTURHORNIÐ
Lestur á þriðjudögum*




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 12–80 ára á þriðjudögum.

4 dagar í hlaupið
Skráðu þig núna á marathon.is
ÍSLANDSBANKA REYKJAVÍKURMARAÞON
20. ÁGÚST 2005



## SPURNING DAGSINS

*Stefán, hefurðu einangrast í starfi?*

„Nei, það held ég ekki.“

Stefán Björnsson lætur senn af störfum sem umsjónarmaður Einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey.

Rannsókn á flugslysinu í Grikklandi heldur áfram:

# Svörtu kassarnir sendir til Frakklands

**AÞENA, AP** Talið er að bilun í jafnþrýstibúnaði hafi orðið til þess að flugvél kýpverska Helios-flugfélagsins fórst á sunnudaginn.

Svörtu kassar Boeing 737 þotunnar sem fórst norður af Aþenu í fyrradag hafa verið sendir til Frakklands til frekari rannsókna. Flest virðist hins vegar benda til að bilun í jafnþrýstibúnaði vélarinnar hafi valdið slysinu og er jafnvel talið að þeir sem voru um borð hafi látist vegna súrefnisskorts löngu áður en vélin hrapaði. Flugmenn F-16 orrustuþotnanna sem fylgdu vélinni um skeið sögðust hafa séð flugmanninn meðvitundarlausan í flugstjórnarklefanum og farþega reyna að stýra vélinni.

Áhafnir annarra véla Helios-flugfélagsins neituðu í gær að fljúga eftir að spurðist út að oft hafði verið kvartað yfir ýmiss konar bilunum í vélinni sem fórst. Talsmenn fyrirtækisins vísuðu því hins vegar algerlega á bug.

Ættingjar hinna látnu fóru til líkhúsa í Aþenu í gær til að bera kennsl á ástvini sína. Þriggja daga þjóðarsorg hefur verið lýst yfir á Kýpur og í dag verður fánum flaggað í hálfa stöng í Grikklandi.

MYND/AP



**HARMLEIKUR** Ættingjar þeirra sem fórust í flugslysinu flugu frá Larnaca á Kýpur til Aþenu í gær. Auk fimm manna áhafnar voru 116 farþegar um borð, þar af 21 barn. Enginn komst lífs af.

MYND/AP



**LÍKIÐ BRENNT** Ættingi Kadirgamar heitins sést hér faðma Ragee Kadirgamar, son hins fallna ráðherra, við útför hans í gær.

Srílönsk stjórnvöld:

## Vilja aðstoð erlendra ríkja

**KÓLOMBÓ, AP** Lík Lakshman Kadirgamar, utanríkisráðherra Srí Lanka sem myrtur var fyrir helgi, var brennt í gær og var þjóðarsorg lýst yfir í landinu við sama tækifæri. Afar ströng öryggisgæsla var við athöfnina.

Enda þótt Tamíl-tígrarnir svonefndu hafi staðfastlega neitað að hafa staðið á bak við tilræðið segjast srílönsk stjórnvöld ætla að skera upp herör gegn samtökunum. Þannig hefur AP-fréttastofan eftir háttsettum embættismanni á Srí Lanka að þau vilji að fylgst verði með ferðum stuðningsmanna tígranna erlendis og þeim bannað að safna fé til styrktar þjóðfrelsisbaráttu Tamíla. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**TVEIR SLÖSUÐUST**
Tveir spænskir ferðamenn slösuðust lítillega þegar bíll rann í lausamöl og lenti úti í skurði nærri bænum Sólheimum við Svínavatn.



**BLOKKIN ÞAR SEM MORÐIÐ VAR FRAMIÐ** Tvítug varnarliðskona fannst helsár í fjölbýlishúsi fyrir einhleypa varnarliðsmenn, hún var úrskurðuð látin þegar komið var með hana á hersjúkrahús. Rannsóknarmenn frá Bretlandi komu í gærkvöld til að rannsaka málið.

# Ung varnarliðskona stungin til bana

**Tvítug bandarísk varnarliðskona lést af sárum sem henni voru veitt á herstöðinni á Keflavíkurflugvelli í fyrrinótt. Varnarliðsmaður á þrítugsaldri var handtekinn í kjölfarið grunaður um að hafa orðið henni að bana.**

**MORÐ** Tvítug bandarísk varnarliðskona fannst látin í húsnæði varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli um miðnætti á sunnudagskvöld. Rúmlega tvítugur varnarliðsmaður var í kjölfarið handtekinn, grunaður um að hafa orðið konunni að bana.

Maðurinn var ennþá í haldi lögreglu varnarliðsins í gær en ekki fékkst uppgefið hjá Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli hvort hann hefði játað á sig glæpinn.

Þá var íslensk kona tekin til yfirheyrslu hjá Lögreglunni á Keflavíkurflugvelli en hún er talin hafa verið gestkomandi í húsnæðinu þegar atburðurinn átti sér stað. Henni var sleppt síðdegis í gær og má því telja að hún tengist málinu ekki beint. Ekki fékkst staðfest hvort konan varð sjálf vitni að atburðinum.

Eftir því sem næst verður komist hafði hin látna verið stungin margsinnis áður en hún lést.

Maðurinn sem grunaður er um verknaðinn hafi áður átt í deilum við hina látnu fyrir nokkrum mánuðum þar sem hann hafði, í félagi við annan varnarliðsmann, stolið umtalsverðum fjárhæðum af greiðslukorti hennar. Málið komst upp og var vitorðsmanninum vikið úr hernum en enn átti eftir að rétta í máli hins grunaða.

Ekki fæst uppgefið hver fann hina látnu en enn var lífsmark með henni þegar hún fannst, að sögn Jóhanns Benediktssonar sýslumanns, á Keflavíkurflugvelli. Konan var í kjölfarið flutt á hersjúkrahús á vellinum þar sem hún var úrskurðuð látin.

Konan fannst í húsnæði einhleypra varnarliðsmanna og er atburðurinn talinn hafa átt sér stað þar að sögn Jóhanns. Hún hlaut áverka á hnakka en ekki hefur fengist staðfest hvers kyns áverkarnir voru né heldur hvort morðvopn hafi fundist.

Lögreglan á Keflavíkurflugvelli rannsakar málið í samvinnu við rannsóknardeild sjóhersins. Þá var seint í gærkvöld von á bandarískum rannsóknarmönnum á vegum hersins til landsins. Mennirnir koma frá Bretlandi og verða lögregluembættunum til aðstoðar við rannsókn málsins.

helgat@frettabladid.is

Neytendasamtökin:

## Taka undir áskorun FÍB

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin taka undir með Félagi íslenskra bifreiðaeigenda um að stjórnvöldum beri að lækka álögur sínar á eldsneyti með tilliti til gríðarlegra hækkana á heimsmarkaðsverði undanfarna mánuði.

Hafa samtökin sent Geir H. Haarde fjármálaráðherra bréf þess efnis en hann hefur áður sagt að hækkanirnar gefi ekki tilefni til að stjórnvöld grípi í taumana.

Félagar í FÍB hafa hafið undirskriftasöfnun af þessu tilefni en ráðherra hefur ekki svarað tveimur bréfum þeirra enn sem komið er. - aöe



**ÁSGEIR ÁSAMT JÓHÖNNU SIGURÐARDÓTTUR** Ásgeir ætlar ekki að taka sæti á Alþingi í stað Guðmundar Árna sem tekur við sendiherraembætti í næsta mánuði.

Ásgeir Friðgeirsson:

## Tekur ekki sæti á þingi

**ALÞINGI** Ásgeir Friðgeirsson, fyrsti varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, hefur ákveðið að taka ekki sæti á Alþingi í haust þegar Guðmundur Árni Stefánsson tekur við sendiherraembætti.

Ásgeir kveðst ætla að helga sig núverandi störfum sem ráðgjafi fyrirtækja og fjárfesta, einkum þeim sem starfa erlendis. Með ákvörðun sinni segir Ásgeir sig jafnframt af lista Samfylkingarinnar, en í síðustu þingkosningum hlaut hann bindandi kosningu í fimmta sæti listans í Suðvesturkjördæmi.

Valdimar L. Friðriksson er annar varaþingmaður Samfylkingarinnar og tekur sæti á þingi. - jh

Mótmælendur Kárahnjúkavirkjunar:

## Slá upp tjaldi við Tjörnina

**MÓTMÆLI** Mótmælendur Kárahnjúkavirkjunar og álvers við Reyðarfjörð hafa slegið upp upplýsingatjaldi við Tjörnina í Reykjavík. Til stendur að hafa tjaldið uppi í um tvær vikur að sögn Birgittu Jónsdóttur, talsmanns mótmælenda. Í tjaldinu á meðal annars að halda fyrirlestra og sýna myndir að sögn Birgittu.

Birgitta segir tvo lögreglubíla hafa fylgst með fólkinu meðan tjaldað var en lögregluþjóna ekki haft afskipti af fólkinu. Einungis einum mótmælendanna hefur verið birt bréf Útlendingastofnunar frá því fyrir helgi, en stofnunin hefur hótað að vísa 21 erlendum ríkisborgara sem mótmælt hefur Kárahnjúkavirkjun úr landi. Fólkið hefur sjö daga eftir birtingu bréfsins til þess að koma á framfæri andmælum vegna málsins. - ht

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**TJALD MÓTMÆLENDA** Tjaldið á að standa í um tvær vikur við Tjörnina í Reykjavík.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FARTÖLVUM STOLIÐ**
Brotist var inn í Upplýsingamiðstöðina í Varmahlíð í gærmorgun og tveimur tölvum stolið. Málið er í rannsókn.

**SLAPP VEL ÚR VELTU**
Ökumaður vörubíls slapp vel þegar hann missti tengivagn út af veginum eftir að kind hljóp í veg fyrir bílinn. Ökumaðurinn hélt bílnum á veginum og þótti hafa sloppið mjög vel.

**LÖGREGLA ELTIR KINDUR**
Lögreglumenn á Ísafirði hafa nær daglega þurft að reka kindur út úr bæjarlandinu síðustu vikuna. Kindurnar hafa verið á beit í görðum húsa, nýrækt í snjóflóðavarnargarðinum og í Tunguskógi við litla ánægju bæjarbúa. Eigendur kindanna benda á bæjaryfirvöld og segja í þeirra verkahring að girða bæjarlandið af.





ÓDÝRAR OG FLOTTAR
SKÓLAVÖRUR
ÞVÍ HVER KRÓNA SKIPTIR MÁLI
ODDI
Oddi ódýrastur í skólavörum samkvæmt könnun DV í ágúst 2004.
VINNUBÓKARBLÖÐ
100 blöð
VINNUBÓKARBLÖÐ Línustrikuð
80 blaða gormabók með rifgötum
LEIKUR
Ertu leynilögga með athyglisgáfuna í lagi?
Spreyttu þig í skemmtilegum leik í skólavörublaði Odda sem kemur út á morgun!
Þú gætir unnið kraftmikla Gateway fartölvu, flottan skrifborðsstól eða öflugan Epson prentara!
Jónsi á bekkjarkvöld hjá þér?
Vúhúúúú!
Ef þú ert grunnskólanemi áttu möguleika á að fá Jónsa á bekkjarkvöld hjá þér ef þú kaupir skóladótið þitt hjá Odda.
Tékkaðu á skólavörublaði Odda sem kemur út á morgun!
Verslanir Odda Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið mán. - fös. 8-18, lau. 10-17 og sun. 13-17
Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið mán. - fös. 8-18, lau. 10-17* og sun. 13-17**
* 20. ágúst **21.ágúst

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 15.08.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,6 | 63,9 |
| Sterlingspund | GBP | 115,07 | 115,63 |
| Evra | EUR | 78,62 | 79,06 |
| Dönsk króna | DKK | 10,535 | 10,597 |
| Norsk króna | NOK | 9,894 | 10,952 |
| Sænsk króna | SEK | 8,453 | 8,503 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5799 | 0,5833 |
| SDR | XDR | 93,65 | 94,21 |

*Gengisvísitala krónunnar*

109,7388

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðstandendur Veiðisafnsins skutu tvö hreindýr á Fljótsdalsheiði:

# Dýrin verða stoppuð upp í heilu lagi

**HREINDÝRAVEIÐAR** Hjónin Páll Reynisson og Fríða Magnúsdóttir, í Veiðisafninu á Stokkseyri, skutu tvo hreindýrstarfa á Fljótsdalsheiði í síðustu viku og verða dýrin stoppuð upp í heilu lagi og höfð til sýnis á Veiðisafninu. Reimar Steinar Ásgeirsson, á Egilsstöðum, mun stoppa dýrin upp og segir hann afar sjaldgæft að íslensk hreindýr séu stoppuð upp í heilu lagi. „Mér vitanlega hefur það aðeins gerst einu sinni eða tvisvar áður,“ segir Reimar.

Páll og Fríða höfðu elt hreindýrshjörð í rúman sólarhring þegar þau náðu að fella þau dýr sem þau sóttust eftir. „Við skutum hvor sitt dýrið. Í báðum tilfellum var um að ræða 90 kg hornprúða tarfa en þeir voru valdir með sýningargildi í huga en ekki gæði kjötsins. Þetta eru mjög falleg dýr og verðugir fulltrúar íslenska hreindýrastofnsins,“ segir Páll.

Á Veiðisafninu eru fyrir tveir uppstoppaðir hreindýrshausar en þar má einnig sjá dýr af erlendum uppruna svo sem hluta af gíraffa og sebrahesti, auk margvíslegra muna er tengjast veiðum. **- kk**



**SÆL OG GLÖÐ** Páll og Fríða með annan tveggja tarfa sem þau felldu á Fljótsdalsheiði á þriðjudaginn en þau nutu aðstoðar Björns Ingvarssonar leiðsögumanns.

# Lítils háttar átök urðu við upphaf brottflutningsins

**Ísraelskir landnemar á Gaza tókust á við hermenn í gær en þá hófst brottflutningur þeirra formlega. Erfiður en sögulegur dagur, sagði Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels. Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, hefur boðað til þingkosninga í Palestínu 21. janúar.**

**NEVE DEKALIM, AP** Til lítils háttar átaka kom í gær á milli ísraelskra hermanna og landnema á Gaza-ströndinni en þá hófst brottflutningur þeirra frá svæðinu með formlegum hætti. Landnemarnir hafa frest til miðnættis til þess að yfirgefa svæðið af fúsum og frjálsum vilja.

„Þetta er erfiður en sögulegur dagur,“ sagði Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels en í gær tóku hermenn að dreifa útburðartilkynningum til íbúa landnemabyggða á Gaza þar sem þeim var gefinn frestur til miðnættis í kvöld að taka föggur sínar og yfirgefa heimili sín. Hermenn munu svo næstu þrjár vikurnar flytja þá með valdi sem ekki eru farnir á morgun.

Þegar hermenn komu að hliðum Neve Dekalim, stærstu landnemabyggðarinnar á Gaza, vörnuðu hundruð landnema þeim vegarins. Hermennirnir reyndu þá að komast inn um annað hlið en þar mættu þeim mótmælendur sem brenndu bíldekk, mynduðu varnarveggi og tókust jafnvel á við þá. Bunki af útburðartilkynningum var hrifsaður af þeim og hann brenndur. Í Moragbyggðinni reyndu íbúar sömuleiðis að hefta för hermannanna en ekki kom þó til alvarlegra átaka.

Þótt íbúar landnemabyggðanna og stuðningsmenn þeirra hafi mótmælt brottflutningnum kröftuglega í gær er samt talið að þeir muni á endanum gefa sig. Til marks um það hleyptu þeir flutningabílum til og frá svæðunum í gær sem í voru búslóðir fólks. Þegar hafa 8.500 íbúar svæðisins haft sig á brott.

Ariel Sharon telur að brottflutningurinn auki öryggi Ísraela. Margir telja aftur á móti að með því að leggja byggðir Ísraela á Gaza-ströndinni muni ísraelsk stjórnvöld standa enn fastar á því en áður að halda byggðum sínum á Vesturbakkanum sem eru mun fjölmennari.

Þá tilkynnti Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, í gær að þingkosningar færu fram 21. janúar næstkomandi. Talsmaður forsetans sagði ákvörðunina sýna að Palestínumenn væru á öruggri leið til lýðræðis.

sveinng@frettabladid.is

MYND/AP



**ÚR MORAG-BYGGÐINNI** „Ég er ekki óvinur ykkar, ég þjónaði í herdeild þinni,“ sagði landnemi með grátstafinn í kverkunum við herforingja sem færði honum útburðartilkynninguna. Foringinn tók utan um hann og reyndi að telja í hann kjark.



**STRÆTISVAGNAR Á HLEMMI** Nýtt leiðakerfi Strætó b.s. hefur sætt harðri gagnrýni.

Nýtt leiðakerfi gagnrýnt:

## Vilja fá óháða úttekt á kerfinu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sjálfstæðismenn í umhverfisráði Reykjavíkurborgar lögðu fram tvær bókanir og fyrirspurn í tíu töluliðum til meirihlutans í umhverfisráði á fundi í gær. Þeir telja að nauðsynlegt sé að fram fari óháð úttekt á leiðakerfinu þar sem fjöldi óánægðra strætisvagnafarþega hafi þegar komið á framfæri skoðunum sínum á kerfinu og þjónusta við þá hafi breyst til hins verra.

Meirihluti R-listans lagði fram bókun þar sem nýtt leiðakerfi var sagt framfaraspor í almenningssamgöngum. **- hb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BROTIST INN Í SUNDLAUG** Talsverðri upphæð fjármuna var stolið er brotist var inn í sundlaugina á Suðureyri aðfaranótt sunnudags. Engar skemmdir voru unnar við innbrotið. Að sögn lögreglu á Ísafirði kemur fyrir að farið er inn í laugina um nætur og skapast af því mikil slysahætta þar sem oftast er um ölvað fólk að ræða.

## AFGANISTAN

**28 TALIBANAR FELLDIR**

Í það minnsta 28 talibanar hafa fallið í átökum talibana og afganskra hermanna nærri Kandahar í sunnanverðu Afganistan síðustu daga. Herinn hefur hert mjög aðgerðir sínar gegn talibönum að undanförnu því þingkosningar verða haldnar í landinu 18. september næstkomandi.






## VEÐRIÐ Í DAG

**Austan slagveður!** Það er að koma lægð upp að landinu og má búast við strekkingsvindi eða allhvössum fram undir kvöld. Þessu fylgir talsverð rigning og byrjar að rigna suðvestanlands í morgunsárið. Þetta úrkomusvæði færist svo til austurs og má reikna með rigningu um allt land nú undir kvöldið. Það dregur úr vindi og úrkomu í fyrramálið en samt sem áður má reikna með rigningu með köflum víða um land á morgun. Á fimmtudaginn snýst hann svo í norðanátt um tíma og léttir til syðra en rignir áfram norðanlands.



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### I dag




### Á morgun




Fremur hæg austlæg eða breytileg átt. Víða væta.

### Fimmtudagur




Snýst í norðanátt og styttir upp syðra en vætusamt norðanlands.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C | skýjað | Algarve | 28°C | sk.m.köflum | Róm | 24°C | sk.m.köflum |
| Osló | 21°C | sk.m.köflum | Mallorca | 25°C | léttskýjað | Alicante | 30°C | sk.m.köflum |
| London | 25°C | sk.m.köflum | Krít/Chania | 30°C | heiðskírt | Kýpur | 32°C | heiðskírt |
| París | 23°C | sk.m.köflum | Barcelona | 26°C | sk.m.köflum | Rimini | 21°C | sk.m.köflum |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# STÓRÚTSALA

Flísar - náttúrusteinn - gegnheilt parket - planka parket - spónlagt parket - loftaþiljur

## ÓTRÚLEGT ÚRVAL








Þú sparar tugi þúsunda

**Egill Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is



## KJÖRKASSINN

*Ertu flughrædd(ur)?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 24,3% |
| Nei | 75,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er rétt hjá lögreglunni í Eyjum að ætla að framfylgja útivistarreglum á pysjutímanum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Kúabændur í Eyjafirði íhuga stofnun fyrirtækis um dýralæknaþjónustu:

# Finnst dýralæknarnir of dýrir

**BÚSKAPUR** Kúabændur í Eyjafirði eru ósáttir við verðskrá eyfirskra dýralækna og íhuga að stofna sjálfir fyrirtæki um dýralæknaþjónustu til að ná kostnaði niður. Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segist ekki geta staðfest að verðskrá dýralækna í Eyjafirði sé hærri en hjá dýralæknum annars staðar á landinu en Landssamband kúabænda sé með það í skoðun.

Aðalbjörg Jónsdóttir, hjá Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar, telur verðskrá dýralækna í Eyjafirði eðlilega. „Í Eyjafirði eru eingöngu sjálfstætt starfandi dýralæknar sem annast þjónustu við kúabændur og ef bændur eru að bera verð þeirra saman við verðskrá héraðsdýralækna, sem þiggja hluta sinna launa frá ríkinu, þá er það skökk viðmiðun,“ segir Aðalbjörg.

Þorvaldur H. Þórðarson, formaður stjórnar Dýralæknafélags Íslands, segist ekki vita hvort verðskrá dýralækna í Eyjafirði sé hærri en hjá öðrum dýralæknum. „Það er ekki til nein samræmd verðskrá dýralækna enda verðsamráð óheimilt,“ segir Þorvaldur. - kk

**Í GÓÐRI BEIT** Landssamband kúabænda er að afla upplýsinga af öllu landinu um kostnað vegna þjónustu dýralækna.



# Fiskvinnsla á að geta gengið vel á Bíldudal

**Shiran Þórisson sem vinnur að rekstrargreiningu á Bílddælingi og Versölum segir að fiskvinnsla eigi að geta gengið á Bíldudal. Sigurjón Þórðarson er mjög ósáttur við mánaðarlangan drátt á greiningunni.**

**ATVINNUMÁL** „Það er bara verið að teygja lopann með einhverjum kjaftavaðli,“ segir Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, um skýringar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á því hvers vegna greining á rekstri Bílddælings og Versölum lægi ekki fyrir í gær eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Shiran Þórisson, viðskiptaráðgjafi hjá Atvinnuþrónarfélaginu, segir að ekki hafi verið unnt að ljúka greiningunni á tilsettum tíma þar sem félaginu hafi ekki borist öll gögn í tíma frá bókhaldsskrifstofum sem höfðu gögn Bílddælings undir höndum. Hann segir þó að einhverjar ályktanir megi draga af þeirri athugun sem hann hefur þegar gert. „Góðu fréttirnar eru þær, miðað við það sem ég les úr þessum gögnum, að fiskvinnsla á vel að geta gengið á Bíldudal,“ segir Shiran. Hann segist þó ekki vilja fella neinn áfellisdóm yfir núverandi rekstraraðilum.

Hann segist enn fremur reikna með að greiningin liggi fyrir um miðjan næsta mánuð.

Þingmennirnir Guðjón A. Kristjánsson, Jón Bjarnason og Jóhann Ársælsson, sem allir sátu fund Þróunarfélagsins og bæjarstjórn Vesturbyggðar, ásamt öðrum þingmönnum Norðvesturkjördæmis, þar sem atvinnumál Bíldudals voru rædd, sendu Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra bréf fyrir helgi þar sem farið er fram á það að hann upplýsi þingmennina um stöðu atvinnumála á Bíldudal. Í bréfinu segir að áform um að þingmennirnir yrðu upplýstir um framvindu mála hafi ekki verið fylgt eftir.



**AÐ STÖRFUM Á BÍLDUDAL** Jón Sigurðsson undirbjó veiðiferð í gær. Shiran Þórisson viðskiptaráðgjafi segir að fiskvinnsla eigi vel að geta gengið á Bíldudal.

Guðný Sigurðardóttir, staðgengill bæjarstjóra Vesturbyggðar, og Shiran undruðust viðbrögð Sigurjóns. „Ef hið opinbera á að leggja fjármagn í eitthvað þá hlýtur það að fara fram á það að skýr mynd af rekstrinum liggi fyrir,“ segir Guðný.

Íbúar á Bíldudal sem blaðamaður Fréttablaðsins talaði við segjast vongóðir um að rekstur hefjist fljótlega aftur í fiskvinnslu staðarins hverjir svo sem rekstraraðilar verða.

jse@frettabladid.is

Sparisjóður Norðlendinga fjárfestir á Suðurlandi:

# Keypti land í Hveragerði

**BYGGINGARLAND** Sparisjóður Norðlendinga á Akureyri, ásamt Guðmundi A. Birgissyni á Núpum í Ölfusi og fleiri fjárfestum, hefur keypt 300 hektara byggingarland í Hveragerði og Ölfusi. Landið er að stærstum hluta innan bæjarmarka Hveragerðis og tilheyrir einu af þremur stórum byggingarsvæðum sveitarfélagsins samkvæmt nýju aðalskipulagi sem unnið er að.

Jón Björnsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga, vill ekki gefa kaupverð landsins upp en býst við að sparisjóðurinn muni hagnast vel á viðskiptunum. Segir hann að strax á næsta ári verði um 200 einbýlis- og raðhúsalóðir tilbúnar til sölu og enn fleiri á næstu árum. “Sparisjóðurinn hefur ekki áður fjárfest í byggingarlandi og í þessu tilfelli er ekki um langtímafjárfestingu að ræða. Lóðirnar verða ekki dýrar, miðað við það sem gengur og gerist á höfuðborgarsvæðinu, en þetta er engu að síður góð og traust fjárfesting fyrir sparisjóðinn,“ segir Jón. - kk



**JÓN BJÖRNSSON** Einkahlutafélagið Hveraland var stofnað sérstaklega vegna landakaupanna og á Sparisjóður Norðlendinga helmingshlut í félaginu.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MJÓLK KEYPT Í BÚÐ** Mun meiri eftirspurn er eftir mjólk nú en áður.

Mjólkurframleiðsla kúabænda:

# Anna ekki eftirspurn

**LANDBÚNAÐUR** „Þarna munar um milljón lítra mjólkur að við getum svarað allri eftirspurn en þetta mun þó ekki koma niður á neytendum á neinn hátt,“ segir Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

Í kjölfar aukinnar neyslu landsmanna á mjólkurdrykkjum hvers konar hefur eftirspurn aukist talsvert umfram framleiðslugetu bænda. Snorri segir að þrátt fyrir tilraunir til þess að auka framleiðslu sjái bændur ekki fram á að geta framleitt samkvæmt eftirspurn að sinni. „Við teljum nú engu síður að það sé hægt að auka framleiðslu til muna á komandi misserum.“ - aöe

Vinnuslys hjá Samherja:

# Rúmar sex milljónir í bætur

**DÓMSMÁL** Samherji var í síðustu viku dæmdur til að greiða danskri konu rúmar sex milljónir króna í skaðabætur vegna vinnuslyss sem konan varð fyrir þegar hún starfaði við pökkun hjá fyrirtækinu.

Konan hlaut höfuðhögg þegar frosin vörubretti sem hún var að sækja færðust til og ágerðist höfuðverkur hennar næstu daga á eftir. Kom í ljós að blæðing var innan við höfuðkúpu.

Mat dómurinn að fyrirtækið væri bótaskylt enda gerði Vinnueftirlitið athugasemdir við aðstæður sem konunni var gert að vinna við. - aöe



**INNKALLAÐIR Í DANMÖRKU** Kviknað hefur í níu Peugeot 307 í Danmörku í ár vegna galla í rafstýrðu bremsukerfi bílsins. Ekkert slíkt hefur komið upp hér á landi.

Peugeot 307:

# Innkallaðir í Danmörku

**NEYTENDUR** „Það hafa engin vandamál af þessu tagi komið upp hér á landi,“ segir Gunnar Gunnarsson, markaðstjóri Bernhard á Íslandi, söluaðila franskra Peugoet-bifreiða.

Söluaðili Peugeot í Danmörku hefur innkallað þúsundir bifreiða af gerðinni Peugeot 307 vegna galla í rafstýrðu bremsukerfi þeirra. Veldur gallinn því að í bílunum getur kviknað eldur sé hann kyrrstæður eftir akstur og hafa borist tilkynningar um níu slíka bíla á þessu ári.

Um 200 bílar af þessari tegund eru hér á landi en að sögn Gunnars er þeim ekki kunnugt um nein vandamál af þessu tagi hingað til. - aöe

Fulltrúar sjálfstæðismanna:

# Vilja vita um fjölgun máva

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Á fundi umhverfisráðs Reykjavíkurborgar í gær óskuðu sjálfstæðismenn eftir upplýsingum um hvort fjöldi máva í Reykjavík væri meiri en venjulegt er. Í skriflegri fyrirspurn sem lögð var fram á fundinum segir: „Margur borgarinn telur sig hafa tekið eftir miklum fjölda máva í borginni í vor og sumar. Óskað er eftir upplýsingum um það hvort fjöldi máva í borginni nú sé meiri en venjulega og ef svo er, hverju það sætir og hverjar afleiðingar þess geti verið meðal annars með tilliti til lífríkis í og við Tjörnina.“ - hb

Ósæmileg hegðun:

# Strípalingar voru áreittir

**NOREGUR** Gestir nektarstrandarinnar Huk við Ósló verða í síauknum mæli fyrir áreitni og ónæði ljósmyndara og dóna af ýmsu tagi. Sumir fletta sig klæðum frammi fyrir strípalingunum en það þykir þeim heldur miður.

„Hann stóð á göngustígnum fyrir framan mig og reyndi að stöðva för mína,“ sagði kona sem sótti ströndina reglulega þar til öfuguggi sat fyrir henni. „Hann sagði eitthvað og fitlaði svo við sjálfan sig.“

Lögreglu hafa borist margar kvartanir um ósæmilega hegðun slíkra dóna og jafnframt hafa einhverjir verið staðnir að því að taka myndir af baðgestum með myndavélasíma. ■

Alltaf skynsamlegt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is




# Swift er nýr bíll frá grunni, hannaður í Evrópu fyrir Evrópumarkað.

**Swift er bíll sem setur alveg ný viðmið**
**í hönnun, útliti og aksturseiginleikum minni fólksbíla.**
**Swiftinn er mættur - komdu að leika!**





*„Swiftinn nýi er dálítið sviplíkur BMW Mini. Smekklegt útlit óneitanlega...Sæti og allar innréttingar eru vandaðar og smekklegar og framsætin raunar ekki síðri en í ýmsum miklu stærri og dýrari evrópskum bílum...í það minnsta eru hljóðlátir smábílar og lausir við mikinn hjóla- og veggný frekar sjaldgæfir. Swiftinn er miklu líkari mun stærri og dýrari bílum...“*

**FÍB blaðið, 1. tbl. 2005**







**Verð frá 1.479 þús.***
**15.442 á mánuði****

Hugtak Ág. 05

SUZUKI
*...er lífsstíll!*

* 1,5 GL beinskiptur **bílasamningur Glitnis með 30% útborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði. 50% íslenskar kr / 50% erlend mynt

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is



## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hversu margir fórust með kýpversku farþegaþotunni sem hrapaði nærri Aþenu?*

**2** *Hvað heitir varaþingmaðurinn sem hafnaði þingmennsku?*

**3** *Hvar æfir skíðalandsliðið sig fyrir átök vetrarins?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Margvíslegum brögðum breytt í baráttu gegn sniglaplágu á Norðurlöndunum:

# Nota öl til að vinna á spánarsnigli

**MEINDÝR** Spánarsnigillinn illræmdi er sólginn í öl og það getur bókstaflega orðið honum að falli. Í nágrannalöndunum hefur meðal annars verið gripið til þess ráðs að grafa niður ílát með öli. Snigillinn sækir í ölið, dettur ofan í gildrurnar og drukknar.



**SIGURGEIR** Margt reynt til að granda spánarsniglinum.

Þetta segir Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur á Rannsóknarstöð landbúnaðarins. Hann hefur kynnt sér baráttuaðferðir gegn sniglinum í nágrannalöndunum. Tveir spánarsniglar hafa fundist hér á síðustu árum.

„Það hefur ekki verið gripið til neinna opinberra aðgerða heldur hefur almenningur fengið leiðbeiningar um hvernig megi varast hann og draga úr fjölda og skaðsemi af hans völdum," segir Sigurgeir. Hann segir erfitt að koma í veg fyrir að spánarsnigillinn berist milli landa.

„Ef menn leyfa á annað borð innflutning á plöntum er útilokað að koma í veg fyrir að sniglar sem finnast á ræktunarstaðnum berist með þeim. Það þarf ekki nema eitt egg til að setja af stað stofn. Snigillinn er tvíkynja og það er viðurkennt að sjálffrjóvgun getur dugað." -jss



**SPÁNARSNIGILL** Hinn illræmdi Spánarsnigill fellur fyrir ölinu eins og fleiri.

Byggðakvóti:

## Útgerðarmenn ætla í málsókn

**SJÁVARÚTVEGUR** Starf við undirbúning málsóknar gegn sjávarútvegsráðherra vegna úthlutunar byggðakvóta er hafið að sögn Magnúsar Kristinssonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum.

Magnús segir mikla vinnu fólgna í því að taka saman gögn vegna málsins og gæti sú vinna tekið nokkrar vikur. Magnús segir hins vegar alveg ljóst að farið verði í að höfða mál, hvort sem hann verði sjálfur í forsvari eða einhver annar. „Við verðum að fá úr því skorið hvort þetta stenst lög," segir Magnús. - ht



**NIÐURBROTNAR** Þær Annemarie, Monika, Anne og Sabrine voru fengnar hingað um mitt sumar til að fylla skarð fjögurra annarra stúlkna sem flýðu vistina á Cafe Margret á Breiðdalsvík. Þær entust heldur ekki heilan mánuð sökum ofsókna eigenda og loforða sem ekki var innistæða fyrir.

# Ginntar til Íslands á fölskum forsendum

**Átta þýskar stúlkur hafa undanfarna þrjá mánuði flúið úr vinnu á vinsælu kaffihúsi á Breiðdalsvík. Þær segja þýsk hjón sem staðinn reka ekki standa við loforð sín og komið sé fram við þær eins og þræla. Eigandinn neitar öllu.**

**ATVINNUMÁL** „Mér var tjáð að ég hefði dágóðan tíma til að skoða landið og fengi minn frítíma en þegar til kom stóðst ekki neitt sem hún sagði," segir Sabrine Maurus, ein þýsku stúlknanna sem hingað voru fengnar til vinnu að tilstuðlan þýskra eigenda Cafe Margret á Breiðdalsvík fyrr í sumar. Hún er nú farin af landi brott peningalaus og allslaus eftir rúmlega mánaðarvist sem allar stúlkurnar eru sammála um að hafi verið ómannúðleg.

Stúlkurnar svöruðu allar auglýsingum í þýskum dagblöðum þar sem óskað var eftir starfsfólki til Íslands. Áttu launin að vera 20 þúsund krónur á mánuði, frítt húsnæði og matur gegn sex til tíu tíma vinnu á dag. Þegar til kom urðu fimm stúlkur að deila 20 fermetra bjálkakofa, vinnudagurinn varð allt að fjórtán tímum dag hvern og þeim var gert



**CAFE MARGRET** Staðurinn er afar vinsæll meðal ferðalanga enda fallegt um að litast á Breiðdalsvík.

að vera kyrrar á staðnum í frítíma sínum ef vera skyldi að kaffihúsið fylltist af viðskiptavinum.

Það var fyrir tilviljun að nokkrir íbúar á staðnum fengu vitneskju um aðstöðu stúlknanna og höfðu strax samband við stéttarfélagið Vökul sem gerði athugasemdir í júní. Lofuðu hjónin Horst Muller og Margret Bekemeier, sem reka kaffihúsið, bót og betrun og sögðust ekki hafa vitað um íslensk lög og reglur. Í kjölfarið hættu þær fjórar stúlkur sem komu þar til starfa í vor störfum en tveimur vikum síðar voru aðrar fjórar komnar í staðinn á sömu kjörum. Eru þær allar hættar nú og þrjár þeirra farnar til síns heima. Eiga þær enn útistandandi laun en sökum þess að þær hættu neita eigendurnir að greiða launin. Stéttarfélagið er að skoða mál stúlknanna.

Í síðustu viku þegar Fréttablaðið náði tali af Margret Bekemeier, öðrum eiganda kaffihússins, viðurkenndi hún að fjórar stúlkur hefðu unnið hjá henni fyrr í sumar en því harðneitar hún í dag. Segir hún engar þýskar stúlkur hafa unnið hjá sér í sumar aðrar en frænku sína sem enn vinni hjá sér. albert@frettabladid.is



**MAÐUR DREGUR HLAUPAVAGN Í KALKÚTTA** Yfirvöld í Kalkútta ætla að leggja bann við því að hlaupavagnar dregnir af mönnum verði notaðir í borginni.

Yfirvöld í Kalkútta:

## Vilja banna hlaupavagna

**INDLAND, AP** Yfirvöld í Kalkútta á Indlandi ætla að banna notkun hlaupavagna, en í heila öld hafa vagnar verið dregnir um götur borgarinnar.

Notkun hlaupavagna hefur ýmist lagst af sjálfkrafa eða verið bönnuð á flestum stöðum í heiminum og segir borgarstjóri Kalkútta, Buddhadeb Bhattacharya, að hlaupavagnarnir séu ómannúðlegir. „Þeir eru slæmir fyrir ímynd okkar," sagði hann í samtali við AP fréttastofuna.

Alls starfa um 20 þúsund manns við að draga hlaupavagna í Kalkútta. Þeir hafa mótmælt banninu og krefjast skaðabóta eða nýrra starfa. Notkun hlaupavagna á aðalgötum Kalkútta var bönnuð fyrir þremur árum en þeir eru enn notaðir til að ferðast um öngstræti borgarinnar. - sda



**JENS STOLTENBERG** Teikn eru á lofti um að hann verði næsti forsætisráðherra Noregs.

Skoðanakönnun:

## Stoltenberg vinsælastur

**NOREGUR** Jens Stoltenberg, leiðtogi norska Verkamannaflokksins, nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir þegar nokkrar vikur eru til þingkosninga í Noregi.

Í skoðanakönnun sem InFact-fyrirtækið gerði fyrir norska blaðið Verdens Gang kvaðst rúmlega helmingur aðspurða, eða 51,7 prósent, vera hlynntur því að Stoltenberg settist í forsætisráðherrastólinn að loknum kosningum. Stuðningur við hann er sérstaklega áberandi á meðal ungra Norðmanna.

Aðeins 22,2 prósent aðspurðra töldu að ríkisstjórn borgaralegu flokkanna ætti að fá endurnýjað umboð þjóðarinnar. ■

Varðskipin Óðinn og Týr tóku þátt í gerð kvikmyndarinnar Flags of Our Fathers:

# Ættu frekar að vera við eftirlit

**VARÐSKIP** „Ég tel að full þörf sé fyrir öll varðskipin í vinnu og þau ættu í raun ekki að fást við neitt annað," segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Varðskipin Óðinn og Týr tóku þátt í tökum á kvikmyndinni Flags of Our Fathers með Clint Eastwood við Stóru Sandvík á Reykjanesi um helgina. Skipin lágu að mestu við akkeri meðan á tökum stóð og voru notuð sem leikmynd að því er fram kemur í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni.

„Þátttaka skipanna í bíómynd er mér að meinalausu svo lengi sem hún truflar ekki störf þeirra að öðru leyti," segir Sævar. „Hins vegar tel ég alls ekki veita af því á Reykjaneshrygg og víðar að þau séu að störfum."




**VARÐSKIPIÐ ÓÐINN** Óðinn er aðeins notaður þegar hin varðskipin eru í viðgerð eða endurbótum. Samið var um að varðskipin gætu siglt í burtu ef þörf krefði.

Landhelgisgæslan fékk um eina milljón króna á dag fyrir þátttöku skipanna við tökur myndarinnar og fær greitt fyrir tvo daga að sögn Dagmarar Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar. Dagmar segir að gott hafi verið að fá þá fjármuni inn í reksturinn auk þess sem lítill tilkostnaður hafi fylgt verkefninu þar sem skipin hafi legið við akkeri. - ht

Sértilboð Iceland Express:

## Kláruðust á fimm tímum

**NEYTENDUR** Öll flugsæti frá Íslandi á sérstökum afsláttarkjörum sem flugfélagið Iceland Express hóf sölu á í gærmorgun höfðu klárast síðdegis í gær.

Félagið auglýsti 2.000 sæti á mun lægri verðum en gengur og gerist og virðist fólk hafa haft hraðar hendur á að tryggja sér slíka ferð enda voru lægstu fargjöldin auglýst á rúmar fimm þúsund krónur með sköttum. Enn er þó eftir fjöldi ferða til landsins á tímabilinu ágúst til loka september. - aöe



**HUGO CHAVES** Forseti Venesúela vandaði ekki stjórnvöldum í Washington kveðjurnar og sagði þau sitja um líf sitt.

Dómstóll æskulýðsins:

## Réttað yfir George Bush

**KARAKAS, AP** Bandarísk stjórnvöld hlutu þungan dóm í miklum réttarhöldum sem fram fóru í Venesúela um helgina. Réttarhöldin hafa þó lítið lagalegt gildi því þau voru eingöngu liður í Alheimshátíð æskulýðs og stúdenta sem haldin var í sextánda sinn og var yfirskrift hátíðarinnar „Gegn heimsvaldastefnu og glæpum.".

„Við teljum sekt George W. Bush Bandaríkjaforseta sérstaklega alvarlega þar sem hann ber ábyrgð á mörgum glæpum," sagði Jose Vicente Rangel, varaforseti landsins, þegar hann las upp dóminn. Á meðal meintra glæpa voru hernaðurinn í Írak og stefna Bandaríkjamanna í alþjóðaviðskiptum. ■

# SPARI DAGAR

2005
*3.–20. ágúst*

***...í fjórum verslunum og hjá umboðsmönnum***

**Pioneer**
PIONEER DCS-232
**HEIMABÍÓ**
**Tilboðsverð: Kr. 33.900**

**Pioneer**
PIONEER DV-370
**DVD SPILARI**
**Tilboðsverð: Kr. 9.900**

**Nintendo**
NINTENDO DS
**Tilboðsverð: Kr. 12.900**

**Pioneer**
PIONEER DEH-1700
**BÍLAÚTVARP**
**Tilboðsverð: Kr. 17.900**
Með ísetningu

**Pioneer**
PIONEER VSX-D714S
**MAGNARI**
**Tilboðsverð: Kr. 39.900**

## 15-40% afsláttur

BEKO
**28˝ SJÓNVARP**
**Tilboðsverð: Kr. 29.900**

**SAMSUNG**
SAMSUNG DVDV5450
**VIDEO OG DVD SPILARI**
**Tilboðsverð: Kr. 16.900**

**SHARP**
SHARP LC-20SH1E
**LCD VEGGSJÓNVARP**
**Tilboðsverð: Kr. 74.900**

**Nikon**
NIKON COOLPIX 7600S
**STAFRÆN MYNDAVÉL**
7.1 milljón punkta
**Tilboðsverð: Kr. 33.900**

**OLYMPUS**
OLYMPUS C760
**STAFRÆN MYNDAVÉL**
3.2 milljón punkta
**Tilboðsverð: Kr. 24.900**

**SAMSUNG**
SAMSUNG LW-17M24C
**17˝ LCD VEGGSJÓNVARP**
**Tilboðsverð: Kr. 69.900**

**AEG**
NÝJA ÍSLENSKA
ÞVOTTAVÉLIN
OG ÞURRKARINN
**Tilboðsverð: Kr.159.000**

**TEFAL**
**Tilboðsverð: Kr.2.990**

**TEFAL**
**Tilboðsverð: Kr.3.990**

**AEG**
**Tilboðsverð: Kr.2.990**

**TEFAL**
**Tilboðsverð: Kr.6.990**

**AEG**
AEG **MATVINNSLUVÉL**
**Tilboðsverð: Kr.8.990**

AEG **ÖRBYLGJUOFN**
**Tilboðsverð: Kr.8.490**

AEG Turbo T2 rauð/svört
**RYKSUGA 1600 W**
**Tilboðsverð: Kr.8.990**

**TEFAL**
**25% AFSLÁTTUR**

Emile Henry
**30% AFSLÁTTUR**

www.ormsson.is

# ORMSSON

**LÁGMÚLA 8**
Sími 530-2800
• Öll tækin í eldhúsið og þvottahúsið

**SÍÐUMÚLA 9**
Sími 530-2800
• Hljómtækin, sjónvörpin og allar hinar græjurnar

**SMÁRALIND**
Sími 530-2900
• Allt úrvalið í Ormsson Smáralind

**RADIONAUST**
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
• Allt úrvalið í Radíónaust

Opið í Lágmúla 8 og Síðumúla 9 virka daga frá kl. 9-18, laugard.frá kl. 11-15. Opið í Smáralind virka daga frá kl. 11-19 , laugard.frá kl. 11-18, sunnud.frá kl. 13-18

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

...bara á
flugfelag.is
17. - 23. ágúst
Verð miðast við flug **aðra leiðina.** **Bara á www.flugfelag.is** Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og AKUREYRAR 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og BÍLDUDALS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og EGILSSTAÐA 5.699 kr.
Milli Reykjavíkur og SAUÐÁRKRÓKS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og ÍSAFJARÐAR 4.799 kr.
Milli Reykjavíkur og GJÖGURS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og HORNAFJARÐAR 5.899 kr.
Milli Akureyrar og GRÍMSEYJAR 3.499 kr.
Milli Reykjavíkur og VESTMANNAEYJA 4.399 kr.
Milli Akureyrar og VOPNAFJARÐAR/ÞÓRSHAFNAR 4.499 kr.
flugfelag.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 29246 08/2005



Tíu hið minnsta hafa farist í flóðum í Taílandi:

# Mestu flóð í fjörutíu ár

**TÆLAND** Að minnsta kosti tíu hafa látist og tuga er enn saknað vegna mikilla flóða í norðurhluta Taílands um helgina. Auk þess hafa um 60 manns leitað sér læknishjálpar vegna meiðsla af völdum flóðanna.

Chiang Mai, stærsta borg norðurhluta Taílands, er að hluta undir eins til tveggja metra djúpu vatni.

AP-fréttastofan hefur eftir forsætisráðherra Taílands, Thaksin Shinawatra, að flóðin séu hin mestu í fjörutíu ár og að þau hafi orðið vegna eyðingar mannsins á skógum. Shinawatra hélt útvarpsávarp þar sem hann varaði landa sína við frekari flóðum.

Flóðin urðu vegna mikils úrhellis undanfarna daga, en regntímabilið stendur nú yfir í þessum heimshluta. Rigningunum hefur nú slotað.

Flóðin hafa haft áhrif á líf meira en 200 þúsund íbúa í héraðinu. Hús hafa eyðilagst en auk þess hafa brýr og vegir skemmst.

- sda



**FORSÆTISRÁÐHERRA KANNAR SKEMMDIR AF VÖLDUM FLÓÐA** Forsætisráðherra Taílands, Thaksin Shinawatra, annar til vinstri, hefur varað landa sína við frekari flóðum en flóðin um helgina voru hin mestu í fjörutíu ár.

# Tryggvi lét Baug greiða eigin skatta og tolla

**Tryggvi Jónsson, fyrrum aðstoðarforstjóri Baugs, kemur oftast við sögu í fyrsta kafla ákærunnar í Baugsmálinu. Hann er meðal annars ákærður fyrir að hafa látið Baug greiða aðflutningsgjöld af innflutningi á varningi til eigin nota.**



**JÓHANNES JÓNSSON** Sagður hafa dregið sér fé þegar hann lét Baug taka yfir bankaábyrgðir.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Sagður hafa látið Baug greiða fyrir snekkju í Miami.



**JÓN GERALD SULLENBERGER** Sakborningar vilja að Jón Gerald verði einnig ákærður.

**BAUGSMÁLIÐ** Tryggvi Jónsson, fyrrum aðstoðarforstjóri Baugs hf., kemur oftast við sögu í þeim kafla ákærunnar gegn forsvarsmönnum og endurskoðendum Baugs sem snýr að fjárdrætti.

Í fyrsta kafla ákærunnar eru fjórir töluliðir sem snúa aðeins að fjárdrætti en í öðrum köflum ákærunnar er einnig ákært fyrir fjárdrátt en með öðrum brotum, svo sem umboðssvikum og brotum gegn lögum um hlutafélög. Tryggvi kemur við sögu í þremur af fjórum töluliðum í fyrsta kafla ákærunnar.

**Snekkjan dýrkeypt**

Annar töluliður ákærunnar beinist gegn feðgunum Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, þáverandi forstjóra Baugs, og Jóhannesi Jónssyni í Bónus. Þeim er gefið að sök að hafa dregið sér fé þegar þeir létu Baug greiða þóknanir til Sparisjóðs Reykjavíkur vegna bankaábyrgðar sem til hafði verið stofnað vegna kaupa á snekkjunni Thee Viking. Í fyrsta töluliðnum var einnig ákært fyrir fjárdrátt vegna snekkjunnar en þar var um hærri fjárhæðir að ræða eða rúmlega fjörutíu milljónir króna.

Er feðgunum gert að sök að hafa látið Baug yfirtaka ábyrgðir sem til hafði verið stofnað af sameignarfélaginu Bónus hinn 17. júlí 1996. Ábyrgðirnar voru einkum til komnar vegna lántöku bandaríska félagsins Nordica Inc. hjá viðskiptabanka í Flórída en lánið var upp á hundrað þrjátíu og fimm þúsund Bandaríkjadali og var notað til að ábyrgjast greiðslur á skemmtisnekkjunni Icelandic Viking. Baugur hafði því samkvæmt ákærunni tekið við ábyrgð Bónuss og gjaldfél ábyrgðin á Baug 17. október 2002.

Ákærðu neita sök í þessum tölulið ákærunnar. Þeir segja í athugasemdum við þessum tölulið ákærunnar að ábyrgðin sem um ræðir hafi verið notuð til tryggingar yfirdráttarláni sem Nordica tók vegna vöruviðskipta og hafi Ríkislögreglustjóri gögn um slíkt. Segja hinir ákærðu fráleitt að ætla að ábyrgðin hafi verið vegna kaupa á snekkjunni. Þeir vísa einnig til þess að ef svo hefði verið, hefði einnig átt að ákæra Jón Gerald Sullenberger fyrir sömu hluti.

**Aðstoðarforstjóri og risna**

Í þriðja tölulið ákærunnar er Tryggva Jónssyni, fyrrum aðstoðarforstjóra Baugs, gefið að sök að hafa dregið sér rúmlega eina milljón og þrjú hundruð þúsund krónur á tímabilinu 11. janúar 2000 til 12. febrúar 2002. Er honum gefið að sök að hafa notað American Express greiðslukort félagsins Nordica Inc. sem síðar lét Baug greiða sér til baka útteknar fjárhæðir til þess að greiða kostnað sem var Baugi óviðkomandi. Er um að ræða alls þrettán reikninga sem Nordica lagði út fyrir en innheimti svo hjá Baugi samkvæmt fyrirmælum Tryggva.

Í athugasemdum með þessum tölulið ákærunnar neitar Tryggvi sök og segir að um hafi verið að ræða kostnað sem telst risna aðstoðarforstjórans. Segir ákærði að Ríkislögreglustjóra hafi verið bent á að rannsaka þennan lið ákærunnar betur og ræða við vitni sem hafa notið risnunnar en því hafi ekki verið sinnt. Enn fremur er bent á að ekki geti verið um fjárdrátt að ræða þar sem auðgunarásetning skorti.

**Tollar og gjöld aðstoðarforstjóra**

Opinber gjöld Tryggva vegna innflutnings á sláttuvélartraktor til eigin nota voru greidd af Baugi samkvæmt fjórða tölulið ákærunnar. Er Tryggva gert að hafa dregið sér samtals tæplega eitt hundrað þúsund krónur er hann lét Baug greiða aðflutningsgjöld svo sem virðisaukaskatt, vörugjald og toll af áðurgreindum sláttuvélartraktor en reikningur vegna vélarinnar var gefinn út af Nordica í Bandaríkjunum á Baug-Aðföng hf., dótturfélag Baugs.

Í athugasemdum Tryggva vegna fjórða töluliðar ákærunnar segir að mistök starfsmanns Baugs hafi ráðið því að aðflutningsgjöldin sem um ræðir hafi ekki verið innheimt hjá Tryggva. Segir að Tryggvi hafi rætt við viðkomandi starfsmann um að honum yrði gerður reikningur vegna gjaldanna og hafi verið í trú um að svo yrði gert. Ekki geti þannig verið um fjárdrátt að ræða því allan auðgunarásetning hafi skort.

hjalmar@frettabladid.is



**TRYGGVI JÓNSSON** Fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs kemur oftast við sögu í fyrsta kafla ákærunnar sem snýr að fjárdrætti.

# alltaf gott - alltaf ódýrt

## mánudagstilboð




**2 fyrir 1**
Frissi Fríski appelsínu og epla




**2 fyrir 1**
Nagga grísasnitsel




**2 fyrir 1**
Goða pylsur




**50%** afsláttur

**179** kr.stk.
1944 kindabjúgu m. uppstúf
verð áður 358 kr.stk.




**50%** afsláttur

**165** kr.kg.
Búrfells pönnubúðingur
verð áður 329 kr.kg.




**50%** afsláttur

**99** kr.stk.
Náttúru pizza Margarita
verð áður 198 kr.stk.




**50%** afsláttur

**99** kr.stk.
Náttúru pizza m. pepperoni
verð áður 198 kr.stk.




**99** kr.stk.
Náttúru pizza m. skinku
verð áður 198 kr.stk.

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



**SVÍNKA** Um þessar mundir fer fram franska meistaramótið í svínahríningum en þar reyna keppendur að herma eftir hljóðum svína á ýmsum æviskeiðum. Mótið fer fram í þorpinu Trie-sur-Baise og ber bæjarlífið svip af því.

Kalkþörungaverksmiðja þykir lofa góðu fyrir atvinnulífið á Bíldudal:

# Getur skapað tíu til fimmtán störf

**ATVINNUMÁL** „Það eru komnir fimm þúsund rúmmetrar af kalkþörungi í land og þetta lofar allt góðu þrátt fyrir smá byrjunarörðugleika," segir Guðmundur Magnússon verksmiðjustjóri kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal.

Seinna í vikunni kemur verksmiðjustjóri írsku kalkþörungaverksmiðjunar Celtic Sea Minerals til að líta á afurðirnar og kanna aðstæður, verksmiðjan á Bíldudal verður í eigu írsku verksmiðjunar en einnig mun Björgun hf., eiga fjórðungshlut í henni. Sanddæluskipið Perla er í óða önn að dæla upp kalkþörungi sem sendur verður til Írlands síðar í mánuðinum.

Að sögn Guðnýar Sigurðardóttur, staðgengils bæjarstjóra Vesturbyggðar, verður byrjað að reisa verksmiðjuna um miðjan næsta mánuð ef ekki berast alvarlegar athugasemdir við deiluskipulag.

Guðmundur er bjartsýnn á að framleiðsla geti hafist í febrúar á næsta ári ef allt gengur eftir. Hann segir að miðað við vinnsluleyfi upp á fimmtíu þúsund rúmmetra á ári geti um tíu til fimmtán störf skapast á Bíldudal við verksmiðjuna. - jse



**GUÐMUNDUR MAGNÚSSON** Bjartsýnn á að framleiðsla á kalkþörungi geti hafist á Bíldudal á næsta ári.



**SALMONELLA** Þessi skæða örvera finnst í ýmsum matvælum og nú síðast í innfluttum ferskvörum frá Taílandi.

Ferskvörur frá Taílandi:

## Gerlar fundust

**NEYTENDUR** Salmonella, saurkólígerlar og E.coli-gerlar hafa fundist í sýnum úr kryddjurtum, ávöxtum og grænmeti frá Taílandi sem seld hafa verið hér á landi .

Hefur Umhverfisstofun sett dreifingar- og sölubann á viðkomandi vörur og verða tvær næstu sendingar innflytjanda teknar til sérstakrar skoðunar.

Baldvin Garðarsson hjá Umhverfisstofnun segir ekki ástæðu að svo stöddu til að skýra frá því hvaða vörur sé nákvæmlega um að ræða né heldur í hvaða verslunum þær vörur hafa verið seldar. - aöe

## NORÐURLÖND

**UNGUM MÚSLIMUM FJÖLGAR** Politiken greinir frá því að í hverri viku snúist á bilinu 5-10 Danir til íslams trúar. Stærstur hluti þeirra eru konur á þrítugsaldri sem giftast múslimum en athygli vekur hins vegar að unglingar eru orðnir ríflega fjórðungur trúskiptinga.

**STUNGINN TIL BANA** Lögregla í Friðrikshöfn á Jótlandi rannsakar morð á 48 ára gömlum manni. Hann var stunginn til bana á brautarstöðinni í Álbæk, milli Skagen og Friðrikshafnar, en skömmu áður sást hann í heiftúðugu orðaskaki við annan mann. Sá hefur verið hnepptur í gæsluvarðhald.

**DÓ EFTIR SPORÐDREKASTUNGU** 29 ára gamall maður í Åstorp á Skáni fannst meðvitundarlaus í gær í íbúð sinni en hjá honum skreið sporðdreki af óþekktri tegund. Maðurinn lést skömmu síðar og er talið að eiturstunga kvikindisins hafi valdið dauða hans.

# Japanar biðjast enn afsökunar á yfirgangi

**Forsætisráðherra Japans bað nágrannaþjóðir sínar afsökunar á yfirgangi Japana í Síðari heimsstyrjöldinni. Á sama tíma mótmæltu konur sem voru notaðar sem kynlífsþrælar því að hafa ekki enn verið beðnar afsökunar.**

**JAPAN** Forsætisráðherra Japans, Junichiro Koizumi, bað þegna annarra Asíulanda afsökunar í gær á yfirgangi Japana í Síðari heimsstyrjöldinni. Afsökunarbeiðni hans náði meðal annars til Kóreu og Taívan, en Japanir gerðu löndin að nýlendum sínum í Síðari heimsstyrjöldinni. Tilefnið var að sextíu ár eru liðin frá uppgjöf Japana.

Þetta er í annað sinn á þessu ári sem Koizumi biðst afsökunar á gerðum Japana í stríðinu. AP fréttastofan segir að gagnrýnendur hafi bent á að afsökunin sé nánast samhljóma þeirri sem borin var fram fyrir tíu árum sem féll ekki í góðan jarðveg í öðrum Asíulöndum þar sem Japanar tækju ekki nægilega ábyrgð á gerðum sínum í stríðinu.

„Japan hefur valdið fólki í mörgum löndum miklum skaða og sársauka, sérstaklega nágrönnum okkur í Asíu, vegna nýlendustefnu okkar og innrása," sagði Koizumi meðal annars.

Á sama tíma komu tugir eldri kvenna saman á götum úti í Taívan, Kína, Suður-Kóreu og fleiri Asíulöndum og kröfðust þess að Japanar bæðu þær afsökunar og byðu þeim skaðabætur fyrir að hafa verið notaðar sem kynlífsþrælar fyrir hermenn japanska hersins í Síðari heimsstyrjöldinni. Fjöldi ungra kvenna tók einnig þátt í mótmælunum.

„Við viljum opinbera afsökunarbeiðni frá japönskum yfirvöldum," sagði Tsai Kuei-ying, 81 árs kona við AP-fréttastofuna. Hún er ein þrjátíu kvenna í Taívan sem enn eru á lífi af þeim tvö þúsund taívönsku konum sem neyddar voru til þess að vinna sem kynlífsþrælar fyrir japanska hermenn.

Samkvæmt skýrslu sem lögð var fyrir Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna voru allt að 200 þúsund konur gerðar að kynlífsþrælum japanskra hermanna. Talið er að um helmingur þeirra hafi látið lífið beinlínis af völdum misnotkunarinnar en þær sem lifðu voru notaðar sem kynlífsþrælar í þrjú til fimm ár. Þær voru misnotaðar mörgum sinnum á dag. Konurnar voru kallaðar „huggunarkonur" og komu frá Kóreu, Filippseyjum, Búrma, Kína, Taívan, Indónesíu og Hollandi.

sda@frettabladid.is



**FORSÆTISRÁÐHERRA JAPANS JUNICHIRO KOIZUMI MINNIST STRÍÐSLOKA** Koizumi bað nágrannaþjóðir Japana afsökunar á yfirgangi Japana í Síðari heimsstyrjöldinni. Á sama tíma komu tugir eldri kvenna saman á götum úti í Taívan, Kína og Suður-Kóreu og kröfðust þess að vera beðnar afsökunar á að hafa verið notaðar sem kynlífsþrælar japanskra hermanna í stríðinu. Talið er að allt að 200 þúsund kvenna hafi verið notaðar sem kynlífsþrælar Japana.







## BRETLAND

**DRUKKNAÐI Í SANDI** Þriggja ára gömul stúlka drukknaði í sandgryfju á baðströnd í Cornwall á Englandi á sunnudaginn. Hún og bróðir hennar höfðu grafið djúpa holu í sandinn en þegar telpan var komin ofan í hana féll hún saman með þessum hörmulegu afleiðingum. Bróðurinn sakaði ekki.

**LEITAÐ AÐ NAUÐGARAGENGI** Fimm konum hefur að undanförnu verið nauðgað í bænum Northampton á Englandi. Ráðist var á þær allar þegar þær voru einar á gangi síðla nætur og því telur lögregla að um skipulagðar árásir hóps manna sé að ræða. Rannsókn miðar vel en konur hafa verið varaðar við að fara einar út að kvöldlagi.

Endi vonandi bundinn á átökin í Aceh-héraði:

# Friðarsamkomulag undirritað

**HELSINKI, AP** Indónesíska ríkisstjórnin og uppreisnarmenn í Aceh-héraði á Súmötru skrifuðu í gær undir friðarsamkomulag. Þar með er vonast til þess að þriggja áratuga löngum átökum, sem kostað hafa 15.000 mannslíf, sé lokið.

Friðarviðræður deilenda hafa staðið yfir í sjö mánuði undir stjórn Martti Athisaari, fyrrverandi forseta Finnlands. Viðræðulotan hófst eftir að flóðbylgjan mannskæða dundi yfir Aceh-hérað en erfiðlega gekk að dreifa hjálpargögnum vegna átakanna.

Hamid Awaluddin, dómsmálaráðherra Indónesíu, og Malik Mahmud uppreisnarleiðtogi undirrituðu samkomulagið en það kveður á um að félagar í Frelsissamtökum Aceh njóti friðhelgi og héraðið fái takmarkaða sjálfstjórn. Indónesísk stjórnvöld munu draga verulega úr herstyrk sínum í héraðinu, þótt uppreisnarmönnum þyki reyndar ekki nóg að gert.

„Þetta er upphafið á nýjum tímum í Aceh,“ sagði Athisaari við undirritunina. „Öllu skiptir hins vegar að báðir aðilar standi við skuldbindingar sínar sem samkomulagið kveður á um.“

Kálið er ekki sopið þótt í ausuna sé komið því vopnahlé sem var undirritað árið 2003 fór út um þúfur hálfu ári síðar.


MYND/AP

**GLÖÐ Í BRAGÐI** Fjöldi fólks safnaðist saman í Banda Aceh, höfuðstað Aceh-héraðs, til þess að fylgjast með sjónvarpsútsendingunni.



**VÉLIN UTAN BRAUTAR.** Allir 45 farþegar vélarinnar auk fjögurra manna áhafnar sluppu ómeiddir frá óhappinu.

Flugslys í Þýskalandi:

# Flugvél rann út af brautinni

**HANOVER, AP** Flugvél í eigu British Airways rann út af flugbraut í Hanover í Þýskalandi á sunnudag og endaði um 150 metrum utan brautar. Um borð voru 45 farþegar og fjögurra manna áhöfn. Sluppu allir ómeiddir og komust klakklaust frá borði.

Rigning var þegar óhappið átti sér stað en ekki er vitað hvort veðrið var orsök þess að vélin rann út af brautinni. Rannsókn á orsökum slyssins hófst í gær. ■


MYND/AP

**BÍLLINN SPRAKK Í TÆTLUR** Talið er víst að tsjetsjenskir aðskilnaðarsinnar hafi staðið fyrir tilræðinu.

Mannfall í Tsjetsjeníu:

# Tveir dóu í sprengingu

**GROSNÍ, AP** Öflug bílsprengja var sprengd fyrir utan veitingastað í Grosní, höfuðborg Tsjetsjeníu, í gær og létust tveir í tilræðinu.

Auk þeirra sem létust slösuðust ellefu manns í sprengingunni, flestir voru þeir gestir Hollywood-veitingastaðarins. Hann er skammt frá húsakynnum héraðsstjórnarinnar þar sem Alu Alkhanov forseti fundaði með undirmönnum sínum.

Interfax-fréttastofan greindi frá því að lögregla hefði stöðvað umferð til og frá borginni vegna árásarinnar. ■

## NOREGUR

**LENTI Í SKRÚFUNNI** 33 ára gömul kona liggur lífshættulega slösuð á sjúkrahúsi í Ullevål í Þelamörk eftir sjóslys nærri Kragerø í fyrradag. Norska ríkisútvarpið hermir að tveir bátar hafi lent í árekstri og við það hafi konan fallið útbyrðis og lent í skrúfunni. Aðrir sluppu ómeiddir.

**KAKKALÖKKUM SNARFJÖLGAR** Kakkalakkar verða æ algengari á norskum heimilum og er orðið um sannkallaða plágu að ræða. Stóraukinn matvælainnflutningur og tíðari búferlaflutningar eru sögð ástæða uppgangs þessara óskemmtilegu kvikinda. Dagsavisen segir að tíu milljónum íslenskra króna verði varið til kakkalakkaeyðingar í Osló á árinu.




ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA

100% FJÁRMÖGNUN á völdum bílum

ALLT AÐ 600 ÞÚS. kr. AFSLÁTTUR

STÓ[...] ÚTS[...]

**MMC Pajero Sport**
árg. 01 ek. 73.000
**verð 1.990.000 kr.**
verð áður 2.270.000 kr.

**Skoda Octavia 1,6**
árg. 03 ek. 59.000
**verð 950.000 kr.**
verð áður 1.180.000 kr.

**Honda Accord**
árg. 96 ek.160.000
**verð 290.000 kr.**
verð áður 650.000 kr.

**MMC Pajero 3,5 GLS**
árg. 00 ek. 85.000
**verð 1.890.000 kr.**
verð áður 2.190.000 kr.

**Skoda Fabia 1,4**
árg. 00 ek. 105.000
**verð 470.000 kr.**
verð áður 680.000 kr.

**Toyota Avensis**
árg. 98 ek.155.000
**verð 370.000 kr.**
verð áður 580.000 kr.

HEKLA®
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

# ...ÓR SALA

# Á KLETTHÁLSI

## OPIÐ 9–18

**Toyota Corolla Station**
árg. 03 ek. 52.000
**verð 990.000 kr.**
verð áður 1.260.000 kr.

**VW Golf 1,6 Highline**
árg. 03 ek. 51.000
**verð 1.290.000 kr.**
verð áður 1.440.000 kr.

**Suzuki Ignis 4x4**
árg. 04 ek. 31.000
**verð 890.000 kr.**
verð áður 1.180.000 kr.

**VW Passat 1,8T**
árg. 02 ek. 49.000
**verð 1.730.000 kr.**
verð áður 1.960.000 kr.




**BÍLAÞING HEKLU**
*Númer eitt í notuðum bílum*

Klettháls 11
sími 590 5040
www.bilathing.is

## „ORÐRÉTT“

*„Ég man hvernig það var að starfa þegar Sjálfstæðisflokkurinn stjórnaði hér öllu. Þá tíma vil ég ekki upplifa aftur.“*

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR, BORGARFULLTRÚI R-LISTANS, Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Spurningin sem að mér snýr er hvort ég á að gera eitthvað „kolbrjálað“, eitthvað algjörlega afstrakt, eða hvort ég á að gera eitthvað raunsærra, eitthvað sem hefur hugsanlega notagildi.“*

ÓLAFUR ELÍASSON MYNDLISTARMAÐUR Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÚN ANDERSEN

## *Sjóliðaklæðnaður verður ráðandi í vetur*

„Vetrarvörurnar eru komnar og höfða greinilega vel til landsmanna,“ segir Sigrún Andersen, framkvæmdastjóri Arcadia, sem rekur Top shop og fleiri tískuvöruverslanir. „Vetrartískan ber keim af klæðnaði sjóliða í bland við Viktoríutímabilið og kemur mjög skemmtilega út.“

Sigrún tók sér stutt sumarleyfi þetta sumarið og varði því að mestu í helgarferð til Lundúna og svo í að ganga Laugaveginn. „Það var æðislega gaman að labba Laugaveginn. Reyndar var rok og rigning meira eða minna allan tímann og á miðri leið dauðsá ég eftir að hafa farið. En þegar komið var á leiðarenda var ég mjög ánægð,“ segir hún. Förunautar hennar voru samnemendur í MBA námi Háskólans í Reykjavík en Sigrún er hálfnuð með þetta tveggja ára nám. „Þetta er frábært nám og ég nota afganginn af sumarfríinu í bóklestur og verkefnavinnu í vetur.“



Sigrún og samstarfsfólk hennar í Top shop brydda gjarnan upp á einhverjum skemmtilegheitum um helgar og um næstu helgi er ætlunin að starfsfólk klæði sig upp og setji nýjan svip á verslunina. „Við ætlum að klæða okkur sem sjóræningjar um helgina og gera ýmislegt skemmtilegt.“

## SJÓNARHÓLL

### MINNINGARSKJÖLDUR UM HALLDÓR LAXNESS



**ÓTTAR FELIX HAUKSSON** Útgefandi og athafnaskáld.

## *Fyrir hunda og manna fótum*

„Ég er frekar á því að það hefði átt að setja skjöld á hús sem stæði næst því húsi sem Halldór Laxness fæddist í,“ segir Óttar Felix Hauksson útgefandi hjá Zonet. Rithöfundasamband Íslands og Borgarbókasafn hafa merkt fæðingarstað Halldórs Laxness á Laugavegi 32 með minningarskildi í gangstéttinni. Sumum hefur ekki þótt viðeigandi að sótsvartur almúginn geti traðkað á minningu skáldsins og jafnvel skyrpt á skjöldinn.

„Mér finnst að það hefði þurft að hafa skjöldinn í augnhæð eins og gert er í Kaupmannahöfn á ýmsum húsum, frekar en að hafa þetta svona fyrir hunda og manna fótum,“ segir Óttar sem finnst það í ætt við Hollywood að setja skjöld í gangstéttina. „Eflaust er þetta gert af virðingu, ég efa það ekki, en ég tel að það hefði farið betur á því að setja það í augnhæð.“

Óheppinn Georgíumaður:

## Skotinn tvisvar í sömu öxl



Georgíumaðurinn Kenyatta Bostic er óheppinn maður en á dögunum varð hann fyrir þeirri ógæfu að vera skotinn tvisvar í sömu öxlina hvort við sitt tilefnið.

Fyrr um kvöldið hringdi unnusta Bostics í lögreglu og sagði hann hafa beitt sig ofbeldi, en hann var á bak og burt þegar lögregluna bar að garði. Hann sneri aftur stuttu seinna en flýtti sér í burtu þegar hann sá lögregluna og ók næstum á laganna vörð í hamagangnum. Lögregluþjónn hleypti þá af skoti sem hæfði Bostic í öxlina.

Lögreglan veitti Bostic eftirför en hann sneri enn og aftur að hýbýlum kærustunnar þar sem hann klessti bílinn og hljóp á braut. Þegar lögreglan náði að stöðva hann var honum skipað að lyfta höndum upp fyrir höfuð. Eitthvað átti Bostics bágt með það, hugsanlega vegna þess að hann hafði verið skotinn í öxlina fyrr um kvöldið og fékk að launum annað byssuskot í sömu öxl.

Hlúð var að Bostics á spítala og honum sleppt að því loknu. Hann hefur verið ákærður fyrir grófa líkamsárás á lögregluþjón, húsbrot og umferðarlagabrot. ■

# Lögfræðingarnir koma

**Vart verður þverfótað fyrir norrænum lögmönnum í Reykjavík í vikunni. Norrænt lögfræðiþing hefst á fimmtudag með þátttöku ellefu hundruð lögmanna. Ragnar Tómas Árnason hefur veg og vanda af skipulagi þingsins.**

Norrænir lögmenn, af öllum stærðum og gerðum, sækja lögfræðiþingið sem hefst formlega í Háskólabíói á fimmtudag og lýkur með hátíðarkvöldverði að Ásvöllum í Hafnarfirði á laugardagskvöld. Skemmtanaglaðir lögmenn ætla þó að hittast á Thorvaldsen bar á miðvikudagskvöldið og hita sig aðeins upp fyrir umræður komandi daga með einum köldum.

Þingið á sér langa sögu, það er haldið á þriggja ára fresti og færist á milli norrænu höfuðborganna. Er um að ræða langstærsta vettvang norrænnar lagasamvinnu.

Um 1100 þátttakendur eru á þinginu í ár, þar af koma um eitt þúsund að utan. Þetta er í fjórða sinn sem þingið er haldið á Íslandi, síðast var það árið 1990.

Ragnar Tómas Árnason er aðalritari þingsins og hefur mikið mætt á honum undanfarin þrjú ár, enda ekki löðurmannlegt verk að skipuleggja annan eins viðburð. „Jú, það hefur gengið á ýmsu,“ tekur hann undir, „ en sem betur fer hefur þetta hvílt á mörgum herðum.“

Á þinginu verða alls kyns lagaflækjur í forgrunni sem margar eiga það sameiginlegt að hafa verið í brennidepli undanfarið. Ragnar segir þó ekki aðeins mikilvægt að vera með framúrskarandi fræðilega dagskrá, heldur þurfi líka að huga vel að félagslega þættinum. „Það skiptir ekki síst máli fyrir norræna samvinnu að fólk kynnist vel og haldi tengslum og því leggjum við áherslu á skemmtilega dagskrá utan ráðstefnunnar.“

Ragnar segir einn af skemmtilegri siðunum vera þann að lögfræðingar úr röðum heimamanna bjóði kollegum sínum heim eftir því sem hægt er. „Það verða boð hér og þar um bæinn, en smæðar okkar vegna getum við ekki boðið öllum heim. Fyrir þá sem ekki fá heimboð verður skemmtidagskrá í tjaldi í Fjölskyldugarðinum. Svo lýkur öllu með stórri veislu í lok ráðstefnunnar.“

Þinginu lýkur á laugardag og Ragnari finnst skemmtileg tilviljun að það beri upp á sama dag og Menningarnótt. „Það er afar ánægjulegt að geta boðið gestum okkar á þessa glæsilegu hátíð og ég efast ekki um að þeir munu hafa gaman af,“ segir Ragnar Tómas sem hlakkar til að geta einbeitt sér að lögmennskunni af fullum krafti að lokinni ráðstefnu.



**RAGNAR TÓMAS ÁRNASON** Hlakkar til að sjá árangur þriggja ára vinnu í vikunni og ekki síður til að geta einbeitt sér aftur að lögmennskunni af fullum krafti.

bergsteinn@frettabladid.is






Nýtt met slegið:

## Aldrei fleiri í Þúfuver

Alls tóku 218 manns þátt í árlegri ferð Ferðafélags Íslands og Landverndar í Þúfuver á sunnudag sem mun vera nýtt met. Að sögn Páls Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Ferðafélagsins, gekk ferðin eins og í sögu þrátt fyrir skúraveður á köflum.

Ferðin tók tólf klukkustundir enda er nóg að sjá og skoða í Þúfuveri. Byrjað var á að líta við í Eyvindarkofa sem hýsti á sínum tíma Fjalla-Eyvind og Höllu. Því næst þustu ferðalangar á slóðir freðmýrarústa og könnuðu hvern krók og kima. Þaðan var gengið áfram að Biskupsþúfu þar sem var sungnir voru sálmar og flutt messa, áður en gengið var aftur að rútunum heima á leið.

Fararstjórar voru Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasafræðingur, Gísli Már Gíslason vatnalíffræðingur, Helgi Björnsson jöklafræðingur og Sigþrúður Jónsdóttir beitarfræðingur, en frá Árnesi naut hópurinn leiðsagnar sem gerður var góður rómur að.

– bs



MYND/PÉTUR ALAN GUÐMUNDSSON

**FRÁ ÞÚFUVERUM** Ferðin tók alls tólf tíma og var meðal annars áð á slóðum Fjalla-Eyvindar.

1.73GHz örgjörvi

1 GB minni

100 GB harðdiskur

128 MB skjákort




acer

# ÓTRÚLEGT TILBOÐ

## ACER 1692WLMI 1.73GHz FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

www.tolvulistinn.is

**INTEL DOTHAN 2MB**
Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni



**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



**128MB ATI X700**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík




**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared, VGA, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.



**ÞYNGD OG RAFHLAÐA**
Acer Aspire fartölvan er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tímar



| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **1.73GHz Pentium M Dothan740**<br>Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache |
| Vinnsluminni | **1GB 533MHz Dual DDR2**<br>Einfalt að stækka minnið í 2GB |
| Harðdiskur | **100 GB 5400RPM diskur**<br>5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | **8xDVD±RW Dual Layer skrifari**<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | **15,4" WXGA WideScreen skjár**<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | **128MB ATI Radeon X700**<br>Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| Hátalarar | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum**<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Netkort | **Gigabit 10/100/1000**<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Þráðlaust | **54Mbps þráðlaust netkort**<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Stýrikerfi | **Windows XP Home - SP2**<br>Á íslensku eða ensku |
| Annað | **4 in 1 minnis-kortalesari**<br>Innbyggður kortalesari fyrir flest kort |

# VERÐ 149.900

Var að lenda aftur • Fyrstir koma fyrstir fá

Öll helstu tölvukaupalán eins og Vísa/Euro raðgreiðslur að 36 mánuðir, VÍS tölvukaupalán að 48 mánuðum sem og lán frá bönkum og sparisjóðum

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Glerárgötu 36 | Hafnargötu 90 |
| Sími 562 6730 | Sími 464 7400 | Sími 534 7400 |

## SVONA ERUM VIÐ

**SLYS ALDRAÐRA INNAN VEGGJA HEIMILISINS**

Heimild: Landlæknisembættið




# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING: TVÖ ÞREP VIRÐISAUKASKATTS**

## *Breytingar snerta öll heimili*

Virðisaukaskattur hefur verið í umræðunni að undanförnu vegna fyrirætlana ríkisstjórnarinnar um lækkun hans á næstunni. Í huga margra er virðisaukaskatturinn aðeins hugtak, sem fólk hugleiðir ekki almennt í daglegu lífi.

**Hvernig skiptist hann?** Þessi skattur kemur við pyngju allra, því hann er tekinn af allri vörusölu. Honum er skipt í tvö þrep, annars vegar 24,5 prósent og hins vegar 14 prósent. Það sem nú er til umræðu eru breytingar til lækkunar á neðra þrepinu, 14 prósentunum.

**Með hvaða hætti kæmu þær breytingar landsmönnum til góða?** Þær snerta öll heimili í landinu ef af verður, því neðra skattþrepið nær til flest allra matvæla. Þá má nefna gistiþjónustu, afnotagjöld hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva og sölu tímarita og dagblaða.



Kostnaður við húshitun myndi lækka ef af breytingunni yrði, því neðra þrep virðisaukaskattsins nær einnig til sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa.

Matvæli eru í neðra þrepinu eins og áður sagði. Hafi þau verið tilreidd fyrir sölu, til að mynda á veitingahúsum, þá eru þau komin í efra þrepið.

**Eru einhverjar undanþágur á virðisauka skatti?** Ýmsar þjónustugreinar eru undanþegnar virðisaukaskatti. Má þar nefna heilbrigðisþjónustu, félagslega þjónustu og rekstur skóla og menntastofnana. Menningarstarfsemi af ýmsum toga er einnig utan skatts.

**HEIMILD: WWW.RSK.IS**

## SPURT & SVARAÐ

**HVERNIG ER AÐ VERA SAMKYNHNEIGÐUR Á ÍSLANDI?**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**SIGURSTEINN MÁSSON** Varaformaður Samtakanna 78.

### *Mun betra en víðast hvar*

**Hver er lagaleg staða samkynhneigðra hér á landi í dag?**
Samkynhneigðir geta staðfest samvist og þannig notið sama réttar og gagnkynhneigðir. Okkur vantar þó enn fullt jafnræði við þá hvað varðar ættleiðingar, tæknifrjóvgun og kirkjulega vígslu.

**Hversu lengi hefur staðfest samvist verið möguleg?**
Lögin voru samþykkt árið 1996 og hafa reynst mjög vel. En ef við förum alla leið er ég viss um að fleiri munu stíga skrefið til fulls til samkynhneigðs fjölskyldulífs, sem þá mun að öllu leyti standa jafnfætis hinu gagnkynhneigða.

**Hvernig er að vera samkynhneigður á Íslandi?**
Það er mjög gott að vera samkynhneigður á Íslandi og mun betra en í flestum löndum heims. Þegar það vantar svona lítið upp á að fullt jafnrétti náist á það að vera lítið mál að klára þetta. Ég er sannfærður um að það mun ganga eftir.



**KVEIKT Á KERTUM** Minningarathöfn var haldin í Nikósíu á Kýpur um þá sem létust í flugslysinu norður af Aþenu í fyrradag.

# Eldra fólk sækir um í hrönnum

**„Geysilega jákvætt sjónarmið," segir Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, um starfsmannastefnu Húsasmiðjunnar. Fyrirtækið auglýsir eftir eldra fólki með áralanga reynslu úr öllum greinum atvinnulífsins til starfa.**



**STARFSMANNASTJÓRINN** Guðrún Kristinsdóttir starfsmannastjóri (þriðja f.v.) ásamt starfsmönnum Húsasmiðjunnar, þeim Reyni Þormar, Kristni Birgissyni, Kristni Ástvaldssyni, Kristínu Guðmundsdóttur og Grétari Samúelssyni.

Síminn stoppaði ekki hjá Húsasmiðjunni í gær og atvinnuumsóknirnar streymdu inn. Ástæðan var auglýsing fyrirtækisins sem birtist um helgina. Þar var auglýst eftir starfsfólki sem dregið hefur sig í hlé af almennum vinnumarkaði eða vill minnka við sig vinnu, en er tilbúið til að miðla af áralangri reynslu sinni. Starfið felst í því að taka á móti viðskiptavinum, hlusta á óskir þeirra og leiðbeina þeim.

„Auk umsóknanna hefur fólk líka verið að þakka okkur fyrir að gefa sér tækifæri," segir Guðrún Kristinsdóttir starfsmannastjóri Húsasmiðjunnar. „Þetta getur jafnvel verið fólk sem komið er á ellilífeyrisaldur en vill gjarnan komast út í vinnu nokkra tíma á dag, kannski annan hvern laugardag eða sunnudag," segir Guðrún og bætir við að þessi hugmynd hafi oft komið upp í Húsasmiðjunni en ekki orðið að raunveruleika fyrr en nú.

### Jafnbesta starfsfólkið

„Okkar reynsla er sú að jafnbesta fólkið okkar er þetta fólk," segir Guðrún. „Það er tryggasta fólkið okkar og mjög áreiðanlegt. Okkur sem störfum í þessum geira finnst líka að það þurfi að hafa starfsfólk sem viðskiptavinurinn ber ákveðið traust til þegar þarf að leita ráðlegginga. Það hefur ekki verið auðvelt að finna þetta fólk. En nú flykkist það inn. Ég ræddi einmitt við tvo fyrrverandi ríkisstarfsmenn í morgun, sem komnir eru á ellilaun en langar að komast út og vinna lengur. Þetta er ekki bara vinnan sem togar í fólkið heldur er líka félagsskapur fólginn í því að komast út og hitta aðra."



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Segir það staðreynd að fjöldinn allur af fólki hrökklist út af vinnumarkaðinum.

Guðrún segir að fyrirtækið greiði fólkinu yfir kjarasamningum. „Við erum ekki að borga svona fullorðnu fólki einhver byrjendalaun. Við unnum þetta í samvinnu við samtök eldri borgara."

Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags ríkis og bæja, segir þetta framtak „geysilega jákvætt sjónarmið og afstöðu" sem fólk hljóti að fagna".

### Fórnarlömb æskudýrkunar mörg

„Menn hafa verið að höfða til fyrirtækja og stofnana um að líta eftir reynslu. Það er staðreynd að fjöldinn allur af fólki hefur hrökklast út af vinnumarkaði, í sumum tilvikum til að rýma fyrir yngra fólki," segir Ögmundur, „því það var nánast sjúkdómur hjá sumum fyrirtækjum, ekki síst í fjármálageiranum að horfa til æskudýrkunar. Fórnarlömb slíkra hugmynda eru mörg."

Ögmundur segir að sé þetta andsvar við þeirri þróun, þá beri að fagna því. Óskandi sé að þetta viðhorf verði ríkjandi í fyrirtækjum almennt.

„Í athugun sem við gerðum hjá BSRB á sínum tíma, um viðhorf fólks til starfsloka, kom fram að yngra fólkið lagði mikið upp úr því að flýta starfslokum,en eldra fólkið vildi hafa möguleika til að vinna lengur. Skýringin er líklega sú að fólk í fullu fjöri er ekki tilbúið til að hætta að vinna um sjötugt. Svo er hitt að í tilteknum störfum er fólki gert að vinna mjög erfiðar vaktir. Þar hefur tilhneigingin því miður verið sú að draga heldur úr ívilnunum viðkomandi." ■



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is

Tryggingastofnun:

## Skerðing frá fyrstu krónu

**ATVINNUMÁL** Tekjutryggingarauki lífeyrisþega fer að skerðast frá fyrstu krónu sem þeir fá í atvinnutekjur, að sögn Ágústs Þórs Sigurðssonar yfirmanns lífeyristryggingasviðs TR.

„Skerðing lífeyris fer eftir því hvernig er ástatt hjá hverjum og einum," segir Ágúst Þór. „Frítekjumark frá tekjutryggingarauka er ekki neitt, þannig að hann skerðist um leið og menn fara eitthvað að hreyfa sig. Mánaðarupphæð hans er 21.258 miðað við einhleypan ellilífeyrisþega. Skerðingin er 45 prósent, þannig að vinni viðkomandi sér inn 1000 krónur heldur hann eftir 550. Tekjutryggingin fer ekki að skerðast fyrr en mánaðartekjurnar ná 48.182 krónum. Þá skiptir máli hvort viðkomandi er giftur eða einhleypur. Ellilífeyririnn sjálfur fer ekki að skerðast fyrr en mánaðartekjurnar ná rúmlega 150 þúsund krónum."

Spurður hvort það borgi sig ekki undir neinum kringumstæðum fjárhagslega fyrir ellilífeyrisþega að vinna segir Ágúst Þór að hann fái meira í vasann.

„Menn hagnast yfirleitt alltaf eitthvað á því, en atvinnutekjurnar koma alltaf til skerðingar," segir hann. - jss




**ÁGÚST ÞÓR SIGURÐSSON** Ágúst segir lífeyrisþega yfirleitt hagnast eitthvað ef þeir vinna með lífeyrinum.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.22 | 13.32 | 21.40 |
| AKUREYRI | 4.56 | 13.17 | 21.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## brúðkaup o.fl.

Skemmtilegir brúðkaupsleikir

BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagur 16. ágúst, 228. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



Á laugardaginn er æfingum og undirbúningi lokið hjá undirbúningshópnum og sjálft maraþonið tekur við.

# Innblástur er allt sem þarf

***Undirbúningshópur fyrir Íslandsbanka Reykjavíkurmaraþon hefur hlaupið í einar tólf vikur og á laugardaginn uppsker hópurinn árangur erfiðis síns.***

„Við hlupum síðasta stóra hlaupið okkar í síðustu viku,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, einn þjálfara í undirbúningshóp fyrir Íslandsbanka Reykjavíkurmaraþonið sem verður haldið næstu helgi. Hann hefur séð um að þjálfa hópinn sem hefur sett sér það markmið að komast í mark og hefur hópurinn hist tvisvar í viku við tjaldstæðið í Laugardal og hlaupið þaðan. „Þetta er fólk sem hefur ekkert hlaupið áður en ætlar að hlaupa og ganga til skiptis 10 kílómetra,“ segir Stefán. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel og fólk náð miklum framförum,“ segir Stefán.

Gífurleg þátttaka hefur verið í undirbúningnum og var hópnum skipt í þrennt. Auk hóps Stefáns er hópur sem stefnir á að hlaupa alla 10 kílómetrana og loks hópur sem stefnir á að bæta hraðann í 10 kílómetra hlaupi. „Við höfum sent út tölvupóst í hverri viku allan undirbúningstímann með æfingaplani og ýmsum fróðleik varðandi mataræði og fleira, en það eru um 450 manns sem fengu þann póst,“ segir Stefán.

Aðspurður hvort 12 vikur séu nægur tími til að þjálfa sig fyrir hlaupið, segir hann það feikinóg. „Ef maður æfir sig reglulega þá nær maður árangri. Vel reynist að hlaupa saman í hóp því þannig fær fólk innblástur, en ég er á því að innblástur er allt,“ segir Stefán.

Hann ráðleggur fólki að hlaupa ekki stórt hlaup í vikunni sem maraþonið á sér stað, þótt það þýði ekki að fólk eigi bara að leggjast upp í sófa. „Ágætt er síðustu vikuna að hreyfa sig, og jafnvel gera eitthvað annað en að hlaupa eins og að synda eða hjóla. Aðalmálið er að hafa gaman,“ segir Stefán.

*kristineva@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

*í heilsu*

**Offita** Umfjöllun um geðröskun og offitu eftir Kristin Tómasson lækni er að finna í nýjasta tölublaði Læknablaðsins. Í greininni bendir Kristinn meðal annars á að ekki sé síður mikilvægt að vera vakandi fyrir áhrifunum sem of feitur einstaklingur verður fyrir þegar hann mætir sífellt neikvæðu viðhorfi í umhverfi sínu, til jafns við þau neikvæðu heilsufarslegu áhrif sem offita hefur. Greinina er hægt að lesa á slóðinni www.laeknabladid.is.



**Salmonella** Niðurstöður gerlarannsókna á ferskum kryddjurtum og fleiri matvælum frá Taílandi eru betri en búist var við ef tekið er mið af niðurstöðum sambærilegra rannsókna í Noregi. Samkvæmt upplýsingum frá matvælaeftirliti Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar hefur það nú þegar látið rannsaka 42 sýni af ferskum kryddjurtum, grænmeti og ávöxtum frá Taílandi hjá rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Salmonella hefur greinst í 7% sýna sem tekin voru í sumar og er það sambærilegt við niðurstöður frá Svíþjóð, en samt ekki ásættanlegt.

*heilsa@frettabladid.is*


ÁGÚST

Kafbátur mánaðarins

**Kafbátur með krabbasalati**

*...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða*



**6 tommu bátur kr. 299**

**12 tommu bátur kr. 499**

SUBWAY

*Gildir í ágúst 2005*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum*
*Gildir ekki í Stjörnumáli*



**Hlaupaskór**
Ef þú ætlar þér að taka þátt í langhlaupi eða maraþoni er ekki sniðugt að fara í nýja skó. Best er að nota skóna sem þú hleypur oftast í.

UM NÁM Á MIÐVIKUD
Allt sem þú þarft og meira til
allt
Allt um nám á miðvikudögum í Fréttablaðinu.

Gallerý fiskur í verslun
Úrval nýrra og góðra fiskrétta lagaða úr fersku grænmeti og nýjasta fiskinum m.a.:
Grillpinnar með grænmeti og fiski
Rauðspretta með pestó, ólívum og sólþ. tómötum
Montreal fiskréttur
Lúða í grænpiparsósu
auk mikils úrvals af ferskum fiski í flökum og steikum
Opið í veitingahúsi öll kvöld nema sunnudaga
Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.-
SLENDERTONE FLEX 12.900.-
HREYSTI

14 milljarðar gerla / 8 tegundir gerla
PB8 er nú loksins fáanlegur en hann hefur verið vinsælasti asidófílus í Bandaríkjunum síðastliðin 8 ár. Til að byggja upp þarmaflóruna og bæta meltingu. Góður eftir neyslu fúkkalyfja og frábær félagi í ferðalagið. Glútein og mjólkurlaus.
Útsölustaðir PB8: Árbæjarapótek • Yggdrasill • Maður Lifandi • Laugarnesapótek Rima Apótek • Apótek Ólafsvíkur • Heilsutek Hveragerði • Heilsubúðin Njálsgötu

STAFGANGA Í LAUGARDAL
NÁMSKEIÐ HEFST 23. ÁGÚST N.K.
TÍMAR
HÓPUR A - Byrjendur kl. 17:30 & 19:00
HÓPUR B - Fyrir lengra komna kl. 17:30
Gengið á þriðjudögum og fimmtudögum
Skráningar og upplýsingar á stafganga.is eða í síma 616 8595 / 694 3571
www.stafganga.is - áhrifarík leið til líkamsræktar

Yggdrasill
Erum flutt að Skólavörðustíg 16 í stærra og glæsilegra húsnæði. Margar nýjar vörur og tilboð. *tilbúnir réttir beint í ofninn, *ekta ítalskur ís og margt fleira.
Verið velkomin á Skólavörðustíginn
Yggdrasill
Lífrænt ræktaðar vörur frá 1986 • S: 562 4082



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Georg lætur ekki deigan síga við æfingarnar enda stefnir hann hátt.

# Best að þekkja takmörkin

***Georg Ögmundsson hefur krafta í kögglum enda er hann iðinn við að lyfta lóðum. Hann hefur keppt í aflraunum erlendis í sumar og gert það gott.***

Georg vann á alþjóðlegu móti á Spáni og öðru sæti í keppninni Sterkasta lið í heimi sem hann mætti í Ungverjalandi, ásamt Grétari „Big G“ Guðmundssyni. „Þetta veit bara á betra og meira,“ segir Georg og kveðst vera rétt að byrja. Hann stundaði körfubolta á árum áður og kveðst hafa gutlað við lyftingar með þeim en ekkert byrjað að „rífa í járnin fyrir alvöru“ fyrr en fyrir fjórum árum. Ekki skortir hann aðstöðuna þar sem hann á líkamsræktarstöðina Orkuverið í Egilshöll og svo er hann sjúkraþjálfari að mennt þannig að hann kann þetta líka. „Maður reynir að stunda æfingarnar vel og vera eins hrikalegur og hægt er þegar á þarf að halda,“ segir hann hlæjandi. Hann kveðst fá ráð hjá sér reyndari mönnum um hvernig best sé að haga æfingum og segir Magnús Ver mikinn fróðleiksbrunn. „Magnús er rosalega duglegur að miðla sínum fróðleik og maður er ekki á flæðiskeri staddur hvað það varðar,“ segir hann. Er ekki hætta á að menn ofgeri líkamanum í svona aflraunum? „Sem sjúkraþjálfari get ég sagt að um leið og íþróttir eru orðnar að keppni þá eru þær varasamar fyrir stoðkerfið. Í keppni vill hver og einn vera bestur og því eru menn alltaf í hættu á að ofgera sjálfum sér. Menn verða því að þekkja sín takmörk,“ segir Georg. Sjálfur er hann nýkominn af ströngu Norðurlandamóti og kveðst vera með mjaðmaverki og stingi í hnjánum sem hann reiknar með að finna fyrir í einhverja daga enn. „Maður fer eins nálægt þessari óheilbrigðu línu og hægt er en verður þó að halda sig réttu megin við hana.“

*gun@frettabladid.is*



MYND/GETTY

Skólastofur í Bandaríkjunum eru ekki sótthreinsaðar sem skyldi af ræstingarfólki.

# Kennslustofur ekki sótthreinsaðar

***Í Bandaríkjunum missa börn úr skóla og foreldrar og kennarar úr vinnu vegna mikilla baktería í skólastofunum.***

Bandarísk börn missa 22 milljónir daga úr skóla á hverju skólaári vegna kvefs, flensu og annarra sýkinga samkvæmt sérfræðingum á barnaspítala í Portland.

Þessar tölur koma ekki á óvart þar sem sjö af hverjum tíu kennurum í landinu segja að kennslustofurnar séu ekki sótthreinsaðar reglulega samkvæmt nýrri könnun. Meira en helmingur kennaranna segist eyða eigin fé og tíma í að losa kennslustofurnar við sýkla.

Meðalbarn í Bandaríkjunum fær kvef 6,5 sinnum á ári sem stendur í þrjá til fimm daga í hvert sinn. Þess konar sýkingar valda því að foreldrar missa að áætlað er 126 milljón daga úr vinnu á ári vegna veiks barns. Þetta hefur líka áhrif á kennara þar sem meðalkennari tekur sér 5,3 veikindadaga á hverju skólaári.

En hrein skólastofa er ekki það sama og sýklalaus skólastofa. Níu af hverjum tíu kennurum sögðu að börn kæmu oft veik í skólann. Þrír fjórðu kennaranna halda að þeir hafi smitast af veiki af barni sem þeir kenna.

Borð, yddarar, hurðarhúnar og kranar eru útötuð í sýklum ef veikt barn kemur við þau. ■

# Bóluefni gegn leghálskrabbameini

***Virkar í 95 til 100 prósent tilfella.*** Bóluefni gegn leghálskrabbameini er væntanlegt á markað á næsta ári, en það var þróað af vísindamanninum Ian Frazer í Ástralíu. Tilraunir á bóluefninu hafa staðið yfir í nokkur ár og hefur það virkað í 95 til 100 prósent tilfella. Leghálskrabbamein er eitt af fáum tegundum krabbameins sem verður til við veirusýkingu. Bóluefnið virkar gegn veirunni sem veldur krabbameininu en veiran smitast við kynmök. Um hálf milljón kvenna um allan heim eru greindar með leghálskrabbamein og um 275 þúsund kvenna deyja úr krabbameininu á hverju ári. Hingað til hefur besta leiðin við að vinna gegn krabbameinu verið að greina það á frumstigi og fjarlægja meinið með svokölluðum keiluskurði. ■



MYND/GETTY

Vísindamaðurinn Ian Frazer með bóluefni gegn leghálskrabbameini.

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

# Styrkleikaþjálfun – Ranghugmyndir

Það er mjög algengt að þeir sem þekkja ekki til líkamsræktar hafi ranghugmyndir um styrkleikaþjálfun eða lyftingar. Samt vilja líklega flestir vera í það minnsta „tónaðir“, þ.e. með sýnilega aðgreiningu milli mismunandi vöðva og vöðvahópa. Ofarlega á blaði er til dæmis að rass-, brjóst, upphandleggs-, kvið- og axlavöðvar séu greinilegri. Það er nær ómögulegt að ná því að verða „tónaður“ nema að stunda styrkleikaþjálfun.

### Konur og lyftingar

Eins er mjög algengt að konur haldi að þær verði eins og rússnesku kven-kúluvarpararnir (sbr. Olga Barishnikova) hér áður fyrr af því einu að horfa á lóð en það er algjör misskilningur. Ef við stundum lyftingar þá bætum við að sjálfsögðu á okkur einhverjum vöðvamassa en ef við gætum ekki að því að brenna burtu þeirri fitu sem fyrir er á líkamanum verður að sjálfsögðu ummálsaukning en það er ekki lóðunum að kenna, miklu frekar vantar að leggja ríkari áherslu á mataræði og fitubrennslu.

### Styrkleikaþjálfun er nauðsynleg

Þetta segir okkur að styrkleikaþjálfun, á móts við liðleika og úthaldsþjálfun sem og fitubrennslu, er ómissandi þáttur í líkamsrækt. Við verðum í raun að stunda lyftingar eða aðra styrkleikaþjálfun.

### Hvað hentar best?

Reyndar eru til fleiri tegundir styrkleikaþjálfunar en lyftingar. Allar hreyfingar sem gerðar eru gegn viðnámi hafa bein áhrif á líkamann. Gott dæmi eru fimleikar sem undirritaður stundaði af krafti á yngri árum og höfðu einna jákvæðust áhrif á minn skrokk af öllum íþróttum sem ég hef stundað. Það er algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur að leggja rækt við líkamann, þetta vitum við. Engu að síður skiptir ekki minna máli að sú tegund þjálfunar sem við stundum sé eitthvað sem okkur finnst verulega skemmtilegt að gera.

### Mismunandi þjálfun hefur mismunandi áhrif

Það er hægt að sjá fyrir sér í huganum til dæmis kraftlyftingamann og fimleikamann hlið við hlið. Hvor vildum við heldur vera? Íþróttamenn eru nefnilega vaxnir á sama hátt og íþrótt þeirra krefst að líkaminn starfi, sem aftur ræður áherslum við þjálfun. Bæði svörin geta því átt við og að sjálfsögðu fer það eftir smekk okkar, sem er jafn mismunandi og við erum mörg.

### Mikilvæg spurning!

Því er best að spyrja sig, eftir að við gerum okkur grein fyrir að mismunandi íþróttir hafa mismunandi áhrif á líkamann, hvaða íþrótt hentar mér best að stunda? Oftast henta þær íþróttir sem okkur finnast skemmtilegastar. Þetta er eitthvað sem er algjörlega þess virði að hugsa um og í raun nauðsynlegt að hugsa um áður en af stað er haldið...

Gangi þér vel!

ÞETTA OG FLEIRI HOLLRÁÐ ER EINNIG AÐ FINNA Á VEFSVÆÐI HEILSURÁÐGJAFAR **WWW.HEILSURADGJOF.IS**

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Jón Ingi veit ekki hve mikið gagn golfið gerir líkamlega en finnst það nógu skemmtilegt.

# Spriklar í golfi á sumrin

***Jón Ingi Hákonarson leikari mun stjórna íslenska Bachelornum á Skjá einum í haust, en stressar sig þó ekki á því að koma sér í form fyrir það.***

„Ég reyni að vera duglegur í líkamsræktinni en ég er kannski ekki alltaf eins duglegur og ég vil vera. Ég á samt kortið,“ segir Jón Ingi og hlær.

„Á sumrin er ég mikið í golfinu og það er mín helsta líkamsrækt. Ég get spriklað á vellinum fram á haust en ég veit svo sem ekki hve mikið gagn það gerir líkamlega séð en það er nógu skemmtilegt,“ segir Jón Ingi sem stundar enga skipulagða líkamsrækt. „Nei ég geri svona hitt og þetta. Ég hleyp og lyfti þegar ég fer í ræktina og geri sitt lítið af hverju. Síðan spila ég innanhúss bumbubolta með félögunum á veturna. Ég leik líka á sviði og er ansi mikil líkamsrækt. Að leika á sviði jafnast stundum á við nokkra eróbikktíma. Þannig að þetta tínist til og ég reyni að hreyfa mig eitthvað þegar ég hef tíma og nenni. Það helst í hendur.“

„Lestur bóka er mín andlega leikfimi. Ég er alltaf með einhverjar bækur að lesa,“ segir Jón Ingi sem mætti þó hugsa meira um mataræðið. „Ég mætti vera mun meðvitaðri um mataræði. Ég er náttúrulega nammigrís og get verið svolítið góður við mig. Ég myndi segja að ég væri enginn ofstopamaður þegar kemur að heilsurækt. Ég er frekar mikill meðaljón, sem er mjög gott.“

*lilja@frettabladid.is*





Hafrafitness að hætti Jóa Fel

- fullar af trefjum og rúsínum

Kleppsvegi 152
Smáralind
Opið mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00
laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00




STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet/heilsuhorn.is

FJÖLVÍTAMÍN MEÐ GINSENG




Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

FÆST Í APÓTEKUM, HAGKAUP, NETTÓ, SAMKAUP, SPARKAUP, NÓATÚNI, ÚRVALI OG STRAX

smoothie ávaxtadrykkur
úr pressuðum ávöxtum




100% hreinn fyrir þig
arka • Sími 899 2363

Hátt kólesteról?




Guggul Plex inniheldur guggulsteron, afar virkt efni sem lækkar kólesteról

Rannsóknir hafa leitt í ljós að guggulsteron geti lækkað kólesteról um 11-12%. Guggul er ekki skyndilausn og þarf jafnvel nokkra vikna notkun til að sjá árangur. Guggulsterón virðist ekki aðeins lækka slæma kólesterólið (LDL) heldur byggja jafnframt upp gott kólesteról (HDH).

Fæst í lyfjabúðum, matvöruverslunum, Heilsuhúsinu og öðrum heilsuverslunum

**Gjafir**
Öftustu síðurnar í gestabókinni sem tilheyrir brúðkaupinu er tilvalið að nota til þess að skrá niður gjafir. Þegar hver gjöf er opnuð er hún skráð ásamt nöfnum þeirra sem hana gáfu.

## Leikandi skemmtileg veisla

Á VEFNUM BRUDKAUP.IS ER HÆGT AÐ FINNA MARGA SKEMMTILEGA BRÚÐKAUPSLEIKI.

**Barbie og Ken**

Leikurinn með Barbie og Ken virðist aldrei ætla að deyja út. Þar eru brúðhjón prófuð í þekkingu á maka sínum. Þau sitja bak í bak þar sem allir gestir sjá og eru hvort með sína Barbie og Ken dúkkuna. Síðan eru þau spurð spjörunum úr um hvort sé til dæmis duglegra í uppvaskinu. Ef konan telur manninn vera duglegri heldur hún Kendúkkunni á lofti en ef hún telur sig sjálfa vera duglegri heldur hún Barbie-dúkkunni á loft. Svona heldur þetta áfram í nokkrar spurningar og vekur yfirleitt mikla lukku meðal viðstaddra.



**Skilaboð til brúðhjónanna**

Það er líka sniðugt að láta hvern veislugest fá lítinn blaðsnepil og penna. Hver og einn skrifar síðan falleg orð til brúðhjónanna á blaðið og daginn eftir brúðkaupið geta brúðhjónin skemmt sér við lesturinn.

**Sígildur söngur**

Auðveldast er náttúrlega bara að syngja, dansa og skemmta sér saman sem ætti ekki að vera erfitt á þessum gleðidegi. Veislustjóri getur til dæmis búið til söngbók og hvatt fólk til að syngja með skemmtileg lög.

**Að finna hlut**

Að ná í hlut er skemmtilegur og lifandi brúðkaupsleikur. Einn fulltrúi af hverju borði kemur upp á svið þar sem stólum er raðað eins og í stólaleik. Það er sem sagt alltaf einum stól færra en keppendur eru. Keppendur fá síðan fyrirmæli um að sækja ákveðinn hlut á sitt borð eins og til dæmis framsóknarmann, sokkabuxur eða úr. Sá sem kemur síðastur upp á svið með hlutinn dettur úr leik. Svona gengur þetta þangað til einn stendur uppi sem sigurvegari. Auðvitað verða þrautirnar erfiðari og erfiðari eftir því sem líður á leikinn og hasarinn magnast.



*Við höfum flutt*
verslun okkar og hönnunarverkstæði ofar á Laugaveginn í rúmgott og bjart húsnæði að Laugavegi 52
**Gull & Silfur**
Sími: 552 0620



UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!
SIRKUS
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

BRÚÐAR GJAFIR
...
Gallerí Fold
Kringlunni og Rauðarárstíg
LISTMUNASALA
fold



ALLIR LEIKIRNIR SEM SKIPTA MÁLI Í BEINNI Á SÝN
sýn
besta sætið



Hjördís Reykdal Jónsdóttir blómaskreytir segir að í rauninni sé engin ein tíska í gangi í brúðarvöndum.



Fallegur kúlulaga vöndur frá Hjördísi á Blómaverkstæði Binna.

# Brúðarvöndurinn er skartgripur brúðarinnar

***Brúðarvendi er hægt að fá í öllum stærðum og gerðum. Möguleikarnir eru óþrjótandi og tískan setur mönnum litlar skorður.***

„Nú er kominn meiri stíll á brúðkaupin en áður og það er mikil fjölbreytni í gangi. Þar af leiðandi eru brúðarvendirnir orðnir mjög mismunandi,“ segir Hjördís Reykdal Jónsdóttir, blómaskreytir hjá Blómaverkstæði Binna, þegar hún er spurð út í tískuna í brúðarvöndum. „Það er mín skoðun að vöndurinn eiga að ríma við allt það sem brúðurin ætlar að skarta á brúðkaupsdaginn. Vöndurinn er í raun bara skartgripur og hann verður að passa við heildarútlitið. Ég hugsa að það sé í rauninni það sem einkennir tískuna núna. Fólk hugsar meira um heildarmyndina en oft áður. Ef kjóllinn er mikið skreyttur er vöndurinn til dæmis hafður látlaus og einfaldur,“ segir Hjördís og bætir því við að vendirnir hafi verið frekar látlausir undanfarin ár þótt rómantíkin sé aldrei langt undan. „Fólk er farið að skilja að það er ekki fallegt að rogast inn kirkjugólfið með fangið fullt af blómum,“ segir Hjördís.

Ómar Ellertsson, blómaskreytir í Blómavali, tekur í sama streng og segir að vendirnir hafi verið látlausir undanfarin ár. „Þetta gengur alltaf í bylgjum. Kúluvendirnir hafa verið áberandi en núna eru þessir gamaldags dropavendir að koma aftur. Þetta er því eiginlega bland í poka og vendirnir eru afar mismunandi.“

Ómar segir að hvítt sé algengasti liturinn og þannig hafi það verið um nokkurt skeið. „Hér áður fyrr var rautt meira áberandi og þótt það sé vinsælt enn í dag velja langflestir ljósa vendi. Rósirnar eru alltaf vinsælastar en einhver tískublóm laumast alltaf inn. Calli og orkídeur hafa verið áberandi undanfarið.



Fallegur vöndur með kremuðum rósum, bergfléttu og burkna. Eftir Ómar Ellertsson í Blómavali.



Orkídeur hafa verið áberandi í brúðarvöndunum. Þennan fallega og einfalda vönd gerði Ómar Ellertsson í Blómavali.



Gamaldags dropalaga vöndur sem Kristján Bogason í Blómavali gerði. Vendir með þessu sniði eru vinsælir nú.

# Borgaraleg hjónavígsla er hátíðleg stund

***Sumir halda að hægt sé að ganga inn af götunni og láta gifta sig en svo einfalt er það þó ekki.***

„Fólk þarf að panta tíma og við þurfum að kanna hvort öll skilyrði séu uppfyllt til þess að það geti gengið í hjónaband,“ segir Guðmundur Siemsen, fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi. Guðmundur segir hjónavígslur vera með ánægjulegustu þáttum starfsins. „Fólk verður að hafa náð 18 ára aldri, vera lögráða og ekki of skylt. Það þarf að fylla út skýrslu um sína hagi og skila fæðingarvottorðum auk þess að framvísa persónuskilríkjum og vottorði um hjúskaparstöðu. Undir skýrsluna þurfa að rita tveir svaramenn, minnst 18 ára að aldri, og staðfesta að þeir viti enga meinbugi á fyrirhuguðum ráðahag.“

Guðmundur segir hjónavígslur yfirleitt fara fram á skrifstofu en ef margir fylgi parinu sé fundarsalur til reiðu. „Stundum koma hjónaefnin bara tvö því við útvegum votta ef með þarf en í öðrum tilfellum mætir hópur fólks og mikið gengur á með myndatökum og öðru tilheyrandi,“ segir hann. Sjaldan er þó sungið við borgaralegar giftingar en beiðnir um það eru teknar til greina og ef óskir koma um að hafa athöfnina annars staðar en hjá embættinu er reynt að mæta þeim. Fólk er klætt á ýmsan máta, allt frá hversdagsfatnaði upp í að vera prúðbúið.

Það felst líka í starfi Guðmundar að staðfesta samvist fólks af sama kyni og staðfestingin hefur að mestu sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar. Þótt þessar borgaralegu athafnir taki ekki nema um fimmtán mínútur segir Guðmundur þær vera hátíðlegar. „Þarna er verið að stofna mjög mikilvægt samband sem felur í sér réttindi og skyldur og athöfnin ber þess merki.“



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Guðmundur segir allan gang á því hvort hjónaefnin komi ein á staðinn eða hafi fjölskyldu og vini viðstadda.

## Líkamsrækt

Til sölu Pulse hlaupabretti og Schwinn spinninghjól. Uppl. í síma 426 9899.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting







## Námskeið

**Ert þú í leit að ljósinu?**
Shamballa 13D vísar veginn! www.geocities.com/lillyrokk Skráning í s. 566 7748.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ



Námskeið til pungaprófs, 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda, 7.sep til14 nóv. Kennsla mán og mið kl. 19 til 23. S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



Design tískustólinn, verð áður 29.900, verð nú 14.900 www.rum.is Snorrabraut 56, Rvk. S. 551 5200, Glerárgötu 36, Akureyri 461 5300.

Vönduð og vel með farin húsgögn til sölu. Stækkanlegt borðstofuborð, 8 stólar og borðstofuskápur. Einnig gott sófasett. Uppl. í s. 554 3849.

Til sölu svart leðursófasett 3+2. Verð 40 þús. fyrir bæði. Uppl. í s. 867 1876.

2 nýlegir fataskápar 100cm á breidd, úr Hirzlunni, beiki. Verð 10 þús. stk. Uppl. í síma 699 0924.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

Til sölu Brio Combi vagn með burðarrúmi, skiptitösku, regnslá. Verð 12 þús. Einnig bílstóll 0-12 mán. Verð 3 þús. Uppl. í síma 699 0924.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

2 Labrador hvolpar til sölu, heinræktaðir. Ljós og svartur. Uppl. í s. 892 3777.

Gullfallegur hvolpur af smáhundakyni til sölu. Selst á 50 þúsund. Upplýsingar í s. 846 4079.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Útilegubúnaður

Gönguskíði óskast með sléttum sóla, 210 cm löng, 4,5-5cm breið. S. 437 1566 & 820 1566.

## Byssur

**Sjónaukastillingar.**
Byssusmiðja Agnars, sími 891 8113.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is




Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is




Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Þú færð allt í veiðiferðina í Veiðideild Intersport Bíldshöfða. Mikið úrval af beitu; maðk, makríl og sandsíli. Erum einnig með fallegar laxa- og silungaflugur, hnýttar af Dr. Jónasi Jónassyni (Dr. Frances). Yfirförum og smyrjum hjól að kostnaðarlausu og spólum uppá nýjar línur á meðan beðið er. Veiðideild Intersport Bildshöfða.

## Ljósmyndun

Til sölu ný og ónotuð stafræn Fuji myndavél. 4.1MP. Verð 9.000 kr. Uppl. í s. 899 0716.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. 13 fm, 107 Rvk, separate entry, WC . No smoking. S. 691 1922.

15 fm herbergi m/eldunaraðst. til leigu í neðra Breiðholti. S. 693 1954 e. kl 16.

Til leigu 150 fm einbýlishús í Keflavík. Leigt í eitt ár frá 15 sept. á besta stað í Reykjanesbæ. Greiðsla í gegnum greiðsluþjónustu. Uppl í síma 899 2046.

101fm 4ra herbergja íbúð til leigu í Hafnarfirði. Laus strax. Uppl. í síma 899 8559.

Til leigu herbergi með húsgögnum, WC og sturtu í Bökkunum í Breiðholti. Uppl. í s. 867 8987.

**Ódýrt til Spánar**
Þægileg 3 herbergja íbúð í Torrevieja á Spáni góð gisting og öll aðstaða fyrir fjóra. Vikuleiga 33 þús. Laus frá 24 ágúst. Uppl. í s. 868 4110 & 554 2149.

## Húsnæði óskast

Mæðgur óska e. íbúð miðsv. í RVK. Ca 80 fm. Greiðslugeta 85 þús. Algjör reglusemi. Meðmæli (ekki trygging). S. 860 2102.

Par með 2 börn óska eftir 4ra-5 h. íbúð til leigu helst í Hafnarfirði eða Álftanesi. S. 896 6517.

Einstæð móðir með eitt barn óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. frá 1. sept. Uppl. í s. 849 0432.

33 ára smiður óskar eftir íbúð, helst á svæði 101, 105 eða 107. Tilbúinn að borga fyrirfram. Uppl. í síma 898 9252.

Óska eftir 3ja herb. íbúð í ódýrari kantinum, helst nálægt Iðnskólanum. S. 843 9996.

**Algjör reglusemi**
Fjögurra manna fjölskylda (fullorðnir) óskar eftir 4 herbergja íbúð í Hafnarfirði. Góð greiðslugeta og meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 845 4308.

Óska eftir að kaupa íbúð eða atvinnuhúsn. á stór Rvk. svæðinu. Má þarfnast lagf. og vera mikið skuldsett. S. 899 8922.

## Sumarbústaðir




**Rafgirðingaefni.**
Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarrafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414-8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464-8600



## Atvinnuhúsnæði

Söngkonu vantar snyrtilegt æfingarhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík. Æskileg stærð 20-30 fm. og góð lofthæð. Sími 698 7807.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ert þú í leit að starfi?**
Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjörugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur: 17 ára og eldri. Einnig lausar hád. vaktir alla virka daga frá 11-14.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is**

## pósthúsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Virkum dögum:**
**101-13** Laugavegur, Snorrabraut
**101-14** Hverfisgata
**101-20** Framnesvegur
**101-27** Eggertsgata
**101-29** Hörpugata, Reykjavíkurvegur, Þjórsárgata, Þorragata
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
**101-44** Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur
**101-47** Laugavegur
**101-49** Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata
**101-56** Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata
**104-02** Brúnavegur, Dyngjuvegur, Kleifarvegur, Kleppsvegur, Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-14** Drekavogur, Hlunnavogur, Njörvasund, Sigluvogur
**104-26** Dalbraut, Selvogsgrunn, Sporðagrunn
**105-06** Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
**105-12** Langahlíð, Skaftahlíð
**105-24** Miðtún, Samtún
**105-30** Hrísateigur, Otrateigur, Sundlaugavegur
**105-40** Hamrahlíð, Stigahlíð
**105-47** Flókagata, Skeggjagata
**107-01** Hringbraut
**107-04** Einimelur, Hofsvallagata, Melhagi
**107-08** Tómasarhagi
**107-09** Grímshagi, Lynghagi, Starhagi
**107-10** Dunhagi, Fálkagata, Smyrilsvegur, Þrastargata
**107-12** Fornhagi, Kvisthagi, Neshagi
**107-13** Ægisíða
**107-17** Kaplaskjólsvegur, Nesvegur
**107-23** Kaplaskjólsvegur, Reynimelur
**108-18** Borgargerði, Rauðagerði
**109-06** Brúnastekkur, Fornistekkur, Fremristekkur, Geitastekkur, Gilsárstekkur
**110-17** Urriðakvísl, Álakvísl
**110-26** Seiðakvísl, Árkvörn
**112-05** Funafold
**112-09** Fannafold
**112-11** Logafold
**112-36** Bakkastaðir
**112-37** Bakkastaðir, Barðastaðir
**112-42** Berjarimi
**112-49** Frostafold
**170-05** Fornaströnd, Látraströnd, Víkurströnd
**170-09** Lindarbraut, Vallarbraut
**200-03** Kópavogsbraut, Meðalbraut, Skjólbraut
**200-06** Borgarholtsbraut
**200-17** Hjallabrekka, Nýbýlavegur
**200-26** Hvannhólmi, Starhólmi, Stórihjalli, Vallhólmi
**200-38** Gnípuheiði, Heiðarhjalli
**200-48** Kársnesbraut, Litlavör
**210-06** Marargrund, Sjávargrund, Ægisgrund
**210-15** Garðaflöt, Smáraflöt, Stekkjarflöt
**210-18** Garðaflöt, Lindarflöt
**210-24** Sunnuflöt
**210-25** Asparlundur, Einilundur, Hvannalundur, Skógarlundur, Víðilundur
**210-30** Hlíðarbyggð, Lyngmóar
**220-03** Austurgata, Fjarðargata, Reykjavíkurvegur, Strandgata
**220-28** Lækjargata, Öldugata, Öldusloð
**220-31** Brekkugata, Lækjargata, Suðurgata
**220-33** Hringbraut, Reynihvammur, Strandgata
**220-39** Háabarð, Móabarð, Svalbarð
**220-52** Smárabarð, Suðurbraut
**220-55** Suðurgata
**220-56** Kvíholt, Túnhvammur, Öldusloð
**221-18** Blómvellir, Burknavellir
**225-07** Lambhagi, Miðskógar
**230-14** Austurgata, Framnesvegur, Hrannargata, Suðurgata, Vatnsnesvegur
**230-25** Efstaleiti, Vatnsholt
**240-05** Blómsturvellir, Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarvellir, Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir
**250-05** Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur, Nýjaland-Kríuland, Skagabraut, Skólabraut
**260-09** Fitjabraut, Klapparstígur, Sjávargata, Tunguvegur
**270-03** Barrholt, Bergholt, Njarðarholt, Urðarholt, Þverholt
**270-07** Bjarkarholt, Dalatangi, Grundartangi, Hlaðhamrar
**270-19** Brekkuland, Hagaland, Helgaland, Hjarðarland, Álafossvegur
**800-12** Aðaltjörn, Bakkatjörn, Baugstjörn, Fífutjörn, Grundartjörn, Ástjörn
**800-15** Birkivellir, Hrísholt, Merkiland, Vallholt, Víðivellir
**800-20** Austurmýri, Fagramýri, Fífumói, Kringlumýri, Langamýri, Starmói
**810-03** Brattahlíð, Dynskógar, Klettahlíð, Laufskógar
**810-05** Breiðamörk, Heiðmörk, Hveramörk, Reykjamörk

Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal og í eldhús. Hæfniskröfur. Starfsreynsla, þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark er 20 ár. Um er að ræða framtíðarstarf. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa@pizzahut.is sem fyrst. Nánari uppl. í síma 533 2010 eða loa@pizzahut.is.

**Loftorka Reykjavík**
Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda.
Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Leikskólinn Grandaborg, Boðagranda 9, 107 RVK.**
Við erum 3ja deilda leikskóli í vesturbæ Reykjavíkur. Nú þegar skólarnir eru að byrja, hverfa nokkrir af okkar frábæru starfsmönnum á þann vettvang. Við leggjum áherslu á að vinna metnarfullt starf í léttu og hressu umhverfi. Hefurðu uppeldismenntun og/eða reynslu og ánægju af að vinna með börnum. Hafðu þá samband við okkur.
**Upplýsingar veitir Guðrún María Harðardóttir leikskólastjóri í síma 561 1851 & 562 1855.**

**Starfsmaður í Leikskóla**
Leikskóli í Hlíðarhverfi óskar eftir starfsmanni til að vinna með góðu fólki og skemmtilegum börnum. Hlutastarf kemur til greina.
**Upplýsingar veitir Kristín í síma 552 2725**

**Leikskólinn Áltfaborg, Safamýri 32, 108 Rvk.**
Óskum eftir leiðbeinendum í 50 og 100 % störf. Vinnutími eftir samkomulagi.
**Upplýsingar gefur Kolbrún Vigfúsdóttir leikskólastjóri í síma 581 2488 & 693 9833.**



Charlott'e vill ráða nú þegar duglega sölufulltrúa um allt land við að selja hágæða franskan undirfatnað. Nýjar haustvörur komnar í hús. www.charlott.is. Mjög gott sölukerfi og tekjumöguleikar. Áhugasamar sendi inn upplýsingar með símnúmeri á charlott@simnet.is

**Óskum eftir starfsfólki á dag- og kvöldvaktir**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldra við úthringingar og símsvörun. Dag- og kvöldvaktir í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 eða á vakstjorn@skulasson.is og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**Húsasmiðir, Verkamenn**
Óska eftir að ráða góðan alhliða húsasmið verður að geta unnið sjálfstætt. Einnig óskast verkamaður eða maður vanur byggingavinnu.
**Uppl. í s. 893 3322. Þil ehf Byggingarfélag.**

Starfskraftur óskast á sólbaðsstofu í Hafnarfirði. Upplýsingar á staðnum. Stjörnusól, Fjarðargötu 17, S.555 7272.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til starfa víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9-12.

Hreint og Fínt, störf í boði, ræstingar/þrif, dag/kvöld, fast/auka www.hreintogfint.is Sigrún s. 892 5915.

**Ræsting, hentar vel fyrir heimavinnandi!**
Viljum bæta við okkur fólki við ræstingar fyrir veturinn. 40-50% vinna. Uppl. og umsónir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin.

**Veitingahúsavinna.**
Viljum bæta við okkur hressum og skemmtilegum starfsmönnum fyrir veturinn. Þjónustustörf, vakta,- eða helgavinna. Hjálpa kokk í eldhúsi-pítsabakari. Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin.

**Starfsmann vantar!!**
Starfsmann vantar til framtíðarstarfa við afgreiðslu í ísbúð, söluturn og myndbandaleigu. Lágmarksaldur 18 ár, hærri aldur skaðar ekki. Ath. reyklaus vinnustaður. Vinnutími frá kl. 10:00 til 18:00. Möguleiki á hálfsdagsvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Snorrabraut 56.

Söluturninn Allt í einu, Jafnaseli 6, 109 Rvík, óskar eftir hressu og brosmildu starfsfólki í vaktavinnu annars vegar og kvöld- og helgarvinnu hinsvegar. Ekki yngri en 18 ára. Góðir bónusar í boði. Upplýsingar fást á staðnum og í síma 587 7010.

**Aukavinna-uppgrip**
Okkur vantar duglegt símasölufólk 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

**Í Bónus í vetur**
Bónus auglýsir eftir starfsfólki til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og í Kringlunni. Leitað er að fólki á öllum aldri í fullt starf og hlutastarf fyrir veturinn. Áhugasamir geta snúið sér til næsta verslunarstjóra, starfsmannastjóra á skrifstofu Bónus eða sótt um á bonus.is

**Garðabær bakarí**
Aðstoðarfólk óskast í sal sem fyrst. Uppl. í s. 565 8070 og 891 8258, Þóra.

Fallega hótelið okkar vantar gott fólk í ræstingar, sal, eldhús, almenn herbergjaþrif. Viðkomandi þarf að hafa bíl. Hótel Glymur Hvalfirði.

**Hefur þú áhuga?**
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Leikskólinn Sælukot. Leitar að metnaðarfullu starfsfólki með áhuga á framsækinni námsstefnu þar sem jóga og hugleiðsla eru meðal námsgreina. Hlutastarf eða fullt starf í boði. Leikskólakennari eða önnur uppeldismenntun æskileg. Samkeppnishæf laun í boði. Upplýsingar veitir Didi í síma 562 8533 eða 848 7141.

Trésmiðir og byggingaverkamenn. Ruðull ehf. leitar að fjölhæfum trésmið. Einnig vantar byggingaverkamenn. Uppl. gefur Sigurjón í síma 899 5660 rudull@msn.com

Pizzabakara vantar á Mangópizza. Góð laun fyrir gott fólk. Uppl. gefur Bjarki á staðnum.

# Þjónustuliðar
## Menntaskólinn í Kópavogi



Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til starfa næsta skólaár. Starfið felur í sér ræstingar, umsjón og eftirlit innan skólans. Um er að ræða heil og hálf störf. Vinnutími eftir samkomulagi.

Laun er skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra og/eða ræstingarstjóra.

**Skólameistari**

HÉR & NÚ / SÍA

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
KÓPAVOGUR GRAMMAR SCHOOL
**Menntaskólinn í Kópavogi** v. Digranesveg, 200 Kópavogur, sími 594 4000, www.mk.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Seljahlíð

- heimili aldraðra Hjallasel 55 í Reykjavík,

vantar góða starfsmenn í umönnunarstörf. Í Seljahlíð eru 55 rýma þjónustudeild fyrir aldraða og 28 rými á hjúkrunardeild.

Starfsmenn þurfa að hafa til að bera bæði áhuga og lipurð í mannlegum samkiptum og hafa ríka þjónustulund.

**Sjúkraliða vantar í 75% stöðu á næturvaktir, unnin er önnur hver helgi.**

Hjúkrunarfræðingar eru á bakvöktum.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst !

**Starfsmenn í umönnunarstörf á báðar deildar, starfshlutfall samkomulag.**

Unnin er önnur hver helgi. Einnig vantar hálfan daginn, vinnutími frá kl: 8 - 12.30.

**Helgarstarfsmenn aðra hverja helgi í umönnun.**

Laun skv. kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags við Reykjavíkurborg. Allar nánari upplýsingar veitir Margrét Ósvaldsdóttir á staðnum eða í síma 540-2406 milli kl: 10 og 14 virka daga, einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið: *margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is*

Sjá einnig almennar upplýsingar um laus störf og starfsmannastefnu Velferðarsviðs á vefsíðunni: www.velferdasvid.is



# Starfsmenn á kassa og í afgreiðslu

Múrbúðin er ört vaxandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hágæða múrvörum málningu og byggingavörum.

Vegna vaxandi umsvifa óskar Múrbúðin að ráða starfsmenn á kassa og í afgreiðslustörf.

Umsóknum skal skilað til Múrbúðarinnar Kletthálsi 7, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið: hafdis@murbudin.is

MÚRBÚÐIN
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

# Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ birta DV Talstöðin FM 90,9 vísir

Mangogrill vantar hresst og skemmtilegt fólk í grill og sal. Uppl. gefur Anna á staðnum.

**Hótelþrif**
Manneskja vön þrifum óskast strax til afleysinga á hóteli. Upplýsingar í síma 899 7004 eftir kl. 18.

Óskum eftir starfsfólki í sal frá 11-15 virka daga og aukafólki um kvöld og helgar. Upplýsingar á staðnum. Grillhúsið Tryggvagötu.

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13, óskar eftir áhugasömum starfsmanni. Um framtíðarstarf er að ræða. Uppl. gefur Elín í s. 822 1919.

**Mikil vinna**
Vantar gröfumenn og verkamenn í jarðvinnuframkvæmdir. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 695 2399 & 695 0556.

**Rafvirki ehf**
óskar eftir rafvikjum til vinnu. Þurfa að geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar veitir Þórður í síma 660 4430.

**Gröfumaður og vörubílstjóri**
Vanur gröfumaður óskast á nýja hjólagröfu, einnig vantar trailerbílstjóra við vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Sími 892 8626.

**Valhússkóli**
Óskum eftir að ráða skólaliða. Uppl. gefur Þröstur Leifsson í s. 822 9125.

**Súfustinn Hafnarfirði**
Súfustinn Hafnarfirði vill ráða starfsmann til aðstoðar í eldhúsi sem fyrst. Vinnutími frá kl. 9-14. Leitað er að fjölhæfum og traustum einstaklingi með mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Upplýsingar um starfið gefur Birgir í síma 692 3740.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa og annars tilfallandi í fiskverslun. S. 869 1509.

Vantar duglegan mann með meirapróf. Umsóknir berist til Fréttablaðsins á smaar@frett.is

**Jolli Hafnarfirði**
Starfsfólk óskast í dagvinnu, reyklaus vinnustaður. Upplýsingar hjá Ingu í s. 898 6670 eða á staðnum.

**Afgreiðslustarf**
Leita af fólki til afgreiðslustarfa í stóru skólamötuneyti. Áhugasamir hafi samband í síma 691 5976.

**Ræstingar**
Starfsfólk óskast til ræstistarfa í hverfum 109 og 103, vinnutími frá 8-14. Nánari upplýsingar gefur Halldór í síma 894 2297 eða hgg@simnet.is

Hellulist óskar eftir starfsmönnum í hellulagnir. Góð laun í boði fyrir rétt aðila. Uppl. veitir Gísli s. 698 5222.

**Steinsteypusögun!**
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Uppl. í síma 893 3236.

**Prikið auglýsir.**
Óskum eftir kaffibarþjónum á dagvaktir fyrir veturinn sem fyrst. Áhugasamir hafi samband í síma 694 5553 Þórhildur.

**Kjötvinnsla**
Starfsfólk vantar í kjötvinnslu. Uppl. í s. 699 1705. Gæðafæði ehf.

**Múrverk**
Leitum að múrara eða mjög handlögnum manni vönum múrverki, í tímabundið verkefni. Upplýsingar í síma 846 2986.

Rótgróið markaðsfyrirtæki með góð verkefni óskar eftir sölufulltrúa frá kl. 9.00-17.00. Við krefjumst ekki reynslu heldur veitum þér þjálfun. Starfið hentar vel þrítugum og eldri, jafnvel miklu eldri. Hringdu og fáðu upplýsingar í síma 533-4440 á daginn. kv. Sveinn 894-4140

## Atvinna óskast

Ég er 21 árs stúlka í leit af vinnu, ég hef mestan áhuga á skrifstofuvinnu. Er með stúdentspróf, reglusöm og áreiðanleg. Get byrjað strax. Uppl. í síma 868 3046.

Hörkuduglegur 37 ára karlmaður vantar mikla vinnu fyrir góð laun. Upplýsingar í s. 661 6191.

Atvinnumiðlun býður uppá hæfa starfsfólk frá Lettlandi. Byggingarmenn, Au-pair o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Teinóttur kvenjakki tapaðist á Dubliners á laugardagskv. Skilvís finnandi hafi samb. í s. 587 0168 & 845 8168. Fundarlaunum heitið.

## Tilkynningar

Myndlistasýning eftir Sigrúnu Sigurðardóttur stendur yfir á Kaffi Nauthól. Opið frá 11-23 alla daga.

## Einkamál

**Ertu einmanna?**
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

FLENSBORGARSKÓLINN

## Frá Flensborgarskólanum. Upphaf skóla haustið 2005.

Nýnemar (f. 1989) eru boðaðir í skólann **fimmtudaginn 18. ágúst kl. 13** og fá þá stundatöflur o.fl. auk þess að taka þátt í kynningu á skólanum.

Aðrir nemendur geta sótt stundatöflur sínar **föstudaginn 19. ágúst frá kl. 9- 15.**

Skólasetning fer fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu mánudaginn 22. ágúst kl. 8:30 og að henni lokinni verður kennt skv. hraðtöflu frá kl. 9.05 til um kl. 13.10. Kennt eftir stundatöflu frá og með þriðjudeginum 23. ágúst.

**Velkomin til starfa!**

*Skólameistari*

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Lausar stöður í leiksóla

Leikskólakennara eða starfsmann með aðra uppeldismenntun vantar nú þegar í leikskólann Hvamm.

Allar upplýsingar veitir leikskólastjóri, Ásta María Björnsdóttir í síma 565 0499 netfang hvammur@hafnarfjordur.is

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

VERKTAKAR MAGNI

## Verkamenn vantar til starfa strax.

Upplýsingar í síma 660-6100, Sölvi eða 545-1805.

# RATAÐU Á RÉTTA STARFIÐ

Vegna aukinna umsvifa leitum við að metnaðarfullum og liprum sölumanni í verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda. Viðkomandi þarf að hafa til að bera hæfni í mannlegum samskiptum og reynslu af sölumennsku.

**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið „Sölumaður nr. 515506“ á www.vinna.is.**

**R. Sigmundsson** hefur um árabil verið leiðandi fyrirtæki í þjónustu við útgerðina í landinu og veitir heildarlausnir á sviði siglinga-, fiskleitar- og fjarskiptatækja. Við byggjum á áratugalangri reynslu, góðum vörumerkjum, góðu starfsfólki og leggjum ríka áherslu á að þjóna viðskiptavinum okkar vel.

vinna.is

R.SIGMUNDSSON

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Upphaf skólastarfs í grunnskólum Garðabæjar skólaárið 2005-2006

### Flataskóli, sími 565-8560
### Skólasetning þriðjudag 23. ágúst.

**2. og 3. bekkur** (7 og 8 ára) kl. 9:00
**4. og 5. bekkur** (9 og 10 ára) kl. 9:45
**6. og 7. bekkur** (11 og 12 ára)kl. 10:30
Að lokinni skólasetningu samkvæmt ofangreindu hefst kennsla og verður kennt til kl. 13:30.

**1. bekkur (6 ára):**
Foreldrar nemenda í 1. bekk eru boðaðir á kynningarfund fimmtudag 18. ágúst kl. 18:00-19:00. Viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkja, sem fram fara þriðjudag 23. ágúst, verða nánar tímasett á fundinum.

**Nýir nemendur í 2. - 7. bekk:**
Miðvikudag 17. ágúst kl. 17:00 verður móttaka fyrir nýja nemendur og aðstandendur þeirra. Boðað verður bréflega til móttökunnar.

***Nánari upplýsingar eru á vef skólans:***
www.flataskoli.is

### Hofsstaðaskóli, sími 565-7033
### Skólasetning þriðjudag 23. ágúst.

**6. og 7. bekkur** (11 og 12 ára) kl. 9:00
**4. og 5. bekkur** (9 og 10 ára) kl. 9:30
**2. og 3. bekkur** (7 og 8 ára) kl. 10:00
Að lokinni skólasetningu samkvæmt ofangreindu hefst kennsla og verður kennt til kl. 13:30.

**1. bekkur (6 ára):**
Foreldrar nemenda í 1. bekk eru boðaðir á kynningarfund fimmtudag 18. ágúst kl. 18:00-19:00. Viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkja, sem fram fara þriðjudag 23. ágúst, verða nánar tímasett á fundinum.

**Nýir nemendur í 2. - 7. bekk:**
Miðvikudag 17. ágúst kl. 17:00 verður móttaka fyrir nýja nemendur og aðstandendur þeirra. Boðað verður bréflega til móttökunnar.

***Nánari upplýsingar eru á vef skólans:***
www.hofsstadaskoli.is

### Sjálandsskóli, sími 590-3100
### Skólasetning þriðjudag 23. ágúst.

**1. - 6. bekkur (6 -11 ára):**
Foreldrar ásamt nemendum verða boðaðir til viðtals við umsjónarkennara þennan dag.

Mánudag 15. ágúst kl. 20:00-21:30 verður almennur foreldrafundur í skólanum. Á þeim fundi fá foreldrar nánari upplýsingar um viðtal við umsjónarkennara á skólasetningardeginum þriðjudag 23. ágúst.

***Nánari upplýsingar eru á vef skólans:***
www.sjalandsskoli.is

### Garðaskóli, sími 590-2500
### Skólasetning mánudag 22. ágúst.

8. bekkur kl. 9:00
9. bekkur kl. 10:00
10. bekkur kl. 11:00

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá í öllum árgöngum þriðjudag 23. ágúst.

***Nánari upplýsingar eru á vef skólans:***
www.gardaskoli.is

***Deildarstjóri skóladeildar***

Fræðslu- og menningarsvið





## *Notuð atvinnutæki og fólksbílar*

### *Smelltu þér á sölutorgið á Glitnir.is og skoðaðu framboðið!*

Á sölutorginu er að finna til sölu notaða fólksbíla og atvinnutæki, s.s. vinnuvélar, iðnaðarvélar, skrifstofu- og tölvubúnað.

**Þar eru ítarlegar upplýsingar og myndir auk þess sem hægt er að reikna út greiðslubyrði lána og senda tilboð.**

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# HVUNNDAGURINN



Ásgeir Eiríksson framkvæmdastjóri Strætó.

## Tekur vagninn í vinnuna

**Í hverju felst starfið?**
Ég sinni hefðbundnu hlutverki sem framkvæmdastjórar hafa í fyrirtækjum. Starfið er sem sagt allvíðtækt. Hér vinna nærri þrjú hundruð manns og við veitum mörg þúsund manns þjónustu á degi hverjum þannig að það er eitt og annað sem fylgir þessu – mikil samskipti til dæmis. Fyrirferðamesta verkefnið þessa dagana og vikurnar er upptaka nýja leiðakerfisins. Það tekur auðvitað langmestan tíma minn og ég er nánast alfarið að vinna að þeim verkefnum sem snúa að þessum stóru og miklu breytingum.

**Hvenær vaknarðu á morgnana og hvað gerir þú?**
Ég er nú svona morgunhani og fer í leikfimi þrisvar í viku klukkan tuttugu mínútur yfir sex. Reyndar er ég í sumarfríi í leikfiminni núna svo það er ekki mikið um það. Síðan tek ég strætó í vinnuna og geri mér far um gera það og svo fer ég allra ferða vinnunnar vegna í strætó. Í morgun tók ég strætóinn nákvæmlega klukkan tvær mínútur yfir sjö og spjallaði við strætóbílstjórann allan tímann. Það má auðvitað varla segja frá því þar sem auðvitað má ekki vera að trufla vagnstjórann. Þeir nota tækifærið og ég líka til þess að spjalla og heyra í mönnum.

**Hversu lengi vinnur þú?**
Það lítur ekki alveg nógu vel út. Þetta eru langir daga núna en ég reyni að fara ekki heim seinna en sjö en oftar en ekki vinn ég heima á kvöldin. Það er náttúrlega ekki alltaf þannig, þetta er óvenjulegt ástand núna. Í gær var ég meira að segja kominn heim rétt um sex leytið sem er óvenjulega snemmt, en þá tók ég líka tölvuna með og vann einhverja þrjá tíma heima.

**Hvað er skemmtilegast við starfið?**
Þetta er að mörgu leyti mjög gefandi starf. Það spannar vítt svið og ég er að takast á við mjög fjölbreytileg verkefni. Það sem gerir starfið skemmtilegt er að ég nýt þeirra forréttinda að sjá stór verkefni komast í framkvæmd sem maður hefur umsjón með og það er auðvitað gaman að sjá hlutina gerast. Ég er líka heppinn með samstarfsfólk og hef átt mjög góðar stundir með því sem gefur starfinu auðvitað líka gildi. Síðan er þetta mjög ögrandi verkefni, sérstaklega núna, það eru ekki allir á eitt sáttir um hvernig þessi leiðakerfisbreyting er að virka og mér finnst í raun og veru ögrandi og áhugavert að svara fyrir gagnrýni því ég er sjálfur svo sannfærður um að þessi breyting sem við förum út í sé öllum meira og minna fyrir góðs.

**En erfiðast?**
Erfiðast er náttúrlega álagið sem er nú um stundir og það er auðvitað erfitt til langs tíma þegar álag er stöðugt og viðvarandi og mikið. Ég viðurkenni það alveg að þetta er erfitt. Mér finnst kannski erfiðast þegar mér tekst ekki að fá viðmælendur mína að taka rökum. Mér finnst slæmt ef ég upplifi að vera útskýra eitthvað og færa fram rök í málinu þá er vísvitandi farið rangt með og þvert ofan í það sem maður er að segja. Það er erfitt eða að minnsta kosti mjög lýjandi.

**Hvað gerirðu eftir vinnu?**
Ég reyni sem betur fer að eiga einhvern tíma fyrir mig. Mér finnst gaman að fara í golf og reyni að gera það eins mikið og ég get. Þetta er dálítið árstíðaskipt hjá mér því á veturna syng ég í kór en á sumrin höfum ég og konan mín gaman af því að ferðast og förum í gönguferðir. Svo finnst mér gaman að hjóla og keypti mér aftanívagn fyrir afastrákinn svo við getum hjólað saman þegar ég fæ hann í heimsókn.

**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?**
Nei, ég get ekki ímyndað mér að það sé nokkurt annað starf jafn spennandi til í heilli veröld en þetta sem ég er í núna.

## Vissir þú ...

...að drápshvalir drepa fiska með því að slá þá með sporðinum?

...að simpansar búa í hópum sem hver um sig hefur skapað sér ákveðin sérkenni?

...að hrafnar geta lært að opna skrín til þess að ná sér í verðlaun og geta líka kennt öðrum hröfnum að gera slíkt hið sama?

...að hjarta rækjunnar er í höfðinu á henni?

...að kakkalakkar rata um dimm herbergi með því að draga fálmara eftir veggnum?

...að köngulær éta aðrar köngulær?

...að ekkert bergmál kemur þegar endur kvaka og enginn veit af hverju?

...að kakkalakki getur lifað í margar vikur höfuðlaus og deyr bara ef hann fær ekki nógu mikið æti?

...að kýr framleiða meiri mjólk þegar þær hlusta á tónlist?

...að moskítóflugur dragast að fólki sem er nýbúið að borða banana?

...að hjartað í steypireið slær eingungis níu sinnum á mínútu?

...að kýr framleiða tvö hundruð sinnum meira gas en menn á dag?

...að þvag úr dádýrum er stundum blátt á veturna þegar þau hafa ekki nóg að drekka?

...að augasteinar í geitum eru ferkantaðir í laginu?

...að enginn má eiga svan í Englandi nema drottningin því hún á þá alla?

...að gíraffar eru ekki með raddbönd?










MYND/AP



**REYKUR STÍGUR TIL HIMNA** Skógareldar hafa brotist út í Portúgal, viku eftir að menn töldu sig hafa ráðið niðurlögum þeirra.



**MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR** Formaður Félags eldri borgara segir að breyta þurfi lögum þannig að atvinnutekjur skerði ekki lífeyrinn svo mjög sem raun ber vitni.

Formaður Félags eldri borgara:

# Margir myndu vilja vinna

**ATVINNUMÁL** „Þetta er mjög gott mál og það eru sjálfsagt margir sem myndu gjarnan vilja vinna eitthvað,“ segir Margrét Margeirsdóttir formaður Félags eldri borgara.

Hún segir vandann hins vegar vera þann, að um leið og lífeyrisþegar fari að afla aukatekna, þótt í litlum mæli sé, þá skerðist greiðslurnar frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum.

„Ég veit um fólk sem hefur ætlað að vinna eftir að það var komið á lífeyri, en sér ekki fjárhagslegan hag í því vegna þess að skerðingarnar koma svo fljótt inn,“ segir Margrét. „Þetta finnst mér vera vond pólitík, að leyfa ekki eldra fólki að vera til gagns, hafa hlutverk, og lifa jafnframt við heldur betri efni. Ekki veitir nú af.“

Margrét segir að stjórnvöldum hafi margsinnis verið bent á þetta af samtökum eldri borgara en það hafi engan árangur borið. Lagabreyting þurfi að koma til. Það felist forvarnarstarf í að því að eldra fólk fari út á vinnumarkaðinn, þannig að nauðsynlegt sé að breyta tekjumarkinu. -jss







*Hugmyndaríkar konur ...*
***... athugið!***

BRAUTARGENGI

impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

*Impra – nýsköpunarmiðstöð heldur námskeiðið*

**Brautargengi** *í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði, Selfossi og Sauðárkróki*

*fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og hefja eigin atvinnurekstur.*

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum stofnunar fyrirtækis
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun.

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu.

Tímabil: *Kennt er á miðvikudögum frá kl. 12:30 - 17:00; frá septemberbyrjun til 14. desember 2005*.

Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsíðu Impru, *www.impra.is*, eða í símum *570 7267* og *460 7974*.
Skráningu lýkur *30. ágúst* n.k. í Reykjavík, en þann *5. september* n.k. á landsbyggðinni. Takmarkaður fjöldi.

*Þátttakendur á Brautargengi eru styrktir af eftirfarandi sveitarfélögum:*
Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Akureyri.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN MAGNÚS EGILSSON

Það verður ekki síst tekist á um heiður í Baugsmálinu, heiður fleiri en ákærðu.

## Heiður í héraðsdómi

Það verða átök í Héraðsdómi Reykjavíkur í vetur. Sakirnar sem eru bornar á forráðamenn Baugs eru alvarlegar og ekki síður eru alvarlegar ásakanir Baugsmanna á Davíð Oddsson og fleiri. Þær skipta þúsundum spurningarnar sem eiga eftir að falla og svörin sem fást munu mörg hver rata í fréttir fjölmiðla. Fjöldi vitna mun verða kallaður til, þar á meðal ráðamenn og hæstaréttardómari. Kastljós fjölmiðlanna verður á héraðsdómi og aðeins hamfarir, stjórnarkreppa eða eitthvað þaðan af meira mun ná forystuhlutverki fréttanna af Baugsmálinu.

*Svo mikið er undir í Baugsmálinu að víst er, sama hver endanleg niðurstaða verður, að margir munu ganga sárir af velli.*

Mannorð hinna ákærðu hefur sett niður með rannsókninni og ákærunni. Þeir munu freista þess sem mest þeir mega að vinna til baka þann skaða sem þeir hafa orðið fyrir. Á þeirri leið er hætt við að mannorð annarra skaðist. Það verður ekki aðeins tekist á um peninga og réttmæti ákærunnar, það verður tekist á um heiður. Þegar hefur verið boðað að einskis verði látið ófreistað til að vinna sigur í málinu. Víst er að Baugsmálið mun reyna mikið á þolrifin, ekki bara hjá ákærendum, þeim ákærðu eða hjá hinum sem tengjast málinu á einhvern hátt. Málið mun reyna á þolrif þjóðarinnar, alls almennings.

Til þessa hafa aðeins ákærurnar, fyrstu viðbrögð við þeim og tvö viðtöl birst um málið. Enn vantar allan alvöru rökstuðning, bæði sóknar og varnar. Á morgun verður málið formlega opinbert þegar Héraðsdómur Reykjavíkur tekur það á dagskrá.

Svo mikið er undir í Baugsmálinu að víst er, sama hver endanleg niðurstaða verður, að margir munu ganga sárir af velli. Þar eru fleiri í hættu en ákærendur og ákærðir. Sá sem þetta skrifar sat alla dómsmeðferð Hafskipsmálsins á sínum tíma og hefur því fylgst með miklu átakamáli áður og er þess fullviss að Baugsmálið verður ekki síðra hvað varðar hörku verjenda og sækjenda.

Baugsmálið á sér nokkrar hliðar og margt verður dregið fram í dagsljósið, eða þess freistað að gera það. Hvert var upphaf málsins, var það eðlilegt eða var það sett af stað af annarlegum hvötum eins og forráðamenn Baugs segja? Þeirri spurningu verður svarað í héraðsdómi. Hvers vegna hafði Baugur látið gera athugun á stöðu einstakra ráðamanna gagnvart félaginu? Var það gert vegna ótta um að fyrirtækið yrði tekið til rannsóknar? Eins er líklegt að verjendur muni freista þess af afli að gera ákærurnar tortryggilegar og efast verður um þær að flestu leyti.

Með nánast sama hætti munu sækjendurnir gera allt sem þeir geta til að renna fleiri stoðum undir málatilbúnað sinn. Þeir munu engum hlífa og heiður þeirra er ekki síður lagður undir í málinu en heiður ákærðu. Svo kann að fara að þjóðin fái nóg, missi áhugann á málinu þegar átökin verða sem mest. Það verður átakavetur í héraðsdómi þar sem fyrri hálfleik lýkur. Hæstiréttur annast seinni hálfleikinn.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Konungur í lýðveldi**
Fyrrverandi samherjar í Reykjavíkurlistanum senda nú hverjir öðrum kaldar kveðjur á bloggsíðum og pólitískum vefritum netsins. Stefán Pálsson, Vinstri grænum, tekur Dag Eggertsson fyrir. Hann „var ekkert að skafa utan að því í Kastljósinu í kvöld hversu afleitt það væri – og stæði í vegi fyrir hugmyndafræðilegri endurnýjun – þegar framboðslistum væri stillt upp af þröngum hópum í bakherbergjum. Þetta er aðdáunarverð marxísk sjálfsgagnrýni, þar sem hann er eini borgarfulltrúinn í Reykjavík sem á að öllu leyti sæti sitt að þakka uppstillingu í bakherbergjum. Hugmyndin um að einhver sé „fulltrúi óháðra" finnst mér annars alltaf jafn fráleit. Dáldið eins og að vera „konungur lýðveldissinna" – ekki satt? En Dagur fattar ekki djókinn og gengst kátur við titlinum".



**Hugsjónastjórnmál**
Annar áhrifamaður úr flokki Vinstri grænna, Sverir Jakobsson, segir um Reykjavíkurlistann á Múrnum í gær að kosningabandalagið sé hætt að snúast um pólitík eða átök hugmynda heldur snúist það um „meting einstaklinga sem ætla sér ekki að breyta neinu". Rökin fyrir bandalaginu séu ekki önnur en hræðsla við Sjálfstæðisflokkinn, flokk sem ennþá hafi skýra hugmyndafræði sem hann boði af einurð og óbilgirni. „Hræðsla við pólitík Íhaldsins er skiljanleg", segir Sverrir, „en besta leiðin til að svara Íhaldinu er ekki að binda endi á hugsjónastjórnmál og taka upp persónustjórnmál – sem endar með því að borgarbúar hætta að sjá muninn á valdaflokkunum tveimur".

**Lofið frekar lækkun**
Jón Steinsson hagfræðingur beinir orðum sínum til borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna í nýlegum pistli á Deiglunni: „Í stað þess að staglast á sömu gagnrýninni um fjármálaóstjórn R-listans og sóun Orkuveitunnar ættu sjálfstæðismenn í Reykjavík að reikna út hversu mikið unnt er að spara árlega, lofa að lækka skatta og verðið á heita vatninu sem því nemur og snúa sér síðan að jákvæðari málum". Er þetta ekki málið? Gaman væri að sjá viðbrögð við þessu.

gm@frettabladid.is

## Baugsmálið – nema hvað

Í DAG
ÁKÆRUR Á HENDUR STJÓRNENDUM BAUGS

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR



Baugsmálið er að ýmsu leyti hið sérkennilegasta. Dagana fyrir „skúbb" Guardian heyrðust setningar eins og þessi eða a.m.k. í eitthvað í þá áttina í fréttatímum hér á landi: Akærurnar í Baugsmálinu hafa enn ekki fyrir birtar þrátt fyrir loforð um að svo yrði gert. Það er óneitanlega sérkennilegt að einhver eða einhverjir hafi lofað að birta ákærur. Yfirleitt er gangurinn nefnilega sá að fólk er einfaldlega ákært fyrir dómstólum og ákærurnar opinberar um leið. Í þessu tilfelli var af einhverjum ástæðum ákveðið að gefa út ákærur án þess að dómfesta málið, og svo skringilega vildi til að þetta var einmitt á þeim tíma sem hinir ákærðu voru að gera mikla viðskiptasamninga. Eða með öðrum orðum á viðkvæmum tíma fyrir þá – sérkennileg tilviljun.

Mér finnst umfjöllun fréttamiðla af málinu líka svolítið sérkennileg. Fréttamenn íslenskir voru að vonum frekar spældir yfir því að fyrsta umfjöllun um ákærurnar sem byggðist á öðru en getgátum birtust í bresku blaði. Er það samt ekki einfaldlega áfellisdómur yfir íslensku fréttamiðlunum? Ef menn liggja á einhverjum upplýsingum sem fréttamenn sækjast eftir – í þessu tilfelli margumtöluðum ákærum – þá er það eðlilegasti hlutur í heimi að þeir leki þeim, eða láti þá fyrsta fá, sem þeir treysta best til að vinna úr þessum upplýsingum. Það þýðir hins vegar ekki að þeir hafa þessa aðila „í vasanum" eins og stundum er sagt, heldur einfaldlega að þeir treysti þessum aðilum betur en öðrum til að vinna úr upplýsingunum. Hlutverk blaðamanna er að vinna úr upplýsingum sem þeim berast í hendur, en ekki birta allt sem þeir fá í hendurnar. Svona eins og góður kokkur býr til góða, óskemmda máltíð úr hráefninu en ber ekki fram hrátt kjöt, fisk og grænmeti og lætur svo gestina um að matreiða.

*Það er líka sérkennilegt að hinir ákærðu segja að málatilbúnaðurinn gegn þeim sé að undirrót þess manns sem hefur verið valdamestur hér á landi síðasta áratuginn og gott betur. Bæði sérkennilegt og ógnvænlegt. Ennþá ógnvænlegra er samt að margir trúa þessu og enn fleiri vita ekki sitt rjúkandi ráð. Ég er í þeim hópi. Ég veit ekki mitt rjúkandi ráð...*

Það er líka sérkennilegt að hinir ákærðu segja að málatilbúnaðurinn gegn þeim sé að undirrót þess manns sem hefur verið valdamestur hér á landi síðasta áratuginn og gott betur. Bæði sérkennilegt og ógnvænlegt. Ennþá ógnvænlegra er samt að margir trúa þessu og enn fleiri vita ekki sitt rjúkandi ráð. Ég er í þeim hópi. Ég veit ekki mitt rjúkandi ráð vegna þess að ég vil ekki trúa því að ég búi í landi þar sem slíkt er hægt. Samt er það svo að margt bendir til að þetta sé engu að síður staðreynd. Sá valdamesti hefur vissulega sýnt af sér þá takta að menn standa á öndinni. Þar er kannski helst að minnast viðtalanna frægu í London hér um árið. Viðtala sem allir vilja helst gleyma, en hljóta hins vegar að rifjast upp þegar reynt er að komast til botns í þessu drama öllu saman.

Það er bæði sérkennilegt og ógnvænlegt að missa trúna á það kerfi sem maður býr við. Það er ekkert óeðlilegt við ágreining og heldur ekkert óeðilegt við hagsmunaárekstra. Ef og þegar bolabrögðum er beitt til að ná undirtökunum í slíkum ágreiningi þá verður ástandið hins vegar allt í senn óeðlilegt, ógnvænlegt og óþolandi. Af þeim ákærum sem hafa verið birtar er ljóst að þeir Bónusfeðgar eru engir englar, ég held nú svosem ekki að margir hafi haldið að þeir væru það, enda ekki margir englar í heiminum yfirleitt. Spurningin er hins vegar hvort þeir séu beinlínis glæpamenn eða hvort þær tugþúsundir blaðsíðna sem lögreglan hefur tekið saman um þá séu allar um tiltölulega léttvægar yfirsjónir, eða viðskipti sem samkvæmt ströngustu kröfum ætti að haga öðru vísi, en tíðkast þó því miður á mörgum bæjum.

Undanfarið hafa verið umræður um sölu ríkisbankanna, margt þykir sérkennilegt við hvernig staðið var sölu þeirra, sérstaklega þó Búnaðarbankans. Ljóst er að hópur manna auðgaðist mjög við að kaupa þann banka, svo sérkennilega vill til að þeir ágætu menn eru nær allir í sama stjórnmálaflokknum. Ríkisvaldið, sem nú hefur ákært til þess meðal annars að halda uppi rétti hluthafa í almenningshlutfélaginu Baugi, kallar það hins vegar dylgjur og róg þegar þess er krafist að öll spil séu lögð á borðið um viðskiptin með Búnaðarbankann, sem við áttum öll. Þetta er svo sem ekki í fyrsta sinn sem það verður lýðum ljóst að það er ekki sama að vera Jón og séra Jón, verst virðist þó að vera Jón Ásgeir. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.458,47 **+0,42%** **Fjöldi viðskipta:** 253 **Velta:** 1.818 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | +2,43 | **FL Group** | -1,96% |
| **Össur** | +1,75% | **Og Vodafone** | -1,04& |
| **Vinnslustöðin** | +0,73% | **Atorka** | -0,85% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,60 +0,25% ... Bakkavör 40,10 +0,25%... Burðarás 17,20 +0,58%... FL Group 15,00 -1,96% ... Flaga 4,25 +0,00% ...HB Grandi 8,45 +0,00% ... Íslandsbanki 14,30 +0,35% ... Jarðboranir 20,80 +0,00% ... KB banki 578,00 +0,00% ... Kögun 57,60 +0,00% ... Landsbankinn 21,10 +2,43% ... Marel 63,50 +0,47% ... SÍF 4,83 +0,42% ...Straumur 13,10 +0,38% ... Össur 87,00 +1,75%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Burðarás hagnast á olíuleitarfélagi

## Hluturinn hefur tvöfaldast á tveimur mánuðum. Gengishagnaður gæti orðið um einn milljarður.

Burðarás hefur líklega hagnast um einn milljarð króna eftir að yfirtökutilboð var gert í norska olíuleitarfyrirtækið Exploration Resources, sem er skráð í norsku kauphöllina. Hollenska orkufyrirtækið Fugro bauð 290 norskar krónur í hvern hlut sem er um tuttugu prósenta yfirverð.

Gengi Exploration hefur tvöfaldast frá því að Burðarás tilkynnti að hann ætti hlut í norska fyrirtækinu snemma í júní.

Búist er við hærra tilboði þar sem verð á hvern hlut var í lok síðasta viðskiptadags orðið 25 krónum hærra en yfirtökutilboðið.

Burðarás eignaðist hlut í Exploration í júní og á nú um 8,3 prósent hlut. Félagið varð til í mars þegar Rieber Shipping setti olíuleitarhlutann inn í sérstakt félag. Rieber, stærsti hluthafinn, hefur gengið að tilboði Fugro.



**HAGNAST Í NOREGI** Tilboð hefur borist í norska olíuleitarfélagið Exploration Resources sem Burðarás á um 8,3 prósent í. Hlutur Burðaráss hefur tvöfaldast á skömmum tíma.

Fugro er í mikilli útrás og sér tækifæri í því að komast yfir skipaflota Exploration í stað þess að koma sér upp nýjum olíuleitarflota. - eþa



**ERLENT VINNUAFL Í FJARÐABYGGÐ**

# Lítil áhrif álframleiðslu

Efnahagsleg áhrif aukinnar álframleiðslu á Íslandi eru mun minni en reiknað var með í upphafi samkvæmt því sem kemur fram í efnahagsfregnum KB banka. Mikil notkun erlends vinnuafls fyrir austan hafi dregið mjög úr þessum áhrifum og því fari innan við hundrað milljarðar til innlendra framleiðsluþátta, en stóriðjuframkvæmdir fyrir austan og á Grundartanga fyrir vestan nemi nálægt 300 milljörðum króna. Á sama tíma sé innlend eftirspurn mikil. „Af þeim sökum er líklegt að hagvaxtaráhrif þessara tveggja stóru fjárfestingarverkefna verði lítil vegna þeirra miklu mótvægisaðgerða sem þau hafa kallað fram, meðal annars af Seðlabanka Íslands," segir í efnahagsfregnum. – bg

# Lítil arðsemi af orkusölu

Í efnahagsfregnum KB banka segir að þjóðhagslegur ábati stóriðju á Íslandi sé einkum fólginn í yfirverði sem álver greiða til íslenskra framleiðsluþátta, einkum vinnuafls og orku. Arður af orkusölu skipti mestu. „Sú stefna virðist hins vegar hafa verið ríkjandi hérlendis að selja raforku mjög nærri kostnaðarverði sem endurspeglast bæði í fremur lágri arðsemi Landsvirkjunar og fremur lágri ávöxtunarkröfu sem fyrirtækið gerir til virkjanaframkvæmda. Af þeim sökum er hætt við að þjóðhagslegur ábati vegna stóriðju verði mun minni fyrir bragðið," segir í efnahagsfregnunum. – bg

# Orðaðir við breskt félag

Margir hafa lýst yfir áhuga sínum að taka yfir breska verðbréfafyrirtækið Collins Stewart Tullett sem metið er á 150 milljarða króna. Stjórnendur þess lýstu þessu yfir á föstudaginn en ætla ekki að gefa upp nöfn áhugasamra kaupenda að svo stöddu.

Bæði KB banki og Landsbankinn hafa verið nefndir til sögunnar sem hugsanlegir kaupendur sem og þýska kauphöllin, Deutsche Börse og ýmsir fjárfestingarsjóðir.

Singer & Friedlander, sem er í eigu KB banka, seldi starfsmönnum Collins Stewart félagið fyrir fimm árum. - eþa


# VINÁTTULANDSLEIKUR





# Ísland - Suður Afríka

## Laugardalsvelli 17. ágúst

Miðvikudaginn 17. ágúst kl. 20:00 tökum við á móti spræku landsliði Suður-Afríku í vináttulandsleik á Laugardalsvelli. Leikurinn er undirbúningur fyrir leiki haustsins við Króata, Búlgari og Svía. Mætum öll og styðjum okkar menn!

Forsala á **ksi.is** og **esso.is**

KSÍ Esso

| | Forsala á Netinu til 15. ágúst | Forsala á völdum ESSO stöðvum 16. ágúst frá kl. 12:00 | Sala á leikdag 17. ágúst frá kl. 12:00 |
|---|---|---|---|
| Gamla stúka | 2.000 kr. | 2.000 kr. | 2.500 kr. |
| Nýja stúka | 1.000 kr. | 1.000 kr. | 1.500 kr. |

Athugið að eingöngu verða seldir miðar í númeruð sæti. **50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri** í hvaða sæti sem er. **Miðar geta selst upp í forsölu.**



**ELVIS PRESLEY (1935-1977)** lést þennan dag.

*„Ég veit ekkert um tónlist. Það er óþarfi í rokkinu.“*

***Konungur rokksins safnaðist til feðra sinna á þessum degi en verk hans lifa áfram um ókomna tíð.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Kóngurinn fellur frá*

Á þessum degi árið 1977 dó Elvis Presley langt fyrir aldur fram, aðeins 42 ára gamall. Presley hafði róttæk áhrif á dægurlagatónlist á 6. áratugnum og fékk viðurnefnið konungur rokksins.

Presley hneig niður á baðherberginu á Graceland-búgarðinum í Memphis og lýstur látinn þegar komið var með hann á spítala. Krufning leiddi í ljós að banamein söngvarans var hjartaáfall en læknirinn sem krufði Presley tók fram að ekki hefðu fundist ummerki fíkniefna. Þúsundir lögðu leið sína til Graceland daginn eftir þar sem lík Presleys stóð uppi.

Presley hafði skilið við eiginkonu sína, Priscillu, fjórum árum fyrr en var sagður hafa trúlofast tvítugri stúlku að nafni Ginger Alden skömmu fyrir lát sitt. Heilsu rokkkóngsins hafði hrakað áður en hann dó og fyrr á árinu hafði hann þurft að aflýsa nokkrum tónleikum sökum magnleysis.

Lengi hefur verið talið að fíkniefni og lyf hafi átt sinn þátt í dauða Presleys þrátt fyrir niðurstöður krufningarinnar. Síðan hann skildi við Priscillu hafði hann verið háður lyfseðilsskyldum lyfjum. Hann var líka mikill mathákur og hafði bætt á sig ófáum kílóum áður en hann dó.

Á ævi sinni seldi Elvis Presley rúmlega 300 milljón plötur og lék í 33 kvikmyndum. Árið 2001 var nafn hans efst á lista tímaritsins Forbes yfir ríkustu látnu stjörnurnar en tekjur af verkum hans árið 2000 námu rúmlega tveimur milljörðum króna.



**ELVIS PRESLEY**

## MERKISATBURÐIR

**1743** Fyrstu reglurnar í nútímahnefaleikum samdar.

**1960** Lýðveldið Kongó stofnað.

**1961** 250 þúsund Vestur-Berlínarbúar mótmæla smíði Berlínarmúrsins.

**1962** Ringo Starr tekur við kjuðunum af Pete Best í Bítlunum.

**1963** Dóminíska lýðveldið endurheimtir sjálfstæði sitt.

**1975** Peter Gabriel hættir í Genesis.

**1983** Paul Simon kvænist Carrie Fisher.

**1985** Sean Penn kvænist Madonnu.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

## JARÐARFARIR

13.00 **Kristján G. Jónsson**, Álfaskeiði 64b, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði.

## ANDLÁT

**Oddný Þorvaldsdóttir**, frá Sómastöðum, Hjúkrunarheimilinu Uppsölum, Fáskrúðsfirði, lést sunnudaginn 7. ágúst.

## AFMÆLI

**Róbert Arnfinnsson** leikari er 82 ára

**Þóra Tómasdóttir** sjónvarpskona er 26 ára



†

Bróðir okkar, mágur og frændi,

**Valdimar Jónsson**

húsgagnameistari,
frá Kringlu í Miðdölum,

sem lést í Seljahlíð, Hjallaseli 55 í Reykjavík, fimmtudaginn 4. ágúst, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

**Stefán Jónsson**
**Skarphéðinn Jónsson** **Fanney Benediktsdóttir**
**Elísa Jónsdóttir**
**og systkinabörn**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts*

**Kristjáns Hólms Loftssonar**

frá Bólstað.

***Ása Loftsdóttir*** **Lára Loftsdóttir**
**Lovísa Loftsdóttir** **Einar Einarsson**
**Fjóla Loftsdóttir** **Ragnheiður Loftsdóttir**
**Sigrún Loftsdóttir** **Jón Traustason**
**Björg Loftsdóttir** **Sveinn Þórðarson**
**Ingimunda Loftsdóttir** **Jón Garðar Ágústsson**
**Fanney Jónsdóttir**

**Sigrún Elíasdóttir** **Bjarni Skarphéðinsson**
**Þráinn Elíasson** **Guðbjörg Gestsdóttir**
**Jón Hörður Elíasson** **Jenný Jensdóttir**
**Hugrún Elíasdóttir** **Johnny Símonarson**
**Ragnhildur Elíasdóttir** **Tryggvi Ólafsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Ólafsson**

frá Patreksfirði,

sem lést á hjartadeild Landspítalans 14. ágúst, verður jarðsunginn föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju.

**Gróa Ólafsdóttir**
**Hrafnhildur Haraldsdóttir**
**Aðalheiður Hagar Haraldsdóttir**
**Þórunn Haraldsdóttir**
**Sesselja Haraldsdóttir**
**Ólafur Haraldsson**
**Oddur Haraldsson**
**Orri Haraldsson**
**Heimir Haraldsson**
**Bylgja Haraldsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÞINGMAÐUR** Valdimar hefur starfað að félags- og íþróttamálum frá unglingsaldri og ætlar að blása lífi í þann málaflokk á Alþingi.

VALDIMAR LEÓ FRIÐRIKSSON: TEKUR SÆTI GUÐMUNDAR ÁRNA Á ALÞINGI

# Íþróttamenn og fatlaðir eignast hauk í horni

„Mér hefur alltaf þótt þetta áhugavert og er fullur vilja til að starfa þarna,“ segir Valdimar Leó Friðriksson sem tekur sæti Guðmundar Árna Stefánssonar á Alþingi í haust þegar sá síðarnefndi heldur til Svíþjóðar sem sendiherra Íslands. Ásgeir Friðgeirsson, fyrsti varaþingmaður Samfylkingarinnar, sagði sig óvænt af lista Samfylkingarinnar. Valdimar átti því síst von á að gerast alþingismaður í fullu starfi á þessu kjörtímabili. „Ég var annar varamaður og átti von á tveimur vikum á þessu kjörtímabili,“ segir Valdimar kankvís en raunin varð önnur og hefur hann á síðustu tveimur árum leyst af á þingi í samtals fjóra mánuði.

Valdimar, sem er menntaður fiskeldisfræðingur en hefur einnig lagt stund á stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, líkar þingsetan vel. „Maður hefur það á tilfinningunni að maður geti komið einhverju til leiðar og haft áhrif,“ segir Valdimar sem ætlar að leggja áherslu á tvennt í sínu starfi sem þingmaður. „Ég vil strax leggja áherslu á fasta fjárveitingu til sérsambanda Íþrótta- og ólympíusambands Íslands,“ segir Valdimar sem hefur starfað í íþróttahreyfingunni í tuttugu ár. „Þessi málaflokkur er steindauður á Alþingi,“ segir Valdimar sem ætlar einnig að leggja áherslu á málefni fatlaðra almennt en hann hefur starfað í hlutastarfi á sambýli fyrir einhverfa í tólf ár.

Nokkrar breytingar verða því á högum Valdimars í haust. Hann hefur sagt starfi sínu sem framkvæmdastjóri Aftureldingar lausu sem hann hefur starfað við í tólf ár. Þá hættir hann einnig sem stuðningsfulltrúi á sambýli auk þess sem hann lætur af trúnaðarstöðum sem hann hefur gegnt innan SFR starfmannafélagsins. „Ég mun hætta öllu nema sem formaður UMSK,“ segir Valdimar, sem hefur verið kallaður félagsmálatröll af vinum og kunningum enda verið í forsvari í ýmsum nefndum og ráðum allt frá unglingsaldri. Félags- og íþróttamál eru einnig aðaláhugamál Valdimars. „Ég hef aldrei farið á íþróttaæfingu sjálfur sem er ótrúlegt en mér er mjög umhugað að öðrum bjóðist það,“ segir Valdimar hlæjandi en hann hefur áhuga á knattspyrnu eins og svo margur og heldur bæði með Aftureldingu og ÍA í boltanum enda uppalinn á Akranesi. ■

# 300 ára minning eldhuga

Í dag verður opnuð í Þjóðminjasafninu sýningin Eldur í Kaupinhafn – 300 ára minning Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Hún er samvinnuverkefni safnsins og Góðvina Grunnavíkur- Jóns og fjallar um fræðimanninn Jón Ólafsson (1705-1779), ævi hans og störf.

Jón var sannkallaður eldhugi á sinni tíð og er sýningunni ætlað að vekja athygli á fjölbreyttu og viðamiklu ævistarfi hans og mikilvægu framlagi hans til menningarsögu Íslands.

Jón samdi fjölda ritsmíða um allt milli himins og jarðar, svo sem málfræði, orðskýringar, fornkvæðaskýringar, kennslukver í íslensku, rúnafræði, náttúrufræði, fiskafræði, steinafræði, skáldskaparfræði og margt fleira.

Þegar bruninn varð í Kaupmannahöfn árið 1728 tók Jón þátt í að forða hinu mikla handritasafni Árna Magnússonar frá eldinum. Jón samdi síðar lýsingu á þessum örlagaríka atburði og er hún ein merkasta samtímaheimild sem varðveitt er um brunann. Í tengslum við opnun sýningarinnar kemur lýsing Jóns út á bók í umsjón Sigurgeirs Steingrímssonar. ■



**FRÉTTIR** Jón úr Grunnavík skrifaði fréttir í Kaupmannahöfn og sendi heim til Íslands.

# BORGAÐU MEÐ BÓKUM






Cambridge Advance Learner´s Dictionary
**Verð: 3.495**

Oxford English Dictionary
**Verð: 995,-**

Retskrivnings og Betydnings ordbog
**Verð: 2.495,-**

Stóra tölvuorðabókin
**Verð: 8.995,-**

**ALVÖRU VASAORÐABÓK Í LITLU BROTI**
Hér er komin vönduð og aðgengileg orðabók í litlu broti. Með hverju orði fylgja nauðsynlegar málfræðiupplýsingar og góðar merkingaskýringar. Í bókinni er einnig fjöldi notkunardæma.
**Verð: 3.495**

# LANGSTÆRSTI

## SKIPTIBÓKAMARKAÐUR LANDSINS

## Yfir 500 titlar á skiptibókalista

**Um 250 fleiri titlar en auglýstir eru á skiptibókalista Pennans**

**SKÓLALEIKUR OFFICE1**
Fylgstu með



**Gerðu verðsamanburð**



# Office1 Superstore



## Guðjón vill meira

Guðjón Þórðarson, knattspyrnustjóri Notts County, er að vonum sáttur við að vera á meðal þriggja efstu liða í ensku 2. deildinni eftir þrjá leiki á tímabilinu en vill samt sem áður sjá framfarir hjá lærisveinum sínum. „Við verðum að vera grimmari í lausu boltana. Við eigum fjóra leiki á næstu níu dögum og þar dugir ekkert hálfkák," segir Guðjón.

# sport

sport@frettabladid.is

**HERMANN HREIÐARSSON: LÉK SINN FYRSTA DEILDARLEIK Í LANGAN TÍMA UM HELGINA**

# *Charlton á eftir að koma á óvart í vetur*



Vestmannaeyingurinn Hermann Hreiðarsson er byrjaður að leika knattspyrnu á nýjan leik en hann hefur verið frá vegna hnémeiðsla undanfarin misseri. Hermann, sem leikur með enska úrvalsdeildarfélaginu Charlton Athletic, lék allan leikinn gegn Sunderland um helgina þar sem Charlton vann 3-1 á heimavelli Sunderland, Stadium of Light.

Hermann lék sem miðvörður í leiknum og átti fínan leik. „Ég var nokkuð sáttur við mína frammistöðu í þessum leik. Ég hef verið frá vegna meiðsla í svolítið langan tíma en mér finnst ég vera í góðu formi núna. Það skiptir mig ekkert öllu máli hvort ég er miðvörður eða bakvörður. Ég hef leikið báðar stöður allan minn feril og tel mig getað leikið stöðurnar nokkuð vel."

Nýjir leikmenn Charlton voru í sviðsljósinu um helgina, en Marc Ambrose, sem kom frá Newcastle United fyrir leiktíðina, fékk að líta rauða spjaldið og Darren Bent skoraði tvö mörk í sínum fyrsta leik fyrir félagið. „Ég þekki ágætlega til þessara leikmanna. Þeir voru í unglingaliði Ipswich þegar ég spilaði þar og þá voru þeir mjög efnilegir. Ég á von á því að þeir sýni styrk sinn á þessu tímabili. Ambrose nær sér alveg eftir þetta rauða spjald og vonandi nær Bent að halda áfram að skora fyrir okkur. Það er alltaf gott fyrir leikmenn að skora í sínum fyrsta leik fyrir nýtt félag."

Landsleikur Suður-Afríku og Íslands fer fram á morgun en Hermann Hreiðarsson verður fjarri góðu gamni þar sem hann hefur ekki enn þá náð alveg fullum bata eftir hnémeiðslin. „Það var samkomulag milli mín og sjúkraþjálfarans hjá Charlton að ég myndi taka mér frí frá þessum leik, og þjálfarar landsliðsins voru sammála því. Ég bólgna enn þá aðeins í hnénu eftir átök og því þoli ég leikjaálagið ekki eins og vel og ef ég væri í mínu besta formi. Ég er allur að koma til og er bjartsýnn á gott gengi Charlton í vetur."

### > Við erum hræddir um ...

... að Valsmenn hafi kvatt endanlega þær litlu titilvonir sem þeir höfðu fyrir leikina í Landsbankadeildinni í gær með því að ná aðeins jafntefli gegn Keflvíkingum í gærkvöld. 11 stig skilja á milli Vals og FH þegar 12 stig eru eftir í pottinum og má gera ráð fyrir því að mótið ráðist í næstu umferð, þegar einmitt Valur kemur í heimsókn til Kaplakrika.

### > Við hrósum ...

.... Hermanni Hreiðarssyni, leikmanni Charlton á Englandi, sem fékk fína dóma hjá breskum fjölmiðlum fyrir frammistöðu sína sem miðvörður í sigri liðsins á Sunderland um helgina. Hermann var af flestum talinn einn besti leikmaður Charlton í leiknum.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| ÞRÓTTUR–FH | 1–5 |
| VALUR–KEFLAVÍK | 0–0 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 14 | 14 | 0 | 0 | 44–6 | 42 |
| **VALUR** | **14** | **10** | **1** | **3** | **27–9** | **31** |
| KEFLAVÍK | 14 | 5 | 6 | 3 | 24–27 | 21 |
| **ÍA** | **14** | **6** | **2** | **6** | **17–18** | **20** |
| FYLKIR | 14 | 5 | 2 | 7 | 23–25 | 17 |
| **FRAM** | **14** | **5** | **2** | **7** | **15–20** | **17** |
| KR | 14 | 5 | 1 | 8 | 15–21 | 16 |
| **GRINDAVÍK** | **13** | **3** | **3** | **7** | **14–28** | **12** |
| ÞRÓTTUR | 14 | 2 | 4 | 8 | 16–26 | 10 |
| **ÍBV** | **13** | **3** | **1** | **9** | **10–25** | **10** |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| ALLAN BORGVARDT, FH | 13 |
| **TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH** | **12** |
| GARÐAR GUNNLAUGSSON, VAL | 8 |
| **HÖRÐUR SVEINSSON, KEFLAVÍK** | **8** |

**EINKUNNAGJÖF (1 TIL 10):**

| | |
|---|---|
| 10 | Í heimsklassa |
| **9** | **Í landsliðsklassa** |
| 8 | Mjög góður |
| **7** | **Góður** |
| 6 | Stóð sig vel |
| **5** | **Í meðallagi** |
| 4 | Slakur |
| **3** | **Lélegur** |
| 2 | Hörmulegur |
| **1** | **Grátlegur** |

| **VALUR** 4–4–2 | | **KEFLAVÍK** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 6 | Ómar | 7 |
| Bjarni Ólafur | 6 | Isse Kadir | 4 |
| Grétar Sigfinnur | 6 | (67. Gunnar Hilmar | 6) |
| Atli Sveinn | 5 | Baldur | 6 |
| Steinþór | 6 | Guðmundur Mete | 7 |
| Sigþór | 5 | Johansson | 5 |
| (53. Matthías | 5) | Milisevic | 5 |
| Sigurbjörn | 6 | Gustafsson | 6 |
| Stefán Helgi | 6 | ***Jónas** | **8** |
| Baldur | 7 | Hólmar Örn | 7 |
| Guðmundur | 5 | Guðmundur S. | 6 |
| (82. Kristinn | –) | (85. Ólafur Jón | –) |
| Garðar | 5 | Hörður | 6 |
| (82. Sigurður S. | –) | | |

*MAÐUR LEIKSINS

# Sanngjarnt jafntefli á Hlíðarenda

**Valsmenn virðast endanlega vera búnir að missa af lestinni í baráttunni við FH en liðið náði einungis jafntefli á heimavelli sínum í gær. Valur er nú heilum 11 stigum á eftir Íslandsmeisturunum.**

**Valur 0-0 Keflavík**

Valsvöllur, áhorf: 780 — Gylfi Þór Orrason (8)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–10 (2–4) |
| Varin skot | Kjartan 3 – Ómar 2 |
| Horn | 8–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–9 |
| Rangstöður | 2–0 |

**FÓTBOLTI** Valsmenn virðast vera að missa endanlega af toppliði FH en jafntefli var það eina sem þeir fengu úr leiknum á Hlíðarenda í gær gegn Keflvíkingum. Eftir sigur FH á Þrótti í gær þá munar 12 stigum á liðunum en Valsmenn eiga þó leik til góða. Menn verða seint sakaðir um að hafa reynt að skemmta áhorfendum á Valsvellinum í fyrri hálfleik í gær. Það virtist ákveðin deyfð vera yfir báðum liðum og því miður náði skalli Atla Sveins snemma leiks ekki að kveikja neistann í mönnum. Valsmenn stjórnuðu ferðinni á meðan gestirnir beittu skyndisóknum með misjöfnum árangri. Kraftinn virtist skorta hjá heimamönnum þegar þeir nálguðust vítateig gestanna á meðan sóknarleikur Keflvíkinga virkaði á köflum ansi einhæfur. Langar sendingar fram á framherja sína sem skiluðu litlum árangri enda miðverðir Vals ekki þekktir fyrir að tapa mörgum boltum í loftinu. Loksins þegar framherjar gestanna fengu boltann í lappirnar þá skapaðist hætta þegar Guðmundur Steinarsson átti frábært skot af 35 metra færi en boltinn hafnaði í þverslánni. Valsmenn virtust við þetta vakna af værum blundi og tókst Atla Sveini Þórarinssyni að skora mark sem dæmt var af vegna rangstöðu.

Keflvíkingar mættu mun ákveðnari til leiks eftir hlé og gerðust tvívegis ágengir upp við mark heimamanna án teljandi árangurs. En eftir þessar tvær tilraunir virtist allur vindur farinn úr sóknaraðgerðum gestanna og Valsmenn gengu á lagið og náðu tökum á leiknum. Þrátt fyrir það vantaði hreyfingu á boltalausum mönnum því álitlegar sóknaraðgerðir fjöruðu oftast út. Keflvíkingar tóku þá við sér með Jónas Guðna Sævarsson í fararbroddi. Besta færi gestanna í leiknum kom svo þegar stundarfjórðungur var eftir og Hörður Sveinsson veit það manna best að hann átti að gera betur. Hann fékk þá sendingu frá Gunnari Hilmari Kristinssyni sem Atli Sveinn missti af, en skot hans var slakt og sigldi framhjá. Fátt markvert gerðist það sem eftir lifði leiks og í jafntefli í raun sanngjörn úrslit. Valsmenn misstu af dýrmætum stigum en Keflvíkingar færðust hins vegar ofar í töflunni við þetta stig, fóru í þriðja sætið.

Jónas Guðni Sævarsson átti mjög góðan leik á miðjunni hjá Keflvíkingum og var sáttur stigið í leikslok: „Stig er betra en ekki neitt og þetta stig gefur okkur þriðja sætið en sáttastur er ég með að halda hreinu." Hann sagðist enn fremur sáttur við sinn leik: „Ég er mjög sáttur við minn leik, skilaði boltanum vel frá mér og þetta var einn af mínum betri leikjum í sumar."

- gjj



**HÖRÐ BARÁTTA** Hörður Sveinsson hefur hér betur í skallaeinvígi við Bjarna Ólaf Eiríksson hjá Val. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenska landsliðið í knattspyrnu kom saman síðdegis í gær:

# Eiður Smári verður líklega með

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu kom saman síðdegis í gær til að hefja undirbúning sinn fyrir landsleikinn gegn S-Afríku á Laugardalsvellinum annað kvöld. Allt bendir til þess að Eiður Smári Guðjohnsen verði með íslenska liðinu, en um tíma var tvísýnt um þátttöku hans vegna hnjasks sem hann hlaut í viðureign Chelsea og Wigan í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Eiður Smári tók fullan þátt í æfingu landsliðsins í gærkvöld og kenndi sér einskis mein. Aðra sögu er að segja um þá Ólaf Örn Bjarnason og Hannes Þ. Sigurðsson, sem báðir eiga við smávægileg meiðsli að stríða og verða líklega ekki orðnir leikfærir fyrir miðvikudaginn.

Atvinnumennirnir í íslenska liðinu áttu ekki allir jafn greiða leið til Íslands og til að mynda kom Kári Árnason nánast beint af flugvellinum og á æfingu í gærkvöld. Allt liðið náði þó saman á endanum og kláraði saman fyrstu æfinguna af fjórum sem liðið mun eiga fyrir leikinn. Annars eru allir íslensku leikmennirnir sem valdir voru í hópinn klárir í slaginn, en fyrirfram var vitað að þeir Hermann Hreiðarsson og Brynjar Björn Gunnarsson, tveir fastamenn í liðinu, gætu ekki leikið með þar sem þeir eru að ná sér eftir meiðsli sem hafa hrjáð þá í allt sumar.

Lið S-Afríku er væntanlegt til landsins í dag og er ljóst að tvær af skærustu stjörnum liðsins verða fjarverandi – þeir Quinton Fortune, leikmaður Manchester United, og Shaun Bartlett, leikmaður Charlton í Englandi. Að öðru leyti mætir S-Afríka til leiks með sitt sterkasta lið og er þekktasti liðsins sóknarmaður Porto, Benni McCarthy, sem ætti að vera íslenskum fótboltaáhugamönnum að góðu kunnur fyrir góð tilþrif í Meistaradeild Evrópu á síðustu árum. Hann ásamt Sibusio Zuma, núverandi leikmanni Armenia Bielefeld í Þýskalandi en áður eins besta framherja dönsku úrvalsdeildarinnar um árabil með FC Köbenhavn, mynda gríðarlega öflugt framherjapar sem getur valdið öllum vörnum skráveifum.

- vig



**Í FULLU FJÖRI** Eiður Smári virkaði sprækur á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undirbúningstímabilið í þýska handboltanum:

# Guðjón Valur skoraði sautján mörk fyrir Gummersbach

**HANDBOLTI** Handknattleiksmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson, sem gekk til liðs við þýska efstudeildarliðið Gummersbach, fór mikinn með liði sínu í æfingaleik á dögunum en hann skoraði sautján mörk gegn þýska liðinu ASV Hamm. Félagi Guðjóns Vals í landsliðinu, Róbert Gunnarsson, er einnig orðinn leikmaður Gummersbach eftir að hafa leikið áður með AGF Aarhus í Danmörku síðustu þrjú ár. Róbert stóð einnig fyrir sínu í leiknum en hann skoraði sjö mörk og var næstmarkahæstur.

Gummersbach ætlar sér stóra hluti á komandi tímabili og munu Íslendingarnir verða í lykilhlutverkum. Guðjón Valur er bjartsýnn á gott gengi og segir allar forsendur vera fyrir hendi hjá Gummersbach til þess að blanda sér í toppbaráttuna í deildinni. „Ég er nokkuð sáttur við það hvernig hefur gengið á undirbúningstímabilinu. Við höfum æft mikið og leikmennirnir eru alltaf að ná betur og betur saman."

Guðjón telur líklegt að Flensburg og Kiel muni berjast um þýska meistaratitilinn en vonast þó til þess að Gummersbach geti blandað sér í þá baráttu einnig. „Það er alveg ljóst að við erum með gott lið sem á að geta verið í toppbaráttunni. Það má hins vegar ekki mikið út af bregða. Efsta liðið í fyrra tapaði sex stigum allan veturinn og þannig hefur þetta verið undanfarin ár. Liðið má því alls ekki misstíga sig mikið á komandi leiktíð ef það ætlar að blanda sér í toppbaráttuna."

- mh



**GUÐJÓN VALUR** Hefur verið í góðu formi að undanförnu og vonast til þess að Gummersbach verði í toppbaráttunni í þýsku úrvalsdeildinni.

## ÚR SPORTINU

**A**rsene **Wenger**, knattspyrnustjóri Arsenal, var mjög ánægður með frammistöðu varamanns síns, Hollendingsins **Robin van Persie** í leiknum gegn Newcastle um helgina. **Persie** skoraði annað mark Arsenal í leiknum og það þótti knattspyrnustjóranum afar mikilvægt. „**Robin** hefur gengið í gegnum ýmislegt undanfarið og því var mikilvægt fyrir hann að ná að skora strax. Það byggir upp sjálfstraust hans og ég held að hann eigi eftir að reynast okkur mjög dýrmætur í vetur,“ sagði **Wenger**.



**Þ**á segist **Wenger** vera búinn að finna eftirmann **Patrick Vieira** hjá Arsenal, en það er hinn 21 árs gamli **Mathieu Flamini**. „Við vorum búnir að vera að leita að reyndum manni í þessa stöðu, en svo áttuðum við okkur á því að það væri ekki sanngjarnt gagnvart ungu strákunum okkar og því varð úr að við ákváðum að gefa þeim tækifæri. Ég er þess fullviss að **Flamini** eigi eftir að verða mjög góður leikmaður, því hann er ótrúlega vinnusamur og fylginn sér, það sem gerir hann svo einstakann er hversu fljótur hann er að læra. Ég hef því engar áhyggjur af framtíðinni hjá okkur,“ sagði franski stjórinn.



**F**orráðamenn enska knattspyrnusambandsins segjast vonast til þess að Svíinn **Sven-Göran Eriksson** verði hjá liðinu þangað til samningur hans rennur út árið 2008 en leyna ekki vonum sínum um að eftirmaður hans verði enskur. „Samstarfið við **Eriksson** hefur verið mjög gott og allir vona að hann verði hjá okkur út samningstímann. Ef eftirmaður hans verður enskur, er það auðvitað best, en ég held að sá besti sem verður á lausu þegar að því kemur verði fyrir valinu,“ sagði talsmaður enska knattspyrnusambandsins. Vitað er að þeir **Arsene Wenger** og **Jose Mourinho** eru báðir á óskalista sambandsins, en **Eriksson** verður þó líklega við stjórnvölinn í það minnsta fram yfir HM næsta sumar.



**Paul Scholes**, leikmaður Manchester United, segir að aldrei hafi komið annað til greina hjá sér annað en að vera áfram hjá Manchester United, þar sem hann mun hafa verið í 20 ár þegar hinum nýja samningi hans lýkur eftir fjögur ár. „Ég er viss um að félagi minn **Phil Neville** hafi líka sagt það fyrir ári síðan, en hjá mér kemur ekki til greina að leika með öðru liði en United. **Phil** söðlaði um og fór til Everton, en það gæti ég aldrei gert,“ sagði hann.



# Ekkert stöðvar FH-inga

### Íslandsmeistarar FH burstuðu mótherja sína í Landsbankadeildinni enn einu sinni í gærkvöldi. Í þetta sinn voru það Þróttarar sem voru gjörsamlega yfirspilaðir.

**Þróttur 1-5 FH**

Laugard.völlur, áhorf: 1028 Kristinn Jakobsson (6)

*0–1 Auðun Helgason (8.)*
*0–2 Davíð Þór Viðarsson, víti (56.)*
*1–2 Páll Einarsson, víti (8.)*
*1–3 Tryggvi Guðmundsson, víti (56.)*
*1–4 Tryggvi Guðmundsson (74.)*
*1–5 Allan Borgvardt (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–12 (4–8) |
| Varin skot | Fjalar 3 – Daði 3 |
| Horn | 6–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–6 |
| Rangstöður | 1–3 |



DAVÍÐ ÞÓR SKORAR Davíð Þór Viðarsson skoraði annað mark FH í gær en fyrsta mark sitt á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson missti af dýrmætu tækifæri til að komast yfir Allan Borgvardt á lista markahæstu manna deildarinnar en brenndi af vítaspyrnu þegar skammt var eftir af leiknum „Það hefði verið óneitanlega verið sætt að setja þriðja markið,“ sagði Tryggvi sem gat þó brosað út að eyrum í leikslok. „En við fögnum engu of snemma og við verðum að vinna næsta leik til að þetta sé öruggt,“ bætti hann við.

Jafnræði var með liðunum fyrstu mínúturnar á Laugardalsvellinum í gær og var mikil barátta inni á miðri miðjunni fyrstu fimmtán mínúturnar. FH komst síðan yfir á 16. mínútu og var þar að verki Auðun Helgason. Fjórum mínútum síðar bætti FH við öðru marki og var þar að verki Davíð Þór Viðarsson eftir ágætan undirbúning Allan Borgvardt. Davíð fagnaði markinu innilega, en þetta var hans fyrsta deildarmark í sumar. Þróttarar voru ekki á því að gefast upp og náðu að ógna marki FH í nokkur skipti, án þess þó að skapa mikla hættu. En á 29. mínútu dæmdi Kristinn Jakobsson vítaspyrnu eftir að Daði Lárusson markvörður felldi Þórarin Kristjánsson. Páll Einarsson skoraði örugglega úr vítaspyrnunni og sóttu Þróttarar nokkuð stíft næstu mínútur og freistuðu þess að jafna leikinn en sterk vörn FH átti ekki í teljandi erfiðleikum með að verjast fyrirsjáanlegum sóknum Þróttar. FH bætti svo þriðja markinu við á 41. mínútu og var þar Tryggvi að verki úr vítaspyrnu eftir að Borgvardt var felldur í vítateignum eftir fallegt samspil.

Í seinni hálfleik var Páll Einarsson, fyrirliði Þróttar, færður úr vörninni inn á miðjuna og við það varð miðjuspil Þróttara betra. Það var hins vegar lítið um vængspil hjá Þrótti, en að sama skapi sótti FH mikið upp vængina og þá sérstaklega vinstra megin þar sem Tryggvi var hættulegur. Leikmenn FH þurftu ekki að hafa mikið fyrir því að sækja upp kantana, og oftar en ekki var það Borgvardt sem lagði boltann út á vængmenninna sem fengu nógan tíma til þess að gefa boltann fyrir markið.

Það vantaði meiri áræðni í leikmenn Þróttar í seinni hálfleik þar sem liðið var að tapa og þurfti nauðsynlega á stigum að halda. Í staðinn voru leikmenn Þróttar varkárir og reyndu að koma í veg fyrir færi, í stað þess að leggja kapp á að skapa færi. Tryggvi bætti síðan fjórða markinu við með glæsilegu skoti beint úr aukaspyrnu og Borgvardt skoraði svo fimmta markið í lok leiksins og kórónaði þannig góðan leik sinn. **- mh**

| **ÞRÓTTUR** 4–4–2 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar | 5 | Daði | 6 |
| Ingvi | 5 | Freyr | 6 |
| Páll | 6 | T. Nielsen | 6 |
| Eysteinn (gult spjald) | 4 | Auðun (mark) | 6 |
| Jens (gult spjald, rautt spjald) | 4 | Guðmundur | 6 |
| Ólafur | 5 | Baldur | 6 |
| Kristinn | 5 | Davíð Þór (mark) | 7 |
| Haukur Páll | 4 | Ásgeir Gunnar | 6 |
| (46. Jaic | 4) | (84. Jónas Grani | –) |
| (70. Magnús Már | 4) | ***Tryggvi** (mark, mark) | **8** |
| Halldór | 6 | (84. Jón Þorgrímur | –) |
| Guðfinnur | 5 | Borgvardt (mark) | 8 |
| (81. Hallur | –) | Ólafur Páll | 6 |
| Þórarinn | 4 | (77. Atli Viðar | –) |

*MAÐUR LEIKSINS

## Bandaríska PGA-meistaramótið í golfi:

# Mickelson tryggði sér sigurinn á PGA með fugli á lokaholunni

**GOLF** Það var Phil Mickelson frá Bandaríkjunum sem sigraði á PGA-meistaramótinu í golfi í gær. Hann tryggði sér sigur á átjándu holu vallarins með því að fá fugl og endaði á fjórum höggum undir pari. Það var mikil spenna undir lokin og þurfti Mickelson að fá fugl þar sem Steve Elkington og Thomas Björn luku keppni á þremur undir pari. Með sigrinum komst Mickelson upp í þriðja sæti heimslistans á kostnað Ernie Els sem tók ekki þátt í mótinu vegna meiðsla.

Mótið kláraðist í gær en keppni á sunnudag var hætt vegna þrumuveðurs. „Þetta hefur verið alveg ótrúleg vika. Ég hef notið mín frábærlega og fólkið hér í New Jersey hefur komið frábærlega fram við mig og eiginkonu mína. Ég náði mér vel á strik og spilaði eins og ég get hvað best. Ég fagna þessum sigri í faðmi fjölskyldunnar,“ sagði hinn 35 ára Mickelson sem vann á stórmóti í annað sinn.

„Mickelson átti þetta meira skilið en nokkur annar, hann var einfaldlega bestur. Hann er frábær spilari og ég reikna með því að eftir þennan sigur vegni honum frábærlega,“ sagði hinn danski Björn sem hafnaði í öðru sæti ásamt Elkington. Þar á eftir komu Tiger Woods og Davis Love sem voru jafnir á tveimur höggum undir pari.



HÆSTÁNÆGÐUR Mickelson er hér ásamt Amy eiginkonu sinni eftir sigurinn í gær.

## ÚR SPORTINU

**R**auða spjaldið sem miðvallarleikmaður Newcastle **Jermaine Jenas** fékk í leiknum gegn Arsenal á sunnudag, hefur verið afturkallað og breytt í gult spjald, eftir að dómari leiksins sendi knattspyrnusambandinu skýrslu þess efnis. Brottreksturinn þótti ansi harður og **Graeme Souness**, knattspyrnustjóri Newcastle, neitaði að tala við blaðamenn eftir leikinn í mótmælaskyni við rauða spjaldið. Þegar hann loks fékkst til þess að tjá sig við blaðamenn,viðurkenndi hann að líklega hefði rauða spjaldið verið sér að kenna, því hann hefði verið nýbúinn að öskra á **Jenas** að vera harðari á vellinum.



**H**ollenski miðjumaðurinn **Bundewijn Zenden** hjá Liverpool sagði í gær að það hefði verið stjórnarformaður Middlesbrough sem hefði flæmt sig í burtu frá félaginu á sínum tíma og því hefði hann ákveðið að ganga til leiks við Liverpool. „Ég elskaði að leika fyrir Boro og leið vel þar. Ég var kosinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum liðsins og allt lék í lyndi. Það var hins vegar stjórnarformaður liðsins sem virtist ekki hafa áhuga á að hafa mig og því ákvað ég að fara til Liverpool,“ sagði **Zenden,** sem sýnt hefur ágætis takta í rauðklædda búningnum þar sem af er og hefur slegið John Arne Riise út úr liðinu.



## Sagan endalausa um Essien:

# Samkomulag hefur náðst

**FÓTBOLTI** Í gær gekk Chelsea loks frá kaupum á miðjumanninum Michael Essien frá franska liðinu Lyon. Stærstan hluta sumars hafa Englandsmeistararnir verið að vinna í því að tryggja sér þennan Ganamann en samningaviðræður við Lyon gengu ekki jafn skjótt fyrir sig og vonast hafði verið eftir. Kaupverðið er talið vera í kringum 26 milljónir punda en fyrsta boð Chelsea í leikmanninn var 10 milljónir. Þeir þurftu að hækka tilboð sitt alloft áður en Lyon ákvað að taka því.

Jean-Michel Aulas, stjórnarformaður Lyon, kom síðan loks með yfirlýsingu þess efnis í gær að félagið hefði gengið að tilboði Chelsea í leikmanninn. „Það er slæmt að missa jafn hæfileikaríkan leikmann og Essien en hans draumur er að spila í ensku úrvalsdeildinni. Það er leiðinlegt að horfa á eftir honum en við gerðum allt sem við gátum til þess að reyna að halda honum. Ég óska honum góðs gengis hjá Chelsea og ég veit að hann mun standa sig þar,“ sagði Aulas. **- egm**



# Vantar þig...



YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI. **SMÁAUGLÝSING** Í FRÉTTABLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU Á SKILABOÐUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER AUK ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGAR Í SÍMA **550 5000** EÐA Á **VISIR.IS.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Fíton/SÍA F013727




## STUÐ MILLI STRÍÐA | Starfið segir ekki allt

**FREY GÍGJA GUNNARSSON** ER EKKI ALVEG AÐ NÁ ÞESSU



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það er eitthvað undarlegt á seyði. Mér var einu sinni sagt að Alice Cooper væri birtingarmynd alls hins illa. Hann dræpi hænur og konur í tugavís. Vildi fá fallöxi upp á svið til sín og ætlaði að bíta í hálsinn á Paris Hilton. Slíkur náungi hlyti að éta pillur og drekka sig út úr heiminum á degi hverjum. Svo las ég viðtal við hann. Hann á þrjú börn og hefur verið giftur í 29 ár.

Konan hans hlýtur þá að vera skrýtin, svona feit mótórhjólagella sem lemur hann öðru hvoru með kökukefli. Börnin eru hjólhýsahyski sem drekka vodka með morgunmatnum. Eiga sæg af krónum með hinum og þessum. Nei, mamman var balletkennari og dæturnar tvær vildu verða ballerínur. Strákurinn var í hljómsveit. „Það er nauðsynlegt að eyða miklum tíma með börnunum,“ sagði Copper.

Ég velti því fyrir mér hvort þetta væri ekki eitthvert grín. Cooper hlyti að búa í hótelsvítu sem væri rústað reglulega. Þar væru sko teiti sem hægt væri að lifa lengi á. Þegar einkaflugvélin lenti bjóst ég við því að höfuðlausar hænur og blindfullar grúppíur myndu velta út. Cooper kæmi á eftir með Jack Daniels-flösku og logandi sígarettu. „Rokkmerkið“ væri hátt á lofti. Hann kom í golfbuxum og peysu. Er búinn að vera edrú ansi lengi. Engar hænur og hvað þá grúppíur. Bara hann, hljómsveitin, konan og börnin. Ætlaði að fara upp á hótelherbergi og hvíla sig. Átti víst pantaðan rástíma klukkan átta um morguninn á Grafarholtsvellinum. Cooper býr enda í Phoenix þar sem allir bestu golfvellirnir eru. Spilar stundum með Phil Mickelson.

Ég hélt að allir alvöru rokkarar væru bandbrjálaðir. Þeir dæju langt fyrir aldur fram nema þeir frelsuðust eða byrjuðu að stunda jóga. Ekki Alice Cooper. Hann byrjaði að spila golf. ■

# myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott






ThinkPad **R50e** - UR0S9DE



| | |
|---|---|
| **Örgjörvi:** Pentium M 745 1,8GHz | |
| **Minni:** 512MB | |
| **Skjár:** 15" 1024x768 upplausn | |
| **Skjákort:** 64MB Intel Extr.II | |
| **Diskur:** 60GB 5400sn | |
| **Drif:** DVD+/-RW Multiburner | |
| **Þráðlaust net:** b / g | |
| **Stýrikerfi:** Windows XP Pro | |

**SKÓLATILBOÐ 134.900 kr.**

ThinkPad **R52** - UN442DE



| | |
|---|---|
| **Örgjörvi:** Pentium M 740 1,7GHz | |
| **Minni:** 512MB | |
| **Skjár:** 15" 1400x1050 upplausn | |
| **Skjákort:** 64MB ATI Radeon x300 | |
| **Diskur:** 40GB 5400sn | |
| **Drif:** DVD+/-RW Multiburner | |
| **Þráðlaust net:** a / b / g | |
| Firewire og Bluetooth | |
| **Stýrikerfi:** Windows XP Pro | |

**SKÓLATILBOÐ 154.900 kr.**

## 3 FYRIR 1

Góð tölva verður enn betri með góðum hugbúnaði. Microsoft Office 2003 inniheldur verkfærin sem enginn vill vera án, sbr. Outlook, Word, Excel og PowerPoint.
Þú færð þrjú leyfi fyrir aðeins eitt.



**VERÐ AÐEINS**
**14.900 kr.**

Microsoft Office

Birt með fyrirvara um verðbreytingar, gengisbreytingar og innsláttarvillur

## LYKILORÐIÐ SEM ÞÚ GETUR EKKI GLEYMT

Fingrafaralesarinn á völdum ThinkPad T43 og X41 gerðum er greiptur á þægilegan hátt í tölvuna en þannig fæst öryggisstjórnun sem byggist á líkennum. Kemur í stað lykilorða með ósigrandi þægindum.

## LOFTPÚÐAVÖRN VERNDAR GÖGNIN ÞÍN

Eins og loftpúðaskynjari, greinir varnarkerfi ThinkPad snöggar breytingar á hreyfingu og læsir lestrarhaus harða disksins í stutta stund til að vernda mikilvæg gögn fyrir óhöppum. Í öllum gerðum nema R50e.

## MEST VERÐLAUNAÐA FARTÖLVAN

ThinkPad fartölvur hafa unnið til yfir 1200 verðlauna og er þ.a.l. mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Kíktu á **www.thinkpad.is** þar sem þú getur skoðað 20 ástæður fyrir því að velja ThinkPad.

**VERÐ FRÁ AÐEINS 89.900 KR.**

Vertu velkomin(n) í verslun Nýherja, Borgartúni 37.
Sími: 569 7700 - Netfang: thinkpad@nyherji.is

Söluaðilar um land allt.

ThinkPad **T43** - UC514DE



| | |
|---|---|
| **Örgjörvi:** Pentium M 730 1,6GHz | |
| **Minni:** 512MB | |
| **Skjár:** 14" 1024x768 upplausn | |
| **Skjákort:** 128MB Intel 900 | |
| **Diskur:** 40GB 5400sn. | |
| **Drif:** DVD+/-RW Multiburner | |
| **Þráðlaust net:** b / g | |
| **Þyngd:** Aðeins 2,3 kg | |
| Bluetooth | |
| **Stýrikerfi:** Windows XP Pro | |

**SKÓLATILBOÐ 159.900 kr.**

ThinkPad **T43** - UC34NDE



| | |
|---|---|
| **Örgjörvi:** Pentium M 750 1,86GHz. | |
| **Minni:** 512MB | |
| **Skjár:** 14" 1400x1050 upplausn | |
| **Skjákort:** 64MB ATI Radeon x300. | |
| **Diskur:** 60GB 5400sn. | |
| **Drif:** DVD+/-RW Multiburner | |
| **Þráðlaust net:** a / b / g | |
| Fingrafaralesari | |
| **Þyngd:** Aðeins 2,3 kg | |
| Bluetooth | |
| **Stýrikerfi:** Windows XP Pro | |

**SKÓLATILBOÐ 199.900 kr.**

ThinkPad

**WWW.THINKPAD.IS**

NÝHERJI

*Í dag opnar í Þjóðminjasafni Íslands sýningin Eldur í Kaupinhafn – 300 ára minning Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Sýningin er samvinnuverkefni Þjóðminjasafnsins og Góðvina Grunnavíkur- Jóns og fjallar um fræðimanninn Jón Ólafsson (1705-1779), ævi hans og störf. Sýningunni er ætlað að vekja athygli á eldhuganum Jóni Ólafssyni, ótrúlega fjölbreyttu og viðamiklu ævistarfi hans og mikilvægu framlagi hans til menningarsögu Íslands.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Ítölsk barokktónlist á Sigurjónssafni*

Á þriðjudagskvöldum í sumar hefur Listasafn Sigurjóns staðið fyrir klassískum tónleikum. Sesselja Kristjánsdóttir mezzosópran og Antonia Hevesi píanó riðu á vaðið í lok júní með tónleikum þar sem leikin voru Vögguljóð frá ýmsum löndum austan hafs og vestan. Síðustu tónleikar sumarsins verða þriðjudagskvöldið 6. september en þetta er fimmta árið í röð sem Sigurjónssafn stendur fyrir vandaðri tónleikadagskrá.

Í kvöld er komið að tíundu tónleikum sumarsins en þá flytja þær Jóhanna Halldórsdóttir alt, Heike ter Stal teorba, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir barokkselló og Guðrún Óskarsdóttir semball, ítalska barokktónlist. Leikin verður tónlist eftir Gasparini, Scarlatti, Piccinini, Strozzi, Frescobaldi, Caccini, Cazzati og Monteverdi svo eitthvað sé nefnt. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og kaffistofa safnsins er opin að lokinni dagskrá.



**Í ÍTÖLSKUM ANDA** Heike ter Stal, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir leika barokktónlist á Sigurjónssafni í kvöld.

## > Ekki missa af ...



...tónleikum norska tríósins **Trio i ein Fjord** í **Norræna húsinu** klukkan 20.00 í kvöld. Tríóið skipa söngkonan Reidun Horvei, fiðluleikarinn Knut Hamre og píanóleikarinn Geir Botnen. Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt en þar verða meðal annars flutt verk eftir Grieg, Ketil Hvoslef og Geirr Tveitt. Aðgangur er ókeypis.

...útgáfutónleikum djasstríósins **Flís** klukkan 20.00 í **Iðnó** annað kvöld.

...sýningunni **Lest-Dieter Roth** í **Gallerí 100°**, Húsi Orkuveitunnar, **Listasafni Íslands** og **Listasafni Reykjavíkur** sem lýkur næstkomandi sunnudag.














**DUUS HÚSIÐ** Dönsk áhrif á Íslandi verða könnuð á ljósmyndasýningu í verslunarglugga Sævars Karls í Bankastræti.

# Dönsk Menningarnótt

Upphaflega hugmyndin að Menningarnótt í Reykjavík var fengin í borgarstjóratíð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur en hugmyndin að hátíðinni var sótt til Danmerkur, réttara sagt til Menningarnætur í Kaupmannahöfn. Af því tilefni að Menningarnótt er nú haldin í Reykjavík í tíunda sinn þykir við hæfi að danskt yfirbragð verði á hátíðinni í ár.

Í Ráðhúsinu á laugardaginn tekur borgarstjóri Reykjavíkur Steinunn Valdís Óskarsdóttir á móti yfirborgarstjóra Kaupmannahafnar og fylgdarliði hans en yfirborgarstjórinn Lars Engberg kemur til með að opna sýninguna Menningarnótt í Kaupmannahöfn.Til að taka vel á móti gestum okkar munu fjölmargir kaupmenn í miðborginni klæða sig í danskan búning og skreyta hjá sér að dönskum sið, eins og siður var í upphafi síðustu aldar þegar konungar frá okkar gömlu höfuðborg sóttu okkur heim.

Strax að setningu Lars Engberg lokinni koma frændur okkar Danir til með að sýna okkur hvernig halda skal hátíð en þá stíga dönsku tónlistarmennirnir Bodil Heister og Ulrik Cold á svið. Ulrik Cold er hvað þekktastur fyrir að leika í uppfærslu kvikmyndagerðarmannsins Ingmars Bergman á Töfraflautunni. Cold hefur sungið í óperuhúsum víða í Evrópu og í Bandaríkjunum en Bodil Heister hefur vakið athygli fyrir einlæga túlkun og þykir úrvals harmonikkuleikari og söngkona.

Meðal þeirra menningarlegu viðburða sem Danir bjóða okkur upp á verður uppistandssýningin Pappekasseshow eða „Pappakassasýningin“ þar sem uppistandarar Kim Dalmu og Morten Henriksen fara á kostum. Kim og Morten byrjuðu ferilinn á Strikinu í Kaupmannhöfn. Síðan þá hefur tónlist þeirra og spunaglens vakið athygli og tvíeykið troðið upp í fjölmörgum dönskum spjall- og skemmtiþáttum, á Hróarskeldu, við Grammy-verðlaunaafhendingar í Danmörku og hitað upp fyrir Evróvisjón í Kaupmannahöfn í Parken árið 2001. „Sýningin er á dönsku en okkur finnst forvitnilegast að sjá hvort Íslendingar skilja húmorinn okkar eða hvort allir munu koma til með að horfa á okkur eins og við séum fífl,“ segir danski skemmtikrafturinn Kim Dalmu en þeir félagar eru farnir að hlakka til Íslandsferðarinnar. Þeir félagar Kim og Morten í Papkasseshow spila þekkta slagara í bland við frumsamið grín á gítar og pappakassa. „Við vonumst til þess að Íslendingar taki undir lögin og njóti sýningarinnar.“

Pappekasseshow heldur uppi fjörinu í Tjarnarsal Ráðhússins kl. 21.00 og 22.00 á Menningarnótt en setning dagskrár frá Kaupmannahöfn á Menningarnótt 2005 verður opnuð klukkan 14.00 í Ráðhúsinu. ■

# Aðgengileg bók um erfðir og erfðatækni

„Í bókinni er verið að kynna undirstöðu erfðafræðinnar,“ segir dr. Guðmundur Eggertsson en Bjartur bókaforlag hefur nú gefið út bók hans Líf af lífi; Gen, erfðir og erfðatækni. Líf af lífi er gefin út hjá Bjarti undir merkjum Hnotskurnar, nýrrar ritraðar sem fjallar um fræðirit. „Bókin er hugsuð sem aðgengilegt rit fyrir þá sem hafa áhuga á erfðafræði en eru ekki endilega sérfræðingar á því sviði. Ég segi sögu hugmynda manna um erfðaeindina eða genið sem allir hafa heyrt talað um en flestir eiga erfitt með að skilgreina enda vefst hún enn fyrir erfðafræðingum. Svo er fjallað sérstaklega um erfðatæknina og hugmyndir manna um breytingar á erfðaefni mannsins. Komið er inn á umræðuna um lagfæringar á erfðagöllum og þær óraunhæfu hugmyndir að farið verði út í að bæta erfðaefni mannsins. Í bókinni eru þessar hugmyndir kynntar og ræddar og óhjákvæmilega aðeins fjallað um efnið út frá siðfræðilegu sjónarhorni. Annars er þetta lítil bók sem fjallar um spurningar sem mörgum finnst áhugaverðar og koma öllum við.“ ■



**GUÐMUNDUR EGGERTSSON** Sendir frá sér bókina Líf af lífi; Gen, erfðir og erfðatækni sem kemur út í fræðiritaröð bókaforlagsins Bjarts.

# Staðreynd

## Master

## Mercedes Benz

## ML 350 2006

Sjálfskiptur 7 þrepa Geartronic,
Tvíþætt leðurinnrétting, Þjófa- & dráttarvörn,
Command APS DVD leiðsögukerfi,
Harman / Kardon Digital Surround
hljómkerfi með 11 hátölurum, Thermatronic
loftkæling, Geisladiskamagasín, Teppamottur,
Rafdrifin glersóllúga, Hiti í sætum,
Dökkar rúður, Regnskynjari, Viðarmælaborð,
Aðfellanlegir speglar, Viðarklæðning í mælaborði

**6.550.000,-**

## Askja

## Mercedes Benz

## ML 350 2006

Sjálfskiptur 7 þrepa Geartronic,
Tvíþætt leðurinnrétting, Þjófa- & dráttarvörn,
Command APS DVD leiðsögukerfi,
Harman / Kardon Digital Surround
hljómkerfi með 11 hátölurum, Thermatronic
loftkæling, Geisladiskamagasín, Teppamottur,
Rafdrifin glersóllúga, Hiti í sætum,
Dökkar rúður, Regnskynjari, Viðarmælaborð,
Aðfellanlegir speglar, Viðarklæðning í mælaborði

**7.761.700,-***

* samantekin verð úr verðlista Öskju þann 26. Júlí 2005

MASTER

Master ehf, Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200
www.masterbill.is

Þjónustuaðili Mercedes Benz á Íslandi frá upphafi er
RÆSIR HF






## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenskir golfarar slógu tvær flugur í einu höggi á laugardag er þeir sáu ekki eina, heldur tvær stórstjörnur spóka sig um á golfvellinum í Grafarholti. Þar voru þeir saman kvikmyndastjarnan **Clint Eastwood** og sjokkrokkarinn **Alice Cooper**, sem steig á stokk í Kaplakrika um kvöldið. Eastwood er mikill tónlistaráhugamaður og Cooper hefur leikið í nokkrum kvikmyndum og hafa þeir félagar því vafalítið haft um eitthvað að ræða þennan dag. Hvort Eastwood hafi boðið Cooper að leika í Flags of Our Fathers fylgir ekki sögunni.

# Victoria les aldrei bækur

Victoria Beckham viðurkenndi að lesa aldrei bækur í viðtali sem á að birtast í spænska tímaritinu Chic. „Ég hef ekki lesið bók alla ævi," sagði hún. „Ég hef ekki tíma til þess. Ég vil heldur hlusta á tónlist, en reyndar elska ég tískublöð," sagði tískudívan. Það þýðir væntanlega að hún hefur hvorki lesið ævisögu sína né eiginmanns síns og varla er hún skólagengin. Victoria hefur önnur áhugamál; í viðtalinu lýsti hún hversu mikið hana langar að eignast stelpu. „Ég get ímyndað mér sjálfa mig að lakka á henni neglurnar, hjálpa henni með farðann, og að velja föt með henni," sagði hún. Nú er bara að vona að Victoria hafi að minnsta kostið lesið barnabækur fyrir börnin sín, og að þau fái betra uppeldi en það sem snýst um förðunarleiðbeiningar og fatastúss.



**VICTORIA BECKHAM** Kannski hún sé jafnheimsk og hún lítur út fyrir að vera?

# Sonic Youth spilar í kvöld

Bandaríska rokksveitin Sonic Youth, sem heldur tvenna tónleika á Nasa í kvöld og annað kvöld, kom til landins í gær ásamt fríðu föruneyti, sem meðal annars samanstendur af stóru gítarsafni. Sonic Youth er þekkt fyrir tilraunakenndan gítarleik og á tónleikum þeirra er hver gítar ætlaður einu ákveðnu lagi og stilltur sérstaklega fyrir það.

Nasa opnar klukkan 20.00 bæði kvöldin. Brúðarbandið hitar upp í kvöld en annað kvöld hitar Curver upp. Nær uppselt er á tónleikana í kvöld og miðasala á Nasa annað kvöld gengur vel. Miðasalan fer fram á 12 Tónum og á midi.is.



**SONIC YOUTH** Rokksveitin Sonic Youth heldur tvenna tónleika á Nasa í kvöld og annað kvöld.

# Leikhúsið hafði yfirhöndina

**[ TÓNLEIKAR ]**

**UMFJÖLLUN**

Lítið hefur farið fyrir rokkaranum Alice Cooper undanfarin ár, eða síðan hann gaf út plötuna Trash undir lok níunda áratugarins. Engu síður á hann sér traustan aðdáendahóp víða um heim sem kaupir plöturnar hans og fer á tónleika, enda er hann þekktur fyrir öfluga sviðsframkomu.

Cooper var fyrsti rokkarinn til að blanda saman leikhúsi og tónleikum og hefur greinilega engu gleymt í þeim efnum. Eftir að fjórar íslenskar upphitunarsveitir höfðu lokið sínum hluta í Kaplakrikanum steig sjokkrokkarinn Cooper út úr reyknum á tilkomumikinn hátt, sveiflandi svörtu priki, tilbúinn til þess að hrista upp í liðinu. „No More Mr. Nice Guy" var upphafslagið og voru áhorfendur, sem voru í færri kantinum, vel með á nótunum.

Cooper var duglegur á tónleikunum við að nýta sér leikmuni sem tengdust lögunum sínum. Þegar hann söng um peninga dreifði hann grænum seðlum út um allan salinn, þegar hann söng um demanta dreifði hann hálsmenum og er hann söng um Frankenstein gekk hann um eins og dr. Frankenstein og raðaði saman líkamspörtum sem lágu á víð og dreif um sviðið. Þar fyrir utan sprengdi hann risablöðrur með sverðinu sínu, lét sig hverfa á dularfullan hátt af sviðinu, var hálshöggvinn og settur í spennitreyju. Einnig þurfti hann að kljást við dóttur sína sem dansaði í kringum hann í nokkrum lögum og gerði honum lífið leitt.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ALICE COOPER** Sjokkrokkarinn Alice Cooper notaði leikmuni óspart til þess að fanga athygli áhorfenda.

NIÐURSTAÐA: Alice Cooper notaði leikmuni óspart til þess að fanga athygli áhorfenda og tókst það vel upp. Hljómsveitin var þétt og vel spilandi en flest lögin aftur á móti ekkert til að hrópa húrra fyrir.

Allt þetta átti sinn þátt í því að maður hélt athyglinni allan tímann, enda varla annað hægt. Ef ekki hefði verið fyrir alla þessa leikrænu tilburði hefðu tónleikarnir samt verið frekar auðgleymanlegir. Cooper á nokkur fræg lög, þar á meðal „School's Out" og „Poison," en fyrir utan þau var tónlistin ekkert sérlega áhugaverð. Trommarinn Eric Singer úr Kiss var reyndar öflugur og átti meðal annars frábært tíu mínútna langt trommusóló. Einnig var skondið þegar hinn 57 ára Cooper söng „I'm Eighteen" eins og ekkert væri eðlilegra.

Hljómsveitin var vissulega þétt og hinn ófrýnilegi Cooper stjórnaði öllu eins og herforingi en það var fyrst og fremst leikhúsið sem hafði yfirhöndina í Kaplakrika þetta laugardagskvöld.

**Freyr Bjarnason**





15%

L'OREAL PERFECT SLIM

Gelið sem sannarlega vinnur gegn appelsínuhúð með 85% árangri. Inniheldur Ginko, koffein og Par-Elastyl sem örva blóðflæði húðfruma, hindra myndun appelsínuhúðar, slétta og mýkja hrjúfa húð. 1 sm minna ummál eftir 14 daga. 1,9 sm minna ummál eftir 4 vikur. Perfect Slim hlaut bestu einkunn í franskri neytendakönnun á þekktum kremum fyrir appelsínuhúð.




30%

VEGA SLIMMING

Flottari línur og sléttari magi. Slimming krómblanda dregur úr hungurtilfinningu og eykur brennslu.

Tilboðin gilda til 26.4. 2005

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is







**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 3.50-6-8.15-10.30 | |
| HERBIE FULLY L. VIP | KL. 3.50-6-8.15-10.30 | |
| THE ISLAND | KL. 6-8-10-10.40 | B.I. 16 |
| KICKING AND SCREAMING | KL. 4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4-6 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 8 | B.I. 16 |
| THE ISLAND | KL. 10.10 | |
| FANTASTIC FOUR | KL. 8-10.10 | |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 6-8-10 |
| THE ISLAND | KL. 8-10.30 |
| MADAGASKCAR ísl. tal | KL. 6 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 4.20-6.30-8.40-10.40 | |
| THE ISLAND | KL. 8-10.40 | B.I. 16 |
| THE PERFECT MAN | KL. 4.20-6.15-8 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4.20-6.15 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 10 | B.I. 12 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 5-7.10-9.15-11 | |
| THE ISLAND | KL. 5.30-8-10.40 | B.I. 16 ára |
| DARK WATER | KL. 8-10.15 | B.I. 16 ára |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 5-7-9 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 6-8.30 | B.I. 12 ára |
| KICKING & SCREAMING | KL. 6 | |

Háskólabíó



# Kiarostami á leiðinni til Íslands

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík fær góðan gest í heimsókn til sín en íranski leikstjórinn Abbas Kiarostami mun sækja hana heim. Af því tilefni verður haldin viðhafnarsýning honum til heiðurs og enn fremur opnuð ljósmyndasýning en Kiarostami er þekktur fyrir landslagsljósmyndir sínar.

Abbas Kiarostami er viðurkenndur kvikmyndagerðamaður og breska tímaritið Guardian valdi hann sjötta besta leikstjórann í sögunni. Martin Scorsese sagði myndir leikstjórans sameinuða það besta í kvikmyndagerð en Kiarostami vann gullpálmann í Cannes árið 1997 fyrir kvikmyndina Ta'm e guilass eða Keimur af kirsuberjum, sem sýnd var á Íslandi 1998. Þetta er því feikilegur hvalreki á fjörur íslenskra kvikmyndaáhugamanna. Kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefst 29. september og stendur til 9.október. ■

**ABBAS KIAROSTAMI** Abbas er einn viðurkenndasti leikstjóri veraldar og koma hans því hvalreki á fjörur kvikmyndaáhugamanna hér á landi.

# Doherty handtekinn

Pete Doherty, forsprakki hljómsveitarinnar Babyshambles sem spilar á Iceland Airwaves í haust, var handtekinn á flugvellinum í Osló á dögunum fyrir að hafa eiturlyf í fórum sér.

Doherty, sem var áður í The Libertines, var einn af tveimur sem var handtekinn og þurfti að dúsa í haldi lögreglunnar í fjórar klukkustundir. Hinn sem var handtekinn hafði 1,7 kg af kókaíni á sér en 1,5 kg af heróíni. Báðir fengu þeir sektir upp á um það bil 80.000 krónur og var síðan sleppt. Þeir þurfa ekki að fara fyrir dómstóla því þeir játuðu sekt sína. Engu síður fara þeir á sakaskrá í Noregi fyrir athæfið.

Vegna handtökunnar missti Babyshambles af tónleikum sínum á stærra sviðinu á Oya-tónlistarhátíðinni fyrir framan 8000 manns. Þess í stað spilaði hljómsveitin nokkru síðar á smærra sviði fyrir framan helmingi færri áhorfendur. Að sögn þeirra sem sáu tónleikana ældi Doherty á sviðið og kastaði vodkaflösku í áhorfendaskarann.



**PETE DOHERTY** Forsprakki Babyshambles var handtekinn í Osló á dögunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Vince Vaughn** hefur greinilega áhyggjur af orðrómi um að hann og **Jennifer Aniston** séu saman því hann hefur lýst því yfir að hann sé mikið fyrir einnar nætur gaman. „Ég hef aldrei verið hrifinn af því að fara heim með sömu stelpunni á hverju kvöldi," sagði Vince í viðtali við **Imdb.com**. Hann segir að hann myndi aldrei notfæra sér það að Jennifer sé enn að ná sér eftir sambandsslit hennar og **Brad Pitt**, auk þess sem að hann sé of önnum kafinn til þess að vera í langtímasambandi.



Það lítur út fyrir að **Paris Hilton** og **Nicole Richie** verði að sættast fljótlega því að enn á eftir að taka upp fjórðu þáttaröðina af **The Simple Life**. Þær eiga á hættu að verða lögsóttar af **Fox-sjónvarpsstöðinni** geti þær ekki unnið saman. Hilton stakk upp á því að þær gerðu brúðkaupsþáttaröð sem sýndi undirbúninginn að brúðkaupum hennar og Nicole, og þannig þyrftu þær aldrei að hittast enda um tvö aðskilin brúðkaup að ræða. Engin ákvörðun um þáttinn hefur verið tekin en framleiðendur bíómynda sem þær stöllur leika í eru orðnir þreyttir á stríðinu milli þeirra, enda batt Hilton þannig um hnútana að myndirnar yrðu frumsýndar sama dag og skvetti þannig olíu á rifrildiseldinn.



Áttu eitthvað gott fyrir línurnar?






15%

METASYS

Þinn stuðningur í baráttunni við aukakílóin. Eykur orku og brennslu á við 30 mín. skokk á dag. Jafnar blóðsykur, vatnslosandi, andoxunarríkt og hressandi.

Lyf&heilsa
Við hlustum!

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You have enslaved him. You have placed him under some strange sexual spell. I respect that. But please, may we see him?“**

**Svar:**
Morticia í kvikmyndinni Addams Family Values árið 1993.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Sóley Kaldal ætlar ekki að gefast upp á Skjá einum

# Lágmenning og lélegir þættir

Hvað er eiginlega að verða um mína uppáhalds sjónvarpsstöð, Skjá einn? Dagskráin hefur farið hríðversnandi undanfarna mánuði og nú er svo komið að það er nánast ekkert bitastætt eftir. Sem dæmi um dagskrána á besta tíma á sunnudagskvöldi, þá var fyrst boðið upp á Ripley's Believe it or not! en það er glataður þáttur um úrkynjað fólk að leika óeftirsóknarverðar þrautir.

Næst tók við Wildboyz, sem mér finnst vera þáttur á botni lágmenningarinnar og trúi ekki öðru en að nú sé nóg komið að hálfvitum og ruslaralýð, ælandi og prumpandi í sjónvarpi.

Ekki tók skárra við næst því þá var sýndur einn kjánalegast þátturinn í íslensku sjónvarpi – nefnilega Worst Case Scenario. Þar er manni „kennt“ að bregðast við yfirvofandi hættum og má meðal annars læra að afstýra árekstri með því að renna mótorhjólinu sínu undir sextán hjóla trukk – mjög svo nýtilegt, ehemm. Steininn tók þó úr þegar Þak yfir höfuðið var sýnt eina ferðina enn. Þessi þáttur hefur mjög þröngan markhóp og þó ég sé á íbúðakaupaaldri þá hef ég engan áhuga á að horfa á þessar auglýsingar kvöld eftir kvöld. Kvöldið áður, laugardagskvöld, var þátturinn klukkutíma langur og fyrir þá sem voru svo „óheppnir“ að missa af því, þá var hann sýndur aftur fimmtíu mínútum síðar! Hver nennir að fræðast um fermetrafjölda, gæði lagna og aldur innréttinga í klukkutíma á laugardagskvöldi!?




Ég er mjög sorgmædd yfir þessari þróun því undanfarin ár hef ég alltaf getað treyst á minn gamla vin Skjá einn að redda kvöldinu. Skjár einn hefur alltaf verið frábær sjónvarpsstöð og mér finnst æðislegt að hægt sé að bjóða upp á góða dagskrá ókeypis á þessu litla landi. Ég vona að dagskráin batni fljótt og mun horfa samviskusamlega á allar auglýsingar ef ég fæ gamla góða Skjá einn til baka.



20.00 *Gaman*

EVERWOOD



21.30 *Spenna*

LAX



21.00 *Drama*

JOAN OF ARCADIA



21.15 *Brúðkaup*

BRÚÐKAUPSÞÁTTURINN JÁ



22.00 *Íþróttir*

OLÍSSPORT

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Músasjónvarpið (5:13)

**18.30 Gló magnaða (19:19)**
**19.00 Fréttir og íþróttir**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Everwood (18:22)** (Everwood II) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.
**20.45 Bill Bourne og KK í Salnum** Upptaka frá tónleikum sem kanadíska söngvaskáldið Bill Bourne og KK héldu í salnum í Kópavogi.
**21.10 Stríðsárin á Íslandi (3:6)** 10. maí síðastliðinn voru liðin 65 ár frá því að breski herinn gekk á land á Íslandi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Rose og Maloney (4:8)**

**23.10** Málsvörn (24:29) **23.50** Kastljósið **0.15** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Married to the Kellys (e) **13.50** Kóngur um stund **14.15** Extreme Makeover (e) **15.00** Monk **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (1:25) (e)**
**20.00 Fear Factor (18:31)**
**20.45 Eyes (6:13)**
**21.30 LAX (3:13)** Myndaflokkur sem gerist á alþjóðlega flugvellinum í Los Angeles, LAX.
**22.15 Navy NCIS (22:23)** Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Þar er Leroy Jethro Gibbs fremstur meðal jafninga en útsendarar sjóhersins halda hvert á land sem er þegar kallið berst. Bönnuð börnum.

**23.00** Hedwig and the Angry Inch **0.30** Revelations (6:6) (Bönnuð börnum) **1.15** Fréttir og Ísland í dag **2.35** Ísland í bítið **4.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld 3**
**19.30 Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki færð þú beint í æð í Game TV.
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends 2 (13:24)**
**21.00 Joan Of Arcadia (7:23)** Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana.
**21.45 Sjáðu**
**22.00 Kvöldþátturinn**
**22.45 David Letterman** Það er bara einn David Letterman. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.35** Rescue Me (7:13) **0.20** Friends 2 (9:24) **0.45** Kvöldþátturinn **1.30** Seinfeld 3

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Center of the Universe (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 According to Jim (e)**
**20.00 The Biggest Loser** Í þáttunum keppa offitusjúklingar, með hjálp sérvalinna einkaþjálfara um hverjum gengur best að megra sig og halda reglurnar.
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.15 Brúðkaupsþátturinn Já** Sjötta sumarið í röð fylgist Elín María Björnsdóttir með fólki sem hyggst ganga í hjónaband.
**22.00 CSI: Miami** Kona er drepin og bílnum hennar rænt. Lögreglan kemst að því að konan var spilafíkill og kom fjölskyldufyrirtæki mannsins síns á hausinn.
**22.45 Jay Leno**

**23.30** The Contender (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** The L Word **1.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
*besta sætið*

**7.00** Olíssport

**15.10** Landsbankadeildin. Útsending frá leik Þróttar og FH á Laugardalsvelli. **17.25** Olíssport **17.55** X-Games

**18.50 2005 AVP Pro Beach Volleyball** (Strandblak)
**19.50 Supercopa** Útsending frá leik Real Betis og Barcelona.
**21.30 Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.
**22.00 Olíssport**
**22.30 NBA – Bestu leikirnir** Indiana Pacers og New York Knicks mættust í úrslitakeppni Austurdeildar 1994. Hér er sýnt frá fimmta leiknum í einvígi liðanna en í þessari viðureign fór Reggie Miller á kostum.

**0.10** Ensku mörkin

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Gentlemen's Relish **8.00** Catch Me If You Can **10.15** Tuck Everlasting **12.00** Possession **14.00** Gentlemen's Relish **16.00** Catch Me If You Can **18.15** Tuck Everlasting **20.00** Possession **22.00** American Wedding **0.00** James Dean: Outside the Lines **2.00** Maléna **4.00** American Wedding

## OMEGA

**8.00** Barnaefni **9.00** Blandað efni **10.00** Joyce M. **10.30** Benny Hinn **11.00** T.D. Jakes **11.30** Acts Full Gospel **12.00** Samverustund (e) **13.00** Global Answers **13.30** Jimmy Swaggart **14.30** Blandað efni **16.00** The Way of the Master **16.30** Barnaefni **17.30** LifeLine **18.30** Extreme Prophetic **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Um trúna **20.30** Gunnar Þorsteinsson **21.00** Ron Phillips **21.30** Miðnæturhróp **22.00** Joyce Meyer **22.30** Benny Hinn **23.00** T.D. Jakes **23.30** Travellers for Christ **0.00** The Way of the Master **0.30** CBN fréttastofan

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Love is in the Heir **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **15.00** The Daily Blend **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** 20 Hippest Hotspots **20.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **20.30** My Crazy Life **21.00** The Soup **21.30** Party @ the Palms **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **0.00** Wild On **1.00** 20 Hippest Hotspots

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ENSKI BOLTINN

**16.08** 2005 Þriðjudagur **14.00** West Ham – Blackburn frá 13.08 **16.00** Aston Villa – Bolton frá 13.08. **18.00** Wigan – Chelsea frá 14.08. **20.00 Þrumuskot (e) 21.00 Spurt að leikslokum 22.00 Arsenal – Newcastle frá 14.08.** **0.00** Sunderland – Charlton frá 13.08.
















Í KVÖLD Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Bill Bourne á Íslandi** Sjónvarpið **kl. 20.45**

***Bill tók meðal annars lagið með KK.***

### *Mikils metinn þjóðlagasöngvari*

Sjónvarpið sýnir í kvöld upptöku frá tónleikum sem kanadíska söngvaskáldið Bill Bourne hélt í salnum í Kópavogi í fyrra. Bill Bourne er afkomandi Stephans G. Stephanssonar skálds og er mikils metinn þjóðlagasöngvari í Kanada. Hann hefur hlotið margvísleg verðlaun, þar á meðal kanadísku Juno-verðlaunin. Hann hefur gefið út fjölda diska, bæði einn og með öðrum og komið fram í öllum heimsálfum og nýtur gífurlegra vinsælda út um allan heim.



Bill Bourne.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Elísabetu Brekkan. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Fótboltavikan með Hansa **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Elísabetu Brekkan e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e. **23.00** Úrval úr Allt & sumt e. **0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sögumenn samtímans **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamál., Mærin í snjónum **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Einbjörn Hansson **14.30** Ekki hlusta á þetta **15.03** Hljómsveit Reykjavíkur **16.13** Hlaupanótan

**17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **21.00** Á sumargöngu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Ragtime

**23.00** Fnykur

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **16.50** Spánarpistill Kristins R. Ólafssonar **17.03** Útvarp Bolur

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Rokkland

**1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan G. **15.00** Hildur H **17.00** Gústaf

Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. **0.00** Hildur H **1.00**

Kynjastríðið **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. **5.00** Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Snooker: European Open Belfast Ireland **15.00** Tennis: WTA Tournament Toronto Canada **18.30** Snooker: European Open Belfast Ireland **21.00** Boxing **22.00** Car Racing: Le Mans Endurance Series Silverstone **22.15** News: Eurosportnews Report **22.30** Adventure: Escape **23.00** All sports: WATTS

**BBC PRIME**
**12.00** Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** The Raven **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** Amazon – Super River **19.00** Sahara **20.00** Body Hits **20.30** Human Race **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** Heart of Darkness **0.00** Rumer Godden – An Indian Affair **1.00** Henry V

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Wild Dogs **13.00** The Sea Hunters **14.00** Hitler's Sunken Secret **15.00** Bridge on the River Kwai – The Documentary **16.00** Battlefront **17.00** Animal Nightmares **17.30** Monkey Business **18.00** Raccoon Dogs **19.00** When Expeditions Go Wrong **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Seconds From Disaster **22.00** The Sea Hunters **23.00** Air Crash Investigation **0.00** Seconds From Disaster

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Natural World **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Weird Nature **18.30** Nightmares of Nature **19.00** Wild South America **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Wild South America **1.00** Weird Nature

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Hooked on Fishing **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Ultimate Cars **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Extreme Engineering **20.00** Massive Machines **20.30** One Step Beyond **21.00** Pompeii 2 **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Weapons of War

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** My Super Sweet 16 **19.00** Power Girls **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Punk'd **21.30** Wonder Showzen **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Rise & Rise Of **20.00** Madonna's Greatest Tv Moments **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Madonna Through the Years Top 5 **22.30** The Fabulous Life of... **23.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Fashion House **12.35** The Stylists **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Fantasy Open House **18.05** It's a Girl Thing **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Sex Tips for Girls **22.00** Ex-Rated **22.30** Men on Women **23.00** Weekend Warriors **23.30** Anything I Can Do **23.55** Arresting Design **0.25** Fashion House **0.50** The Stylists **1.15** Staying in Style

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.25** White Lightning **14.05** Signs of Life **15.35** Vampires on Bikini Beach **17.00** Extreme Adventures of Super Dave, the **18.30** My Father, My Son **20.05** Right of the People **21.40** Taras Bulba **23.45** Number One with a Bullet **1.25** Rosary Murders, the **3.10** Gallant Hours

**TCM**
**19.00** Little Off Set – Cat Deeley On The Movies Of Elvis **19.05** Jailhouse Rock **20.40** Elvis: That's the Way It Is **22.20** Speedway **23.55** Spinout **1.25** Stay Away, Joe **3.10** MGM: When the Lion Roars

**HALLMARK**
**12.45** Dinotopia **14.15** Mary & Tim **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Love Comes Softly **18.30** Early Edition **19.15** On The Beach **21.00** Brotherhood of Murder **22.30** Early Edition **23.15** Dynasty: Behind The Scenes **0.45** On The Beach **2.30** Brotherhood of Murder

**BBC FOOD**
**12.00** Douglas Chew Cooks Asia **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Madhur Jaffrey's Far Eastern Cookery **13.30** James Martin Sweet **14.00** The Naked Chef **14.30** The Tanner Brothers **15.00** Ever Wondered About Food **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Rocco's Dolce Vita **16.30** The Italian Kitchen **17.00** Rachel's Favourite Food **17.30** Beyond River Cottage **18.00** Kitchen Takeover **18.30** Ready Steady Cook **19.00** James Martin: Yorkshire's Finest **19.30** Sophie's Weekends **20.00** Nigella Bites **20.30** Neil Perry Fresh and Fast **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.00** Lille murmansk **12.30** Sjakket **13.00** TV Avisen med vejret **13.07** Med kurs mod dybet **13.20** I f¢rste række **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Dawson's Creek **14.45** Boogie Listen – Boblerne **15.00** Trafikdengsen **15.10** Lovens vogtere **15.30** Orkanens •je **16.00** Y's Fantom Farmor **16.15** Thomas og Tim **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** DR-Explorer – tværs over Canada **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Hokus Krokus **18.30** Koste hvad det vil **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Hemmeligheder og bedrag **21.30** Danske vidundere **22.00** Musikprogrammet

**SV1**
**12.10** Skolka skolan **14.00** Rapport **14.05** Vet hut! **14.55** Blomsterspråk **15.00** En riktig familj **16.00** Den norske lotsen **16.30** Kipper **16.40** Brum **16.50** Berättelser från hönsgården **17.00** De tre vännerna och Jerry **17.25** Reas boktips **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning – vad hände sen? **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Vet hut! **21.25** Rapport **21.35** Sommartorpet **22.05** Uppdrag granskning – vad hände sen? **23.05** Sändning från SVT24



## DÓTAKASSINN WWB'S MEDIA READY 5000 ADVANCED MEDIA CENTER

# Tæki fyrir fjölmiðlafíkilinn

**Sem er?** Fjölmiðlamiðstöð frá Sage TV. Það er ekki laust við að það fari gleðihrollur um líkamann. Þetta tæki á eftir að létta okkur sjónvarpsfíklunum lífið því nú þurfum við ekki að standa upp. Getum setið fyrir framan imbakassann, daginn út og inn. Fjölmiðlamiðstöðin er útbúinn því allra nýjasta á markaðinum og er ekki með Windows heldur Linux sem gerir hana mun ódýrari.

**Hvernig virkar það?** Fjölmiðlamiðstöðin er með harðan disk þannig að hægt er að taka upp sjónvarpsþætti í tonnavís. Þá er hægt að stöðva útsendingu þegar þú þarft að skreppa á klósettið því tækið tekur upp á meðan. Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því að missa af einu eða neinu. Þá er dvd, mp3, cd, karókí-spilarar sem gerir Media Center að sannkölluðu draumatæki. Græjur, myndbandstæki og dvd-spilarinn hverfa. Þá verður hægt að tengjast heimilistölvunni með þráðlausu neti og fara á internetið.

**Hvar fæst það?** Tækið er enn í vinnslu en er væntanlegt á markað á næstunni. Ekki er ljóst hvenær svona draumatæki kemur á markað hérlendis en hægt er að nálgast allar upplýsingar sagetv.com

**Hvað kostar það** Þar sem WWB'S Media READY 5000 Advanced Media Center er rétt ókomið hefur ekkert verð verið sett upp.Framleiðendurnir lofa því þó að það verði á viðráðanlegu verði.






## HRÓSIÐ

*...fær Sigrún Árnadóttir fyrir að hafa staðið sig frábærlega sem framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands í tólf ár en hún hefur nú sagt starfinu lausu og ætlar að setjast á skólabekk.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2** listastefna **6** löng og lág hæð **8** efni **9** gagn **11** númer **12** .....maður **14** vansæmd **16** stefna **17** stúlka **18** fát **20** þys **21** fimur.

**LÓÐRÉTT 1** ljá **3** bardagi **4** ballerína **5** drulla **7** lengst í suður **10** hald **13** hjör **15** drykkur **16** upphrópun **19** hef leyfi.

**LAUSN.**

**LÁRÉTT 2** Dada, **6** Ás, **8** Tau, **9** Nýt, **11** Nr, **12** Aðals, **14** Skömm, **16** Út, **17** Mey, **18** Fum, **20** Ys, **21** Frár. **LÓÐRÉTT** 1 Lána, **3** At, **4** Dansmey, **5** Aur, **7** Syðstur, **10** Tak, **13** Löm, **15** Mysa, **16** Úff, **19** Má.



**DÓMNEFNDIN** Páll Óskar ásamt Bubba, Siggu Beinteins og Einari Bárðarsyni, hinum meðlimum dómnefndarinnar. Fyrstu áheyrnarprufurnar verða 27. ágúst á Hótel Loftleiðum í Reykjavík.

SKRÁNINGU Í IDOL LOKIÐ: PÁLL ÓSKAR SPENNIR BELTIN

# Ætlar ekki að kasta pílum

Páll Óskar Hjálmtýsson, sem verður einn fjögurra dómara í Idol-Stjörnuleit sem hefst í þriðja sinn í haust, er byrjaður að spenna beltin fyrir keppnina.

Hann segist lítið hafa horft á sjónvarp undanfarin fjögur ár, eða eftir að hann stóð sjálfan sig að því að fylgjast með skjáleiknum klukkan hálfsjö einn morguninn. „Þá sleit ég loftnetið úr sambandi og mér finnst ég ekki vera að missa af neinu,“ segir Páll Óskar. „Ég fer í heimsókn til þess að sjá Eurovision og hef verið plataður í Idol-partí líka, sérstaklega þegar nær dregur úrslitum. Annars hef ég lítið fylgst með Idolinu og ég þarf að fara að kíkja á gamlar myndbandsspólur af íslenska idolinu og sjá hvernig forkeppnin gengur fyrir sig.“

Páll hefur heyrt að fyrstu dagarnir séu hvað erfiðastir fyrir dómarana. „Eina heilræðið sem ég hef fengið er að vera vel sofinn fyrstu dagana. Það borgar sig ekki að vera pirraður fyrir framan keppendur.“

Hann segist ekki ætla að vera nein sérstök týpa þegar hann sest í dómarasætið. „Ég ætla bara að vera ég sjálf, eins og Birgitta Haukdal orðar það. Ég ætla að forðast eins og heitan eldinn að vera eitthvað „nastí.“ Ég ætla ekki að kasta pílum í fólk, ég hef ekki efni á því,“ segir hann og bætir við: „Ég er ekki besti söngvari í heimi sjálfur og alls ekki sá fullkomnasti. Ég trúi á að það sé hægt að segja slæmar fréttir með réttu lýsingarorðunum. Ef ég get leiðbeint fólki áfram skal ég svo sannarlega reyna það en ef þátturinn gengur út á að kasta skít í fólk sem er að opna munninn í fyrsta sinn fyrir framan sjónvarpið og drullupirraða dómnefnd, þá erum við ekkert lengra komin frá ljónagryfjunni í Róm. Mig langar ekki að taka þátt í því. En það er allt í lagi þegar líður á þáttinn og þegar úrslitin nálgast að gera kröfur og berja í borðið ef krakkarnir fara ekki eftir ráðleggingum.“

Skráningu í Idol-keppnina lauk á miðnætti í gær. Fyrir helgi höfðu yfir eitt þúsund ungmenni skráð sig til keppninnar. Að sögn Pálma Guðmundssonar, markaðsstjóra 365-ljósvakamiðla, stefnir í að þátttakan í ár verði meiri en í fyrra. Þá skráðu 1400 ungmenni sig til leiks, sem lauk með sigri Hildar Völu.

„Þetta verður stærsta keppnin sem við höfum haldið. Við leggjum meira í þetta en áður og keppnin verður mun glæsilegri,“ segir Pálmi. Fyrsta áheyrnarprófið hefst á Hótel Loftleiðum í Reykjavík 27. ágúst og þá er um að gera fyrir Pál Óskar og félaga að vera vel sofin og klár í slaginn.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Össur Skarphéðinsson** alþingismaður setti Greenland Open 2005 skákmótið í Tasiilaq á laugardag. Össur er félagi númer 125 í Hróknum og með vaskari liðsmönnum félagsins. Hann ávarpaði samkomuna á menntaskóladönskunni sinni en þetta var í fyrsta sinn sem hann hélt ræðu opinberlega á dönsku. Það verður að segjast að Samfylkingarformanninum fyrrverandi fórst verkið vel úr hendi en í ræðu sinni hvatti hann grænlensk ungmenni til dáða við skákborðið. Mótið í ár er tileinkað minnningu **Haraldar Blöndal** en hann var einn af stofnfélögum Hróksins. Össur minntist Haraldar í ræðunni og sagði hann hafa verið í hópi röskustu manna sem dregið hafa skákvagninn á Íslandi. Össur keppti einnig á mótinu og lýsti því yfir í lok ræðu sinnar að hann stefndi að því að mæta stórmeistaranum **Henrik Danielsen**, sterkasta manni mótsins, á fyrsta borði og tefla til sigurs.



**Kristín Jónasdóttir**, formaður Barnaheilla, lék svo fyrsta leikinn á mótinu, kóngspeði fram um einn reit, og þar með var þriðja alþjóðlega skákmót Hróksins á Grænlandi hafið. Össuri Skarphéðinssyni varð ekki að ósk sinni um að mæta Danielsen, þrátt fyrir ágætt gengi á mótinu, en svo skemmtilega vildi til að hann dróst á móti **Birtu**, dóttur sinni, í fyrstu umferð og stúlkan gerði sér lítið fyrir og mátaði pabba gamla. Össur hafði áður reynt að knýja fram jafntefli, án árangurs, og þurfti því að lokum að lúta í gras.



Fréttablaðið birti í gær vangaveltur um hvaða ljónheppni maður komi til með að hljóta titilinn íslenski piparsveinninn í þáttum sem sýndir verða á Skjá einum í vetur. Nöfn Björgólfs Takefusa, Sindra Sindrasonar, Viktors Blæs Birgissonar og Sölva Snæ Magnússonar voru nefnd sem tillögur Fréttablaðsins. Þessir efnilegu menn voru eingöngu valdir af handahófi enda vita þeir sem fylgst hafa með erlendu fyrirmyndinni að þáttunum að ekki verður ljóst hver fer með hlutverk piparsveinsins fyrr en þættirnir hefjast í september.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. 121.
2. Ásgeir Friðgeirsson.
3. Í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.









## REISUBÓKARBROT

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ER Á SKÁKHÁTÍÐ HRÓKSINS Á GRÆNLANDI.

# Sorgleg örlög kátra krakka

Sjálfsmorð ungs fólks eru líklega hvergi fleiri en á Grænlandi. Tölurnar sem ég hef heyrt hér en sláandi en á þriggja mánaða tímabili í fyrra styttu níu ungmenni í Tasiilaq sér aldur. Þegar ég reyndi að ræða þessi mál við starfsfólk barnaskólans í fyrra var fátt um svör. „Við tölum ekki um þetta. Viljum það ekki,“ sagði fullorðna fólkið og þar við sat. Afstaðan virðist þó hafa breyst til hins betra eftir þessa skelfilegu þriggja mánaða hrinu og öflugu forvarnarstarfi hefur verið hleypt af stokkunum. Forvarnarstarfið beinist fyrst og fremst að sjálfsmorðunum en aukinn kraftur hefur einnig verið settur í áfengisforvarnir en eins og alþjóð veit er áfengisvandinn á Grænlandi yfirgengilegur. Það er fátt í fari litlu krakkanna í Tasiilaq sem bendir til þess að fjöldi þeirra muni kjósa dauðann á unglingsárunum. Gleðin skín úr hverju andliti og það ber ekki á öðru en að lífið sé leikur í þessu náttúrutengda og frumstæða samfélagi. Það þarf þó ekki að grafa djúpt til að finna skýringar. Hér er félagslega meðvitað fólk sem fullyrðir að um helmingur allra barna í Tasiilaq sé misnotaður kynferðislega og sifjaspell sé nánast almennt. Ástandið er svo ömurlegt að það þykir bót í máli að skömmin sem við vitum að nagar fórnarlömb slíks ofbeldis er minni hér vegna þess að svo mörg börn séu saman á þessum hræðilega báti. Barnaheimilið hér er opið um helgar og ungabörn eru oft vistuð þar frá föstudegi til mánudags til þess að hlífa þeim við drykkjunni og ofbeldinu á heimafyrir. Unglingarnir sem ég hef rætt við í bænum eiga allir þann draum heitastan að komast burt sem fyrst. Burt frá alkóhólismanum og fábreytileikanum. Stelpurnar fullorðnast hratt og eru uppteknar af því að vera sætar. Strákarnir tala digurbarkalega; hafa erft hörkuna frá feðrum sínum en dreymir um að knattspyrnukunnátta verði þeirra farmiði burt. Fyrirheitnu löndin eru til dæmis Danmörk, Færeyjar og Ísland en tækifærin eru fá og flóttaleiðirnar þröngar. Mig langaði til þess að taka þau öll með mér heim.



# ÓTRÚLEG VERÐ!



## „GOOD NIGHT SLEEP" DÝNUR

Virkilega góðar og vandaðar dýnur. Fást í tveimur stærðum. 120x203 sm, 153x203 sm, verð 59.900,-. Komdu og skoðaðu þessar dýnur, hreint ótrúlegt verð!

20% AFSLÁTTUR

St. 120 X 203 SM: ÁÐUR 49.900,-

**39.900,-**

FÆTUR FYLGJA MEÐ

SPARIÐ 10.000,-



## PLUS B20 BOXDÝNA 90X200 SM

Afbragðsgóð og miðlungsstíf dýna. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretansvampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Bogafætur fylgja með.

ÁÐUR 29.900,-

**19.900,-**

34% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁN FÓTA

HUMA

DREAMZONE™

**2.500,-**



## BASIC F10

Slitsterkt áklæði. Góður stinnur svampkjarni. 7 sm þykk. Stærð 70x190 sm.

## PLUS S20 SPRINGDÝNA 90x200 SM

Afbragðsgóð miðlungsstíf dýna. 250 pokagormar pr. m2 Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Dýnan er með mjúkri svampfyllingu öðrumegin og stífri svampfyllingu hinumeginn.



SPARIÐ 9.910

50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 19.900,-

**9.990,-**

## PLUS B10 BOXDÝNA 120x200 SM

Draumadýna. Tvöfalt gormalag með fallegu vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Í neðra lagi dýnunnar eru 150 Bonell-gormar á hvern fermetra og í efralagi eru 230 LFK-gormar á hvern fermetra. Miðlungs stíf. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr ofnþurrkaðri, gegnheilli furu



HLÍFÐARDÝNA INNIFALIN

SPARIÐ 10.000,-

34% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 29.900,-

**19.900,-**

120x200 sm. Án fóta.



HLÍFÐARDÝNA INNIFALIN

SPARIÐ 20.000,-

2 STK. EINS OG Á MYND:

VERÐ ÁÐUR: 129.900,-

**109.900,-**

## PLUS E20 RAFMAGNSRÚM

Larsen Lux Family stillanlegt rúm fyrir alla fjölskylduna. Vönduð dýna með svæðisskiptum pokagormum „Comfort Zoner" St. 90x200. Vönduð þykk yfirdýna. Stillanlegur botn með mótor. Falleg bólstruð rúmumgjörð.

**ÞÚ FÆRÐ ALLT ÞETTA**

- Bólstraða umgjörð
- Rafmagnsbotn
- PLUS S20 springdýnu
- Svæðaskipt „Comfort Zoner"
- Vandaða þykka yfirdýnu
- 4 stk. fætur.



HLÍFÐARDÝNA INNIFALIN

SPARIÐ 10.000,-

VERÐ ÁÐUR: 69.900,-

**59.900,-**

90x200 sm. Án fóta.

## GOLD B30 BOXDÝNA 90x200 SM

Dýna með 500 pokagorma pr. m2 og 150 sterkum BONELL-gormum í neðra lagi. pr. m2. Gæðin gerast ekki betri. Endingargott teygjuáklæði. Dýnan er stungin með kaldsvampi, hreinni nýrri ull og latexi að ofan. Miðlungsstíf. Verð án fóta.

**TILBOÐIN GILDA FRÁ 16-18 ÁGÚST 2005**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

| Smáratorgi 1<br>200 Kópavogi<br>510 7000<br>Póstkrafa<br>Smáratorgi 1<br>510 7020 | Holtagörðum<br>v/Holtaveg<br>104 Reykjavík<br>588 7499 | Skeifunni 13<br>108 Reykjavík<br>568 7499 | Glerártorg<br>600 Akureyri<br>463 3333<br>Póstkrafa<br>Glerártorg<br>463 3333 |
|---|---|---|---|

MasterCard · VISA RAÐGREIÐSLUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

**KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR**

## *Darwin, löggur og laxar*

Já, það var kominn tími til að endurskoða vísindakennslu í skólum vestanhafs og kannski ná byltingarkenndar kennsluhugmyndir Georgs mikla í húsinu hvíta að breiðast út um heim. Þar í húsi má líka stundum glöggt merkja hve hægt miðar í þróunarsögunni. Þróunarkenning Darwins hefur löngum farið fyrir brjóstið á meðlimum trúarsafnaða, enda gerir hún alla svo apalega. Í stað þess að kenna skólabörnum um forfeður okkar – apana – vill leiðtoginn í vestri kenna heimshönnuðarkenningu eða intelligent design.

**KENNINGIN** sú byggir á að lífverur séu of flóknar til að þróunarkenningin fái staðist. Skapari hljóti að hafa komið að verkinu. Hendum Darwin út úr líffræðitímunum og tökum inn flóknari fræði, segir Georg mikli. Í þannig vísindakennslu væri líka gaman að fá líffræðilegar skýringar á jólasveinunum, Óla lokbrá og karlinum í tunglinu sem eru svo flókin og óskiljanleg fyrirbæri. Á landinu bláa var hægt að gleðjast yfir liðsauka lögreglunnar í liðinni viku. Sveitirnar eru orðnar svo fjölmennar að þær dunda sér við að elta mótmælendur um koppa og grundir. Þetta veitir hinum almenna borgara mikla öryggistilfinningu svo ekki sé minnst á mikilvæga upplýsingaöflun sem lögregla hefur unnið að við að skrásetja ferðir almennings á hálendinu. Þarna mætti samnýta krafta og fá verði laganna til að spyrja almúgann í leiðinni fyrir Gallup og Félagsvísindastofnun.

**OG** íslensk löggæsla gerir líka garðinn frægan í Bretaveldi. Hér eru forríkir feðgar ekki teknir vettlingatökum og hverjum er ekki sama hvort upptækir pappírar eru vegna debit eða kredit? Sauðsvartir klóra sér í hausnum eina ferðina enn. Er hér á ferðinni alvarlegasta eineltismál Íslandssögunnar eða eru feðgarnir hálir sem álar? Hætt er þó við að margt heimilisbókhaldið þyldi ekki þá smásjá sem feðgarnir eru undir.

**LÝÐURINN** er enn að jafna sig í buddunni eftir stóra bensínbófamálið og engum stórlöxum hefur verið slátrað þar. Í silungsveiði er smáfiskum gjarnan sleppt í von um að þeir veiðist stærri síðar. Í laxveiði er stórlöxum á stundum sleppt í von um að þeir fjölgi sér. En til eru þeir veiðimenn sem vilja um fram allt slátra stórlöxum, stoppa þá upp og sýna til vitnis um afrek sín.





